

Fiskurinn sem munkunum þótti bestur : Islandsskreiðin á framandi slóðum 1600-1800 / Gísli Gunnarsson.

Gísli Gunnarsson, 1938-
Reykjavík : Háskólaútgáfan, 2004.

<http://hdl.handle.net/2027/coo.31924102196619>

HathiTrust



www.hathitrust.org

Creative Commons Attribution

http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-3.0

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). Please check the terms of the specific Creative Commons license as indicated at the item level. For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/3.0/>.

OLIN
ICE
HD
9465
.I32
G57
2004

GÍSLI GUNNARSSON

TISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR



Digitized by Google

Original from
CORNELL UNIVERSITY



FISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR

Íslandsskreiðin á framandi slóðum 1600–1800

Ritsafn Sagnfræðistofnunar

Ritstjóri: Guðmundur Jónsson

38

GÍSLI GUNNARSSON

FISKURINN SEM MUNKUNUM
ÞÓTTI BESTUR

Íslandsskreiðin á framandi slóðum

1600–1800

REYKJAVÍK
HÁSKÓLAÚTGÁFAN
2004

Olin
ICE
HD
9465
I32
G57
2009

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2004
© Gísli Gunnarsson

Þessa bók má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.
Öll réttindi áskilin

Kápu mynd: Munkar af Benediktsreglu snæða fisk í klaustri á Norður-Ítalíu á öndverðri 16. öld. Málverk eftir ítalska endurreisnarmálarann Giovanni Antonio Bazzi.
Mynd aftan á kápu: Skjaldarmerki einnar greinar Eggersættarinnar í Hamborg.

Meginmál bókarinnar er sett með 11 pt. Garamond lettri á 13 pt. fæti. Bókin er prentuð á 90g Kimlux pappír.

Umbrot: Háskólaútgáfan
Prentun: Gutenberg

ISBN 9979-54-607-7

EFNI

| | |
|--|----|
| Formáli | 9 |
| 1. Inngangur: Ferðalagið merkilega með íslensku kaupstaðarskreiðina | 13 |
| 2. Fagur fiskur í sjó og á landi | |
| 2.1. Aðbúnaður sjómanna og slysaþætta | 19 |
| 2.2. Slóðir þorsksins um vetur og sumar og jafnvægi bjargræðisveganna | 20 |
| 2.3. Hvenær kom saltfiskur í stað skreiðar? | 22 |
| 2.4. Hve margir stunduðu fiskeveiðar? Hve mikið var dregið úr sjó? | 24 |
| 2.5. Fagur fiskur á landi | 25 |
| 3. Fljótaleiðir í Evrópu | 29 |
| 4. Saga Holtsetalands og Hamborgar og ævintýri Danakónga á þeim slóðum. Ísland og Hamborg fyrr á tímum | |
| 4.1. Ísland, Danmörk og Þýskaland | 37 |
| 4.2. Upphaf héraðsins og borgarinnar | 37 |
| 4.3. Stjórnarfar og stofnanir í Hamborg | 41 |
| 4.4. Efling og vöxtur Hamborgar | 44 |
| 4.5. Skipting Holtsetalands | 46 |
| 4.6. Átök Hamborgar við nágrannaríki | 48 |
| 4.7. Átök Hamborgar við Danakonung á 17. öld | 49 |
| 4.8. Lausn á deilum að síð 18. aldar og seinni tíma lagfæringar á henni | 55 |
| 4.9. Borgin Altona | 57 |
| 4.10. Hannes Eggertsson/Hans Eggerdes | 59 |

| | | |
|-------|---|-----|
| 5. | Hamborg: Mikilvægur hlekkur í sölu Íslandsskreiðar | |
| 5.1. | Fjöldi skipa í siglingum frá Hamborg til Íslands | 63 |
| 5.2. | Hve mikilvæg var Íslandsskreiðin Hamborgarmönnum á 18. öld? | 64 |
| 5.3. | Skreiðarverslunin milli Kaupmannahafnar og Hamborgar 1743–1759 og verðmæti hennar | 65 |
| 5.4. | Sala Íslandsskreiðar í Glückstadt 1715–1718 | 67 |
| 5.5. | Breytingar á sölu Íslandsskreiðar 1758 og 1768 | 72 |
| 5.6. | Efling Kaupmannahafnar og lokun vöruhússins í Glückstadt | 74 |
| 5.7. | Skreiðinni siglt til Miðjarðarhafs, fljótaleiðir nýttar minna en áður | 75 |
| 5.8. | Helstu skreiðarkaupmenn í Hamborg á 18. öld | 77 |
| 5.9. | Gæði Íslandsskreiðar og heiti hennar í Norður-Þýskalandi | 79 |
| 5.10. | Íslandsskreið í Prag og Klosterneuburg | 82 |
| 6. | Verð Íslandsskreiðar í Hamborg | |
| 6.1. | Verðlagsskrárnar í Hamborg | 87 |
| 6.2. | Verðsveiflurnar á Íslandsskreið | 88 |
| 6.3. | Verðsamanburður á íslenskri og norskrri skreið | 90 |
| 7. | Samantekt | 93 |
| | Viðaukar | |
| | Mælieiningar þyngdar og verðs | 99 |
| | Tafla: Söluverðmæti íslenskrar kaupstaðarskreiðar í Hamborg 1736–1800 | 101 |
| | Summary | 103 |
| | Heimildaskrá | 107 |
| | Myndaskrá | 115 |
| | Ritsafn Sagnfræðistofnunar | 116 |

Töflur og myndrit

| | |
|---|-----|
| Tafla 1.1. Verðmyndun kaupstaðarskreiðar 1750 | 14 |
| Tafla 5.1. Útflutningur Íslandsskreiðar til Hamborgar 1743–1759 um vöruhús Íslandsverslunarfélags í Kaupmanna- höfn og Glückstadt | 66 |
| Tafla 5.2. Verðmæti útflutnings til Hamborgar um Glückstadt 1715–1718 | 71 |
| Myndrit 6.1. Verð á Íslandsskreið í Hamborg 1736–1800 | 89 |
| Tafla 6.1. Samanburður á verði Íslandsskreiðar og norskra fiskafurða á mörkuðum Hamborgar 1736–1800 | 91 |
| Tafla í viðauka. Söluverðmæti íslenskrar kaupstaðarskreiðar í Hamborg 1736–1800 | 101 |

Formáli

Þegar ég vann við doktorsrit mitt um einokunarverslunina 1602–1787 í Lundi í Svíþjóð og á skjalasöfnum í Kaupmannahöfn (Rigsarkivet og Stadsarkivet) á tímabilinu 1974–1983 rakst ég oft í bókhaldi kaupmanna á nöfn einstaklinga í Hamborg sem keyptu meginhluta alls fiskmetis sem þá var flutt út frá Íslandi. Um var að ræða kaupmannafjölskyldurnar Persent, Printz og Mumssen. Þar sem fiskútflutningur var í raun og veru forsenda íslenskrar utanlandsverslunar, þá eins og fyrr og síðar, vöktu þessi nöfn sérstaka forvitni mína: Hverjir voru þessir Hamborgarmenn sem sköpuðu grundvöll undir íslenska utanríkisverslun á 18. öld og sennilega einnig á fyrri tveimur öldum þar á undan? Hvert seldu þeir Íslandsskreiðina? Til samborgara sinna í Hamborg eða eitthvað annað? Skúli Magnússon gaf til kynna árið 1785 að skreiðin hafi einkum verið seld á fjarlægum mörkuðum langt frá Kaupmannahöfn og Hamborg en nefndi enga staði.

Fyrir einskæra tilviljun rakst ég á frásögn kaupmannsins og senatorsins í Hamborg, Johanns Michels Hudtwalckers, þar sem hann um aldamótin 1800 ræddi æskuár föður síns Jacobs Hinrichs (1710–1781). Þar var m.a. rætt um skreiðarverslun Hamborgarmanna fyrr á 18. öld og var þar getið sömu nafna og ég hafði fundið í bókhaldsgögnum danskra einokunarkaupmanna.

En ósvarað var bæði spurningum um kaupmenn þessa, um mikilvægi Íslandsskreiðar fyrir utanríkisverslun Hamborgar, um mismuninn á kaupverði hennar og söluverði og síðast en ekki síst: Hvert seldu Hamborgarmenn vöru þessa? Þegar ég loksins kom mér til Hamborgar vorið 1992 í rannsóknarleyfi voru allir sagnfræðingar sem ég hittir sannfærðir um að verslun með íslenskar vörur hefði hætt þar í borg eftir innleiðingu einokunarverslunar Dana á Íslandi 1602 og vitnuðu þeir í sagnfræðinginn merka, Ernst Baasch, og rit hans um Íslandsverslun Þjóðverja fyrr á öldum máli sínu til stuðnings (sbr. heimildaskrá). Heimildir mínar úr dönskum gögnum og frásögn Hudtwalckers, sem hafði „gleymsst“, vöktu samt forvitni en þetta tvennt dugði ekki til að afneita sannindum Baasch.

Ég heimsótti Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn eftir dvöl mína í Hamborg til að skoða ýmsar þýskar bækur. Þar rakst ég á bók sem mér hafði verið bent á í Hamborg eftir Ernst Pitz um tollamál Hamborgar frá árinu 1961. Þá komst ég að því hvert Hamborgarmenn hefðu selt fisk-

inn og hvernig þeir hefðu metið hann. Ég sendi afrit úr bók Pitz á Ríkisskjalasafnið í Hamborg og bað um frumheimildir hans, skjalavörðum til undrunar. Baasch var þá ekki alvitur lengur!

Í rannsóknarmisserum mínum 1995 og 1998 var aftur haldið til rannsókna á ríkisskjalasafninu í Hamborg og ekki síst í Verslunarskjalasafninu þar í borg. Þaðan lá leiðin til þeirra borga sem keyptu fiskinn af Hamborgarmönnum, Vínar og Prag. Einnig sótti ég heim skjalasafnið í Slésvík og endurnýjaði kynni mín við ýmis gögn við skjalasöfnin í Kaupmannahöfn.

Lestur skjala og fjölmargra heimildarita og þar með undirbúningur frekari rannsókna fór að miklu leyti fram hér á Íslandi og við túlkun á skjölum, sem voru á gamalli þýsku, oft með erfiðu gotnesku lettri, veittu hjónin Sigfús Haukur Andrésón sagnfræðingur og Dr. Gudrun Lange mér ómetanlega aðstoð. Sum gömul skjöl voru á lágþýsku og lettri 16. aldar; við túlkun þeirra í Hamborg veitti Dr. Klaus-Joachim Lorenzen-Scmidt, sem þá var skjalavörður við Staatsarchiv Hamburg, mér mikilvæga aðstoð. Lorenzen-Scmidt hjálpaði mér einnig við skjalaleit á stóru og miklu safni sínu. Án góðs stuðnings þessa fólks hefði bók þessi ekki orðið til.

Eins og fram kemur í bókinni voru viðtökur skjalavarda í ýmsum löndum í upphafi mjög misjafnar, en skjalasöfnunin gekk stundum betur eftir að ég var horfinn á braut! Í þessu sambandi minnst ég einkum Ágústínusarmunksins í klaustrinu í Klosterneuburg í Austurríki; þakinn sem hann sendi mér eftir veruna á safni hans geymdi ómetanlegar heimildir. Því miður lét hann mig aldrei fá nafn sitt; reikna ég með að hann vilji láta þakklætið ganga til kirkju sinnar og klausturs.

Yfirmaður landsskjalasafnsins í Schleswig–Holstein var Martin Reissmann en svo skemmtilega vildi til að ég hafði stuðst nokkuð við doktorsritgerð hans frá 1975 við ritun doktorsritgerðar minnar 1983. Hann lagði sig fram við að veita mér hámarksþjónustu á frábærlega vel skipulögðu safni sínu í smáborginni Slésvík á vordögum 1995.

Starfsfólk Kommerzbibliothek Hamburg (Verslunarbókasafns Hamborgar) veitti mér alla umbeðna aðstoð og meira til, viku að mér ýmsu sem ég vissi ekki um áður.

Bunki safnaðra og rannsakaðra heimilda lá lengi lítt hreyfður. Önnur verkefni mín fengu forgang í nokkur ár. Á þessu ári, 2004, ákvað ég að það væri núna eða aldrei; ég yrði að gera bók úr þessum heimildum sem fyrst.

FORMÁLI

En engin þessara mörgu heimsókna til framandi skjala- og bókasafna, mikil könnun skjala, og endanlega ritun þessara bókar, hefði verið möguleg ef ekki hefði komið til fastráðning mín sem kennara við Háskóla Íslands sem veitti mér rétt til að fá rannsóknarmisseri og dagpeninga meðan framkvæmd þessa verkefnis fór fram. Þetta fyrirkomulag í ráðningamálum háskólakennara var fjárhagsleg forsenda þess að framkvæmdir voru þær rannsóknir sem eru efnislegur grundvöllur þessa kvers.

Það er athyglisvert í minningunni að bera saman aðstöðu mína við að skrifa þetta rit og doktorsritgerð mína 1983, *Monopoly Trade and Economic Stagnation. Studies in the Foreign Trade of Iceland 1602–1787*. Þótt vissulega hafi margir stutt mig við þá smíði, eins og fram kemur í „Þakkarorðum“ (Acknowledgements) í doktorsritinu, vann ég að því að mestu leyti óstuddur og án öruggs fjárhagslegs bakhjarls meginhluta tímans. Þetta er ólíkt því þegar fastráðinn háskólakennari stundar rannsóknir, sá hefur stuðning af starfi sínu eins og hér hefur verið rakið.

Sá stuðningur sem ég fékk við samningu doktorsritgerðarinnar var því ekki aðeins mikill, hann var líka utan stofnana og krafðist stöðugs velvilja annarra. Þennan stuðning fékk ég og þegar ég lít til baka veit ég hvaða stuðningur kom mér þá best: Það var stuðningur eiginkonu minnar, Sigríðar Ingileifar Sigurbjörnsdóttur. Hún þoldi það að ég fór úr föstu starfi sem framhaldsskólakennari og eyddi um fjórtán árum í lausamennsku hins væntanlega doktors og háskólakennara, með lítil börn á framfæri. Slíkt hefði aldrei gerst án óbrigðullar trúar hennar á að þessi fórn fyrir mig og fræðimenskuna tækist. Þetta tók samt nokkuð á okkur bæði.

Pétur Hrafn Árnason aðstoðaði mig við undirbúning bókarinnar, skannaði og lagfærði myndir, og dró upp tvö kort. Það er mikls virði að geta notið góðrar þekkingar og öruggrar vinnu fagmanns eins og Péturs. Ritstjóri Ritsafns Sagnfræðistofnunar, Guðmundur Jónsson dósent, hefur verið óþreytandi að benda mér á ýmislegt sem betur mætti fara í riti þessu, bæði í framsetningu og í efni. Ég hef í meginatriðum fylgt góðum ráðum hans um framsetningu, en verið óráðþægur mjög þegar um er að ræða efnisbreytingar og ber ég auðvitað einn ábyrgðina á riti þessu, bæði göllum og hugsanlegum kostum.

Árnagarði, í haustmánuði 2004

Gísli Gunnarsson

1. Inngangur: Ferðalagið merkilega með íslensku kaupstaðarskreiðina

Íslenska kaupstaðarskreiðin var sú framleiðsluvara landsins sem erlendir kaupmenn sóttust einkum eftir og því má segja að hún hafi verið forsenda íslenskrar utanríkisverslunar fyrr á öldum.

Íslenska skreiðin var ekki í háu verði þegar framleiðendur seldu hana dönskum einokunarkaupmönnum. Í höndum þessara kaupmanna var álagning á skreiðinni há, enda þurftu þeir bæði að greiða með henni verslunarkostnað og hafa einhvern hagnað af viðskiptunum. Hamborgarmenn, sem keyptu meginhluta skreiðarinnar og raunar verðmætasta hluta hennar, fengu einnig mikið fyrir sinn snúð. Allt þetta má sjá á töflu 1.1, þar sést hvert verðlag var á skreiðinni fullunninni á öllum stigum dreifingarferlisins.

Sá íslenski þorskur sem að endingu lenti á borðum tiltölulega ríkra Evrópubúa komst fyrst í samband við fulltrúa mannlegs samfélags þegar hann var dreginn úr sjónum á grunnslóð við Íslandsstrendur. Þar í landi var hann síðan verkaður og ef um kaupstaðarskreið var að ræða, þurfti að vanda vel til verksins. Þá kom hann á markað og var markaðssetningin með flutningskostnaði, tollum og álagningu stærsti kostnaðarliðurinn.

Álagning danskra kaupmanna á kaupstaðarskreiðina var raunar há svo þeir gætu staðið straum af stærstum hluta kostnaðarins við alla verslun sína í landinu og á þann hátt greiddu þeir óbeint niður verð á innflutningsvörum til landsins.¹

Hamborgarkaupmenn keyptu dýrmætustu skreiðina og áttu stærstan þátt í því að koma henni á markað. Eins og sjá má í töflu 1.1 um verðlag Íslandsskreiðarinnar árið 1750 var mikill munur á kaupverði hennar og söluverði. Vafalaust hefur það kostað Hamborgarmenn talsvert að koma skreiðinni á markað erlendis sem var aðallega í kaþólskum löndum Mið-Evrópu. Söluverðið var 82% hærra en kaupverðið. Í þessu fólust auðvitað ýmis útgjöld eins og tollagreiðslur til borgarinnar, sem að vísu voru ekki háar, geymslu- og flokkunarkostnaður í heimaborginni og þóknun fyrir að útvega kaupendur að vörinni sunnar í Þýskalandi.

¹ Þetta er raunar meginþema í bók minni, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787*.

FISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR

Tafla 1.1. Verðmyndun kaupstaðarskreiðar 1750

Danskir skildingar kúrant

| | Skildingar | Vísitala |
|---|------------|----------|
| 1. Kaupverð skreiðarinnar á Íslandi | 348 | 100 |
| 2. Kostnaðarverð skreiðarinnar á Íslandi ¹ | 672 | 193 |
| 3. Söluverð á mörkuðum Kaupmannahafnar | 1200 | 345 |
| 4. Verð sem kaupmenn Hamborgar greiddu fyrir skreiðina ² | 1344 | 386 |
| 5. Söluverð skreiðarinnar á mörkuðum Hamborgar ³ | 2444 | 702 |
| 6. Kaupverð klaustursins í Klosterneuburg nálægt Vínarborg ⁴ | 3781 | 1086 |
| 7. Reiknað kaupverð skreiðarinnar í Strachovklaustri, Prag ⁵ | 5090 | 1463 |

Skýringar:

1. Þar sem um er að ræða vöruskiptaverslun og bæði innflutningur/útflutningur voru oft á lægra verði en markaðsverðið sagði til um, reiknuðu kaupmennirnir út kostnaðarverð sitt. Í þeirri tölu var bætt við öllum verslunarkostnaði: frakt, launum, tryggingum o.s.frv.
2. Aðallega selt í vöruhúsum félagsins í Glückstadt. R.A. Fol. reg. 1 og 10–12
3. Munurinn á innkaupsverði Hamborgarkaupmanna og söluverði þeirra árið 1750 virðist hafa verið mjög venjulegur. Verðmætisaukinn var 82%. Þar sem sveiflur voru talsverðar á söluverðinu í Hamborg og gengissveiflur miklar milli Hamborgarríkisdals *banco* og danska kúrantdalsins notaði ég meðaltal áranna 1748–1752 til að reikna út söluverðið í Hamborg „árið 1750“. Sjá enn fremur töflu í viðauka bls. 100.
4. Hér er gengið út frá því að *Flachfische* í klaustursreikningum 1688 sé sama vara og *Stockfische teure Sorte* árið 1750. Sjá nánar kafla 5.10.
5. Klaustrið keypti árið 1776 alls 200 pund af *Flachfisch* fyrir 56 gyllini sem nam 28,5% af innkaupum klaustursins á því ári. Sömu verð- og þyngdareiningar voru þá í Vín og Prag. Ekki eru til upplýsingar um innkaup í Strachovklaustri árið 1750. Meðalverð á *Flachfisch* í Hamborg var 33% dýrara 1776 en það var árið 1750. Verðið sem hér er lagt til grundvallar „fyrir árið 1750“ er því 21 gyllini fyrir 100 pund, 75% kaupverðsins 1776.

Heimildir: Fyrir liði 1–4: Skúli Magnússon, *Beskrivelse af Gullbringu og Kjósar Sýslur*; Sami höfundur, *Forsög til en kort Beskrivelse af Island*; Rigsarkivet i København; Friis og Glamann, *A History of Prices and Wages in Denmark*. Fyrir lið 5: *Kommerzbibliothek, Hamburg Preis-Courant der Wahren in Partheijen*, Um gengistöflur, Friis og Glamann, *A History of Prices and Wages in Denmark*. Fyrir lið 6: Pribram, *Materialen zur Geschichte der Preise und Löhne in Österreich*, bls. 2–5, 27–29, 123–125, 485. Fyrir lið 7: SÚA. Askja 370, skjöl Strachovklaustursins; *Kommerzbibliothek Hamburg. Preis-Courant der Wahren in Partheijen*; Pribram, *Materialen zur Geschichte der Preise und Löhne in Österreich*, bls. 31, 123–125.

INNGANGUR

Líklegt er þó að verðið í Klosterneuburg við Vín og Strachovklaustri í Prag feli í sér flutnings- og tollakostnaðinn frá Hamborg, en söluverð skreiðarinnar hækkaði um 55–108% á leiðinni frá Hamborg til kaupenda í Mið-Evrópu. En sennilega er réttast að reikna fyrst og fremst mismuninn á endanlegu kaupverði neytenda í Mið-Evrópu og söluverði Íslandskaupmanna á skreiðinni. Þessi mismunur nam 181–278% og hefur falið í sér allan kostnað, þar á meðal flutning og tolla, frá Kaupmannahöfn/Glückstadt um Hamborg og Saxelfi til neytenda, svo og hagnað Hamborgarmanna og hugsanlega fleiri milliliða.

Því er það að þeir sem sáu að öllu leyti um framleiðslu þessara vöru, íslensku kaupstaðarskreiðarinnar, fengu aðeins um 8% af endanlegu söluverðmæti hennar á fjarlægum mörkuðum. Mismunurinn lenti í höndum fjölmargra milliliða. Þetta lága verð, sem kom í hendur framleiðenda, hafði það í för með sér að ekki var til fjármagn til að kaupa ný og betri tæki til framleiðslunnar. Það minnkaði einnig löngun Íslendinga til að stunda fiskveiðar eða framleiða kaupstaðarskreið. Þannig að bæði léleg tækni við framleiðsluna og lágt kaup sjómanna drógu úr framleiðslunni og þar með úr framboðinu.

Góður hagnaður Hamborgarmanna á skreiðarsölunni var tvímæla-
laus eða eins og Johann Michael Hudtwalcker kaupmaður komst að orði: „Hagnaðurinn sem þau (skreiðarsölufyrirtækin) fengu af þessari fiskverslun var mjög mikill.“² Hvatinn að rannsókn þessari var einmitt frásögn þýska kaupmannsins og senatorsins (borgarráðsmannsins) Hudtwalckers (1747–1818) af viðskiptum kaupmanna í Hamborg með íslenska skreið um miðja 18. öld og áratugina þar á undan og eftir. Frásögn þessa hef ég að meginhluta birt áður.³ Það sem einkum vakti athygli mína var hve vel frásögn þessi samræmdist bókhaldsgögnum einokunarkaupmanna. Rétt er í þessu samhengi að birta aftur þessa frásögn sem er ævisöguágrip föður Johanns Michaels, Jacobs Hinrichs Hudtwalckers (1710–1781).⁴

Faðirinn, Hudtwalcker eldri, var í þjónustu fiskikaupmanns á tíma-
bilinu 1727–1743, en stofnaði eigið fyrirtæki árið 1743 og verslaði

² Hudtwalcker/Tesdorpf, „Handschriftlichen Nachlass“, bls. 155.

³ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 100–101.

⁴ Johann Michael Hudtwalcker, „Handschriftlichen Nachlass“, bls. 151–181. Þessar minningar Hudtwalckers voru skrifaðar um 1790 en Oskar Tesdorpf gaf þær út 1894.



Mynd 1.1. *Kaupmaðurinn og senatorinn Johann Michael Hudtwalcker 1747–1818. Skrif hans um föður sinn voru kveikjan að þessari bók.*

kaþólskra landa Þýskalands og Ungverjalands, og kaþólikkar í löndum mótmælenda. Þeir föstuðu í sex vikur á ári hverju og á öllum föstudögum að auki. Hudtwalcker skýrði uppruna orðsins fasta með *fisch essen*, þ.e. að éta fisk!⁸ Því var það að fordómafullu pápistarnir átu aðeins fisk um föstuna svo og á föstudögum, og voru þannig fiskætur stóran hluta ársins.⁹

með fiskafurðir.⁵ Mikilvægustu fiskafurðirnar í Hamborg á 18. öld voru síld og skreið. „Síldina keyptu Hamborgarkaupmenn af Hollendingum, Englendingum, Skotum og Norðmönnum. Fiskkaupmenn Hamborgar voru völdugustu dreifingaraðilar síldar í Þýskalandi, þó með mikilvægum undantekningum, t.d. í Rínarhéraðum, en þar réðu Hollendingar mestu um verslunina.“⁶ Aðalneytendur síldarinnar voru þýskir hermenn.⁷ „Að sögn Hudtwalckers voru neytendur skreiðarinnar íbúar

⁵ Í upphafi verslaði Hudtwalckerfjölskyldan aðallega með lýsi. Sonurinn og höfundurinn, Johann Michael, tók við fyrirtækinu við lát föður síns og jók vöruúrval þess. Fyrirtæki þetta er ennþá starfandi í Hamborg og hefur nú áttunda kynslóð af Hudtwalckerættinni í beinan karlegg tekið við stjórn þess. Enn fremur má geta þess að eitt af helstu strætum Hamborgar heitir eftir þeim feðgum.

⁶ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 101.

⁷ Hudtwalcker, „Handschriftlichen Nachlass“, bls. 154.

⁸ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 101.

⁹ Rétt er að geta þess að Hudtwalckerfjölskyldan var lúthersk og andkaþólsk eins og

INNGANGUR

Hamborg fullnægði þessari eftirspurn eftir skreið „aðallega með því að útvega þann fisk, sem munkunum og prestunum þótti bestur, en það var íslenska skreiðin.“¹⁰

Meginmarkmið þessa ritverks er að ræða „örlög íslensku skreiðarinnar“, „ferðalagið merkilega með íslensku kaupstaðarskreiðina“ frá Íslandi til neytenda í Mið-Evrópu og verður þá einkum kannað hlutverk Hamborgarmanna í þessu „ferðalagi“. En byrjað verður á því að rekja fiskveiðarnar við Ísland og framleiðslu skreiðarinnar í landinu (kafla 2). Þessu næst verða kynntar forsendur þess að Hamborg gegndi veigamiklu hlutverki í dreifingu skreiðarinnar en þær voru fljótaleiðir Þýskalands, og nauðsynlegt er einnig að ræða samfélagsþáttinn, að kynna sögu og stjórnarfarsaðstæður Hamborgar (kaflar 3 og 4). Þessi saga er rakin nokkuð nákvæmlega til þess að mikilvægi Hamborgar fyrir verslun á Norðurlöndum skiljist. Þessi saga tengist síðan náið sögu landsvæðisins Slésvík-Holtsetalands en baráttan um yfirráðin þar mótaði mjög danska sögu, sem einnig var saga Íslands, fram á 20. öld.

Í ítarlegum kafla, þeim fimmta, er fjallað um kaup og sölu Hamborgarmanna á íslensku skreiðinni og flutning hennar til borga í Mið-Evrópu. Í sjötta kafla er fjallað um verðlag Íslandsskreiðar í Hamborg 1736–1800. Í sjöunda kafla er samantekt á efni bókarinnar.

vera bar í Hamborg á þessum tíma, einkum ef um fyrirmenn eða fólk á framabraut var að ræða. Jóhann Michael hefur einnig verið maður upplýsingarinnar, sbr. andúð hans á fordómum.

¹⁰ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 101; Hudtwalcker, „Handschriftlichen Nachlass“, bls. 195. Íslenska skreiðin hét Flachfisch.

2. Fagur fiskur í sjó og á landi

Ekki hefur verið mikið skrifað um aðbúnað sjómanna eða þeirra sem skreiðina verkuðu. En þeir sem hafa séð rústir gamalla verbúða geta auðveldlega séð fyrir sér að ekki var mikið lagt í það að hafa starfskjörin góð. Í raun má segja að verbúðirnar hafi yfirleitt verið verstu hús sem til voru á Íslandi og voru þau þó yfirleitt léleg, þóttu almennt bæði köld og lek.

2.1. Aðbúnaður sjómanna og slyshætta

Skinnklæðin sem sjómenn klæddust voru engan veginn eins vatnsheld og seinni tíma búningur sjómanna. Fiskiskipin voru yfirleitt litlir róðrarbátar og drukknun á sjó var algeng eins og síðar verður vikið að. Þeir sem um verkunina sáu, sem vafalaust hafa oft verið konur, bjuggu ekki við betri kost en voru þó ekki í sömu hættu og sjómennirnir að verða fyrir lífshættulegu vinnuslysi.

Um aðbúnað sjómanna má lesa í bókum Lúðvíks Kristjánssonar, *Íslenskir sjávarhættir*.¹ En þær bækur gefa ekki jafngóða mynd af lífi og kjörum fólks og t.d. bók Jónasar Jónassonar, *Íslenskir þjóðhættir*, gefur af kjörum þeirra sem stunduðu landbúnað.

Danski læknirinn P.A. Schleisner rannsakaði sjúkdóma og slys á Íslandi á fimmta áratug 19. aldar. Hann komst þannig að orði: “Samkvæmt þeim rannsóknum sem ég hef gert, er varla nokkurt land þar sem hlutfall drukknæðra er eins hátt og hér [þ.e. Íslandi]. Á Íslandi hafa næstum allir sem hafa drukknæð farist við fiskveiðar á sjónum og aðeins hluti þeirra á ferðum yfir hættulegar jökulár”.² Hann skrifaði enn fremur: „Ég held

¹ Lúðvík ræðir um fæði og báta í 2. bindi, klæði í 3. bindi og verk og leiki í landlegum í 4. bindi. Enn fremur er vikið að verkun fisks í bindi 4, bls. 303–323, en sú umfjöllun er ekki eins ítarleg og hjá Ólafi Olaviusi og Skúla Magnússyni á 18. öld, hugsanlega þó með þeirri undantekningu að Lúðvík ræðir ítarlegar en þeir um tvær tegundir skreiðarvinnslu, *hængefisk* og ráskerðing, eða hnackaflattan og ráhertan fisk eins og Lúðvík nefnir þessa verkunaræðferð. Hún var einkum notuð á heimaslóðum höfundar á Snæfellsnesi.

² Schleisner, *Island undersøgt fra et lægevidenskabeligt Synspunkt*, bls. 89. Íslensk þýðing höfundar.

varla að sá skattur sem fiskiplássinn þurfi árlega að greiða ríkinu í samræmi við afla sinn á ári hverju, sé lagður á með sömu nákvæmni og reglusemi og það gjald sem plássinn verða árlega að fórna til sjávarins.“³

Schleisner reiknaði út hve margir karlar drukknuðu í hlutfalli við heildarfjölda þeirra á aldrinum 15–60 ára og bar tölurnar saman við drukkun í Færeyjum og Danmörku. Niðurstaðan var að af hverjum 1000 körlum 15–60 ára drukknuðu árlega 3,5 karlar á Íslandi, 2 í Færeyjum og 0,7 í Danmörku.⁴ Drukknun var dánarorsök í 25,4% tilvika hjá íslenskum körlum á aldrinum 15–60 ára.⁵

Fróðlegt er að skoða heildarskrá Schleisners um dánarorsakir og er hún miðuð við alla landsmenn 1827–1837. Drukknun nam 3,3%, dauði vegna annarra slysa 5,2% og kvenna við barnsfæðingu 0,7%.⁶ Hlutfall drukknaðra af heildarfjölda dáiinna fór hækkandi eftir 1837 og fór ekki að lækka fyrr en eftir 1945 en þó einkum eftir 1970.⁷

Þessar tölur segja þó ekki nema hálfra söguna af dánartíðni vegna sjósóknar því að sumir landsmenn sóttu sjóinn stutt og aðrir ekkert. Best er sennilega að athuga dánartíðni vegna drukkunar á einhverjum stað þar sem nær allir karlmenn á vinnufærum aldri stunduðu sjó. Augljósa úrtakið til að gera þessa könnun eru Vestmannaeyjar. Þar drukknaði árlega 1,75% allra karla á aldrinum 15–60 ára⁸, sem merkir einfaldlega að reikna má með að meirihluti sjómanna í eyjunum hafi lokið ævinni við fiskveiðar.

Ekki verður fjallað ítarlegar um fórnarkostnað Íslendinga við að skapa dýrmæta útflutningsvöru, en rétt er að hafa í huga að sá kostnaður var umtalsverður, og illa var greitt fyrir hann.

2.2. Slóðir þorsksins um vetur og sumar og jafnvægi bjargræðisveganna

Á grunnslóðum sunnanlands og vestan er um vetur hæfilegur sjávarhiti fyrir þorskinn, og þá er einnig hámarksuppstreymi næringarefna. Því er þar að

³ Sama heimild, bls. 50.

⁴ Sama heimild, bls. 88.

⁵ Sama heimild, bls. 89.

⁶ Sama heimild, bls. 37–38.

⁷ *Hagskinna*, bls. 195.

⁸ Schleisner, *Island undersøgt fra et lægevidenskabeligt Synspunkt*, bls. 89.

finna helstu hrygningarstöðvar þorsksins. Hins vegar er sjórinn nær lífvana á grunnslóð norðanlands og austan seinni hluta vetrar vegna lágs hitastigs og takmarkaðs uppstreymis næringarefna.⁹ Þetta snýst svo við á sumrin; sjór fyrir Suðurlandi og Vesturlandi verður oft fullhlýr fyrir þorskinn og uppstreymi næringarefna minnkar, en jafnframt verða kjöraðstæður fyrir þorskinn norðanlands og austan, sem syndir á ný mið í samræmi við þessar breytingar í hafinu. Auk þess voru uppeldisstöðvar þorsksins að mestu leyti norðanlands og austan þar sem svifin bárust réttisæl frá hrygningarstöðvunum sunnanlands og vestan til grunnslóða við Norður- og Austurland.

Aðalvinnan í íslenskum landbúnaði fór fram að sumri til þegar heyjað var fyrir veturinn. Það kom því fólki vel að geta stundað sjóinn að vetri til, en aðalvertíðin sunnanlands og vestan stóð frá janúar fram í júní-byrjun, bæði beint frá býlum en ekki síður frá verstöðvum sem þar mynduðust. Vegna nálægðar við miðin voru fiskveiðar á vetrarvertíð auðveldari fólki sunnanlands og vestan en norðanlands og austan.¹⁰

Sumarveiðar tíðkuðust auðvitað einnig um land allt, og ekki síst norðanlands og austan, en hængur var á framkvæmdinni. Þær gátu rekist á vinnuafsfrekan landbúnaðinn. Verst var þó hve erfitt var að geyma sumaraflann. Um leið og hlýnaði á vorin fór „flugan“ á kreik og eyðilagði alla möguleika til vindþurrkunar fisksins, m.ö.o. til skreiðarvinnslu. Ef ekki var til salt var erfitt að varðveita sumarveiðina, en salt var dýrt í versluninni á 17. öld og fram yfir miðja 18. öld. Danskir kaupmenn keyptu á þessum tíma mest allt salt úr námum í Norður-Þýskalandi og Póllandi sem var umtalsvert dýrara en það sem framleitt var í Suður-Evrópu með vinnslu úr sjó við sumarhita og þurrt veður.

⁹ Um sjávarhita á grunnslóðum við Ísland, sjá Unnsteinn Stefánsson, „Sjávarhiti á siglingaleið umhverfis Ísland“, bls. 133–135. Um kjörhitastig þorsksins á ýmsum æviskeiðum hans má lesa í bók Coull, *The Fisheries of Europe*, bls. 40–44, svo og í bók Sigfúsar Jónssonar, *Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu. öld*, bls. 67–68. Í bók Sigfúsar má einnig lesa um göngur þorsksins við Íslandsstrendur, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar.

¹⁰ Vertíðir norðanlands og austan hófust yfirleitt um haust og stóðu langt fram á vetur, sjá Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir II*, bls. 375–377. Nægur sjávarhiti fyrir þorskinn var á þessum slóðum allt fram í nóvember sbr. Unnsteinn Stefánsson, „Sjávarhiti á siglingaleið umhverfis Ísland“, bls. 169. Skreiðarverkun gat því farið fram um hávetur í þessum landshlutum. Hættan á frostsKemmdum var augsýnilega miklu meiri á þessum tíma en á vetrarvertíðinni sunnanlands og vestan, enda var lítið um verkun á kaupstaðarskreið frá höfnum norðanlands og austan.

Ólafur Olavius fjallar nokkuð um fiskveiðar í riti sínu frá 1778. Hann ræðir um vandamál Norðlendinga við fiskveiðar og telur þau einkum vera að þeir hafi ekki eiginlega vetrarvertíð á grunnslóðum sínum. Sumar- og haustveiðin nýtist þeim ekki sem skyldi vegna þess að ekki sé til salt til að verka fiskinn.¹¹ Hann nefnir sérstaklega að of lítið sé um vana fiskimenn í landinu og þetta ástand hafi ríkt allt síðan í Stórubólu 1707–1708.¹² Oft vanti í versluninni ýmsar vörur til sjávarútvegs, nagla, salt og snæri, eða að þær séu á of háu verði eins og tjara, járn og timbur.¹³ Léleg innanlandsverslun hái fiskveiðunum þar sem oft skorti nauðsynlegar landbúnaðarvörur í fiskiplássum.¹⁴ Það dragi úr fiskveiðum að reynt sé að hindra leiguliða í að eignast báta með því að þvinga þá til að róa á bátum landeigenda.¹⁵ Ýmsar tillögur aðrar er Olavius með til úrbóta sem ekki koma beinlínis efni þessa rits við en eru eigi að síður forvitnilegar.¹⁶

2.3. Hvenær kom saltfiskur í stað skreiðar?

Vandamál fiskveiða norðanlands vegna „flugunnar“ leystust ekki fyrr en saltfisksverkun leysti skreiðarverkun af hólmi sem helsta verkunaraðferð fisksins.

Tvenns konar vandamál voru í verslun Dana (og Norðmanna) við lönd Suður-Evrópu. Á 17. öld ríkti mikil tortryggni í ríkjum Pýreneaskaga í garð allra mótmælenda sem kaþólikkarnir á Spáni og í Portúgal töldu vera verstu menn, og kaupmenn voru hér ekki undanskildir. Við Miðjarðarhaf var vandamálið annað, þar voru sjórán tíð og dönsk og norsk

¹¹ *Handritadeild Landsbókasafnsins, JS.* 34 fol. Afhandling om de Islandske Fiskerier 1778, bls. 61–63.

¹² Sama heimild, bls. 63–65.

¹³ Sama heimild, bls. 72.

¹⁴ Sama heimild, bls. 74.

¹⁵ Sama heimild, bls. 76.

¹⁶ Einhver sú frumlegasta er sú að nýta þurfi fjölmenna prestastétt landsins til að auka þekkingu landsmanna á atvinnuháttum, ekki síst sjávarútvegi með því að kenna prests-efnum fræði um atvinnuhætti sem þeir gætu miðlað síðan til sóknarbarna. (Sama heimild, bls. 91). Andstætt flestum öðrum sem skrifa á þessum tíma er Olavius mjög áhugasamur um að Íslendingum fjölgi sem mest með því að fleiri giftist, og er með ýmsar tillögur til að fjölga börnum í landinu. (Sama heimild, bls. 92–95).

skip urðu gjarnan herfang múslimskra sjóræningja frá Norður-Afríku. En um miðja 18. öldina gerði konungur Danmerkur-Noregs milliríkjasamning við furstana í Túnis, Trípólí og Alsír um fasta greiðslu til þeirra gegn því að skip frá Noregi og Danmörku slyppu við sjórán.¹⁷ Eftir það hófust siglingar frá Danmörku og Noregi til landa Miðjarðarhafs.

Saltfiskverkun jókst á Íslandi á seinni hluta 18. aldar, einkum eftir að Almenna verslunarfélagið yfirtók Íslandsverslunina árið 1764, en verslunarfélag þetta hafði góð sambönd við verslunarborgir við Miðjarðarhaf og á Norður-Spáni. Þetta gekk hægt fyrir sig og skreiðarverkun var ennþá ríkjandi verkunarmáti fisksins á níunda áratug 18. aldar. Saltfisksverkun jókst samt nokkuð á þessum tíma.¹⁸ Napóleonsstríðin 1807–1815 töfðu allar breytingar til framfara í landinu og telja má að blómatími saltfiskverkunar hafi fyrst byrjað 1816–1820. Smám saman leysti saltfiskverkun svo til alla skreiðarverkun af hólmi og svo fór að hefðbundna íslenska verkunin á *plafiski* hvarf meira eða minna eftir því sem best verður séð. Sú skreiðarverkun sem áfram var stunduð var helst rápurkun.¹⁹

Tilkoma saltfiskverkunar gjörbylti aðstæðum til fiskveiða norðanlands og austan, þar sem nú var orðið auðveldara að verka fisk að sumri til en um vetur. Miklum vinnukröfum landbúnaðarins um sumarverk var mætt með stofnun sérstakra sjávarplássna þar sem fiskveiðar voru nær eini atvinnuvegurinn, meðan á Suðurlandi og að hluta til á Vesturlandi var áfram auðvelt að láta sama fólkið stunda bæði landbúnað og sjávarútveg með búsetu í sveitum landsins. Þessi samhæfing stóðst prýðilega þangað til tæknivæðing sjávarútvegsins með skútum og þó einkum vélvæðingu gerðu tengslin við landbúnaðinn óhentuga fyrir útgerðarmenn. En þessi þróun er utan viðfangsefnis ritsins sem rekur söguna aðallega til aldamótanna 1800.

¹⁷ Fossen, Anders Bjarne, *Bergens by historie* II, bls. 622. Aðrar fiskveiðipjóðir Evrópu sluppu betur við þetta saltvandamál. Frakkar gátu augljóslega unnið salt á sumrin í eigin landi. Englendingar og Hollendingar voru þá öflugustu siglingapjóðir heims og voru oft í góðu samstarfi við sjóræningjaríki Norður-Afríku sem ekki að ástæðulausu óttuðust þessi siglingaveldi. Miðjarðarhafsverslun þeirra var þess vegna lítið vandamál fyrir þessar þjóðir.

¹⁸ Sjá í þessu samhengi m.a. Valdimar Unnar Valdimarsson og Halldór Bjarnason, *Saltfiskur í sögu þjóðar* I, bls. 16–87.

¹⁹ Að sumu leyti minnir verkun saltfisksins, eftir að hún var komin á skrið, á framleiðslu *plafisksins* fyrr á öldum enda var íslenskur saltfiskur vinsæll á erlendum mörkuðum. Í báðum tilfellum var þurrað á steini og fiskinum reglulega snúið við.

2.4. Hve margir stunduðu fiskveiðar? Hve mikið var dregið úr sjó?

Hve margir stunduðu fiskveiðar? Vandamálið við að svara þessari spurningu felst í því að flestir þeir sem sjóinn sóttu stunduðu einnig landbúnað. Sunnanlands og vestan nýtti yfirleitt almúginn, einkum þó karlarnir, sumarið til landbúnaðarstarfa en veturinn til fiskveiða. Við getum giskað á hve margir höfðu fiskveiðar fyrir aðalstarf með því að athuga tölur manntalsins 1703 um fjölda þurrabúðarmanna og grashúsmanna sunnanlands og vestan, á svæðinu frá Vestur-Skaftafellssýslu til Ísafjarðarsýslu.²⁰ Alls voru 1324 heimili þessarar gerðar á umræddu svæði, sem jafngildir 17,8% allra heimila í landinu.²¹

En þá eru ótaldir þeir bændur og ekki síst vinnumenn þeirra sem stunduðu sjóinn um vetur, en landbúnað að sumri til. Enn fremur þeir vinnumenn sem bjuggu hjá landbændum en voru nær eingöngu á sjónum árið um kring. Ótaldir eru og lausamenn, 391 að tölu, sem flestir hafa haft aðalatvinnu af sjávarútvegi.²²

Jón Þ. Þór hefur reiknað út fjölda bátsverja á tímabilinu 1770–1900 eftir stærð báta.²³ Við munum í þessu samhengi staðnæmast við fjöldann 1770–1800 en þá voru 8.500–9.000 pláss á bátum. Árið 1801 voru íslenskir karlar á aldrinum 15–60 ára um 12.000.²⁴ Þótt reikna megi með að einhverjar konur hafi stundað sjóinn, er ljóst að meginhluti íslenskra karlmanna hefur róðið til fiskjar á 18. öld, ýmist hluta ársins eða allt árið. Samkvæmt áætlun í *Hag-*

²⁰ Þurrabúðarmenn höfðu nær allir viðurværi sitt af sjómennsku. Flestir grashúsmenn voru fyrst og fremst sjómenn, en þar sem þeir voru fjölmennastir, sunnanlands, höfðu þeir venjulega næga grasnyt til að fódra eina kú, sbr. Skúli Magnússon, *Beskrivelse af Gullbringu og Kjósar Sýslur*, bls. 83–84.

²¹ *Manntalið 1703*, bls. 34–41. Svonefnt húsfólk er ekki reiknað með í deilitölunni þar sem það réð ekki yfir eigin húsi.

²² *Manntalið 1703*, bls. 49. Lausamenn voru þeir einstaklingar sem höfðu keypt sig undan vistarbandi, sbr. nánari útlistun á vistarbandi og lausamönnum, *Upp er búið Ísland*, bls. 32–38.

²³ Jón Þ. Þór, *Ránargull*, bls. 72–73.

²⁴ *Tölfræðihandbók 1984*, bls. 24. Önnur sennileg tala er 11.000–11.500 í stað 12.000. Aðeins eru til upplýsingar um aldurshópa 1801 í 10 ára aldursflokkum. Vandamálið var því hvernig skipta ætti aldurshópnum 10–20 ára. Sú aðferð var notuð að skipta honum í jafnstóra hópa, annar 10–15 ára, hinn 15–20 ára. Vafalaust er seinni hópurinn ofreiknaður, enda er það fólk sem fæddist í móðuharðindunum.

skinnu var tala skipsrúma 8.000–10.000 til 1840 en jókst þá í 12.000 fram til ársins 1852.²⁵

Jón Jónsson fiskifræðingur hefur áætlað að á 18. öld hafi Íslendingar landað að meðaltali ár hvert 20.000 tonnum af þorski, óverkuðum að öllu leyti.²⁶ Höfundur þessa verks hefur reiknað út hve mikið var flutt út af skreið og þurrsöltuðum þorski frá Íslandi og eru niðurstöður hans í fullu samræmi við tölur Jóns Jónssonar.²⁷ Höfundur hefur einnig gert tilraun til að meta sveiflur í þorskafli 1630 til 1900 og borið þær saman við niðurstöður Jóns Jónssonar.²⁸ Gjörólíkar aðferðir voru notaðar við þessa tvenns konar útreikninga. Fylgnin milli þeirra var samt 90%.

Eins og lýst verður betur síðar hvarf stór hluti þyngdar fisksins við slægingu og ennþá meira við skreiðarþurrkunina. Nýtingarstuðull milli óslægðs fisks og fullunninnar skreiðar hefur verið áætluð 7,7–8 á móti einum.²⁹ Alls voru flutt út frá Íslandi milli 1000–1500 tonn af skreið og þurrsöltuðum þorski og er þá tunnufiskur ekki meðtalinn, en hann skipti minnstu máli, nam aðeins um 5% heildarútflutnings á fiski.³⁰

2.5. Fagur fiskur á landi

Framleiðsla íslensku kaupstaðarskreiðarinnar (*Platfisk/Flachfische*) var mikil og tímafrek iðja sem krafðist gnægðar ódýrs vinnuafls. Þetta ódýra vinnuafl var sannarlega til staðar í landinu þar sem í venjulegu árferði var um 25% þjóðarinnar að jafnaði vinnufólk³¹ sem var kauplítið (karlar) eða kauplaust (konur). Vinnufólkið fékk fyrst og fremst fæði, skæði og húsnæði fyrir vinnu sína sem húsbóndinn átti alla, hvort sem hún var unnin á býlinu sjálfu eða utan þess eins og í verstöð.³²

²⁵ *Hagskinna*, tafla 5.2, bls. 310.

²⁶ Jón Jónsson, *Útgerð og aflabrögð við Ísland*, bls. 48–49.

²⁷ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 110.

²⁸ Gísli Gunnarsson „Fishermen and Sea Temperature“, bls. 57.

²⁹ Jón Jónsson, *Útgerð og aflabrögð við Ísland*, bls. 48; Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 109.

³⁰ Jón Jónsson, *Útgerð og aflabrögð við Ísland*, bls. 48; Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 110

³¹ Hér er reiknað af heildarfjölda. Talan yrði auðvitað miklu hærri ef aðeins væri reiknað með fólki á vinnufærum aldri.

³² Sjá t.d. Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 32–38. Enn fremur Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 9–31.

Í lýsingunni á framleiðslu kaupstaðarskreiðarinnar verður hér einkum stuðst við tvær heimildir, lýsingar Ólafs Olavíusar frá 1778 og Skúla Magnússonar frá 1785.

Þegar hver sjómaður hafði fengið sinn hlut var fiskurinn slægður og afhausaður, næst var hann kviðflattur og hryggurinn tekinn burt að mestu leyti. Mikilvægt var að skera hvergi í holdið. Rétttri meðferð fisksins var lýst í konunglegum tilskipunum.³³

Fiskurinn var látinn liggja í kös í 4–6 daga til páska eða fram í miðjan apríl, en þá var hann settur á sérgerða steingarða sem voru um 90 sm háir. Holdið var látið snúa upp þegar veður var þurr en niður um nætur, og einnig þegar rigningar voru, allt þangað til ysta lagið var þornað hart. Þá voru fiskarnir lagðir hver ofan á annan í litlar stæður, sem voru svo óþéttar að vindur gat auðveldlega leikið um þær. Stöðugt varð að umstafla fiskinum. Því kaldari sem vindurinn var, þeim mun betur og fyrr þurrkaðist fiskurinn. Venjulega var hann ekki fullunninn fyrr en í júnílok. Því holdmeiri sem fiskurinn var, þeim mun meiri blástur og góða meðhöndlun þarfnaðist hann. Fiskurinn gat orðið fyrir frostskeimmdum og var þá ekki nothæfur sem kaupstaðarskreið. Meiri hætta var þó á því að hann yrði ofkæstur vegna hita. Einnig varð að hindra að mýs kroppuðu í hann. Sá fiskur sem Íslendingar gátu ekki selt kaupmönnum var til innanlandsneyslu.³⁴

Skúli Magnússon segir svo um kaupstaðarskreiðina: „Þetta er verkunaraðferðin á hinum vel þekkta fræga Gullbringu- og Kjósarsýslu harðfiski, *plat-* eða *stok-fiski*, ýmist stórum, í miðlungi eða litlum. Í þessum sýslum vill fólk ekki nota aðrar verkunaraðferðir, eins og *hængefisk*, og ráskerðing sem tíðkast víða annars staðar í landinu. Gott viðhald á steingerðunum á stóran þátt í góðum árangri í verkun þessa fisks sem í rösk 200 ár hefur verið seldur fyrir hæsta mögulega verð á mörkuðum Evrópu“.³⁵ Athugasemd Skúla Magnússonar um verðlagið á flatfisknum „á mörkuðum Evrópu“ er rétt og verður betur vikið að henni síðar.

Ólafur Olavíus telur upp marga flokka af unnum fiski, en tekur skýrt fram að verðmætasti fiskurinn sé *plafisk*. Sá var eingöngu þorskur, en

³³ *Lovsamling for Island I*, bls. 465, tilskipun frá 1687, og sama heimild, bls. 507–508 vegna tilskipunar árið 1693.

³⁴ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 107–108; Skúli Magnússon, *Beskrivelse af Gullbringu og Kjósar Sýslur*, bls. 64–66.

³⁵ Skúli Magnússon, *Beskrivelse af Gullbringu og Kjósar Sýslur*, bls. 66.

aðrar gerðir af verkuðum fiski gátu einnig verið ýsa eða langa.³⁶ Hér verður ekki endurtekin nákvæm lýsing Olavíusar á verkun platfisksins enda er hún nánast samhljóða lýsingum Skúla Magnússonar. Hann segir einnig frá annarri fiskverkun, einkum *hængefisk* sem var verkaður líkt og *platfisk*, en fór ekki á steingerði heldur hengdur á rá og lítið sinnt þar uns hann var tekinn niður af ránni. Hann fjallar einnig um ráskerðing sem var meðhöndlaður á svipaðan hátt og *hængefisk*, nema hann er klofinn í tvennt að sporðinum undanskildum og hengdur síðan á rá. Eins og áður hefur komið fram var nokkuð um að Snæfellingar verkuðu bæði *hængefisk* og ráskerðing þótt ódýrari væru í kaupstað en *platfisk*.³⁷

Eina tegund fiskverkunar stunduðu Íslendingar ekki en Norðmenn mikið en það var framleiðsla á *rundfisk*. Sá var ekki beinhreinsaður heldur hengdur beint upp á rá eftir slægingu. Olavíus getur þess að þessi fiskur sé fluttur í stórum stíl frá Þrándheimi og Björgvinjar til Hollands, Lübeck og Bremen.³⁸

Ólafur Olavíus fjallar meira um skemmdan fisk en Skúli. Frostbitinn fisk kallar hann *fredfisk*. Áður hafi aðeins Íslendingar borðað þennan fisk en nú sé (um 1780) eftirspurn eftir honum erlendis og flokkist hann í verði með ráskerðingi og *hængefisk*. Um *kasfisk* sem skemmdist vegna hita er það eitt að segja að hann verður aldrei útflutningsvara að mati Olavíusar.³⁹

Olavíus lýsti ýmsum flokkunaraðferðum á íslenskri skreið á erlendum mörkuðum. Við vöruflokkun í pakkhúsi Íslenska verslunarfélagsins í Kaupmannahöfn var platfisk skipt í fjóra flokka af *Gading*.⁴⁰ 1. Hamborgar-Gading, 2. Dantzigs-Gading, 3. Sænskan Gading og 4. Kaupmannahafnar-Gading. Tveimur síðastnefndu tegundunum væri þó oft blandað saman. Fyrsti og dýrasti flokkurinn var Hamborgar-Gading. Í þýskum hafnarborgum eins og Hamborg, Lübeck og Bremen, væri fisknum skipt í sex flokka. Fyrsti og dýrasti flokkurinn nefnist *Isländerfisch* eða *Flachfisch*.⁴¹

³⁶ *Handritadeild Landsbókasafnsins, JS.* 34 fol. Afhandling om de Islandske Fiskerier 1778, bls. 32–33.

³⁷ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarbættir IV*, bls. 303–323

³⁸ *Handritadeild Landsbókasafnsins, JS.* 34 fol. Afhandling om de Islandske Fiskerier 1778, bls. 33–34.

³⁹ Sama heimild, bls. 34–35.

⁴⁰ Án efa gamalt orð um þorsk, sbr. fræðiheitið *gadus morrhua* (þorskur).

⁴¹ *Handritadeild Landsbókasafnsins, JS.* 34 fol. Afhandling om de Islandske Fiskerier 1778, bls. 37.

Í öðrum flokki er *Zartfisch*,⁴² í þriðja flokki ráskerðingur og í fjórða flokki *Rundfisch*.

Margt fleira athyglisvert er að finna í þessari ritgerð Olavíusar. Í þessu samhengi ber sérstaklega að nefna að hann víkur orðum að því hvernig íslenska skreiðin var matreidd erlendis. Hún kom í hendur neytandans hörð og þurr og því var byrjað að leggja hana í bleyti áður en hún var soðin.⁴³ Olavíus telur ljóst að auka þurfi framleiðslu og þó einkum þekkingu Íslendinga á tunnusöltun fisks.⁴⁴ Hann spyr því hvers vegna hollenskur tunnufiskur sé dýrari í Frakklandi en sá íslenski.⁴⁵

⁴² *Zart* þýðir fingerður, grannur. Íslenski fiskurinn sem fluttur var til Hamborgar var yfirleitt í Kaupmannahöfn nefndur *Grov Platfisk*.

⁴³ *Handritadeild Landsbókasafnsins, JS*. 34 fol. Afhandling om de Islandske Fiskerier 1778, bls. 33.

⁴⁴ Þetta virðist hafa verið ódýrasta verkunaraðferðin sem þá tíðkaðist.

⁴⁵ *Handritadeild Landsbókasafnsins, JS*. 34 fol. Afhandling om de Islandske Fiskerier 1778, bls. 108.

3. Fljótaleiðir í Evrópu

Lengi hefur verið vitað að miklu ódýrara var fyrr á öldum að flytja vörur á vatni en á landi enda vegir mjög litlir og lélegir. Því var mikils virði að hafa skipgeng fljót til að sigla um lönd og urðu þau mikilvægustu samgönguleiðir Evrópu allt frá miðöldum.¹ Skipin gátu borið miklu þyngri farm en vagnar á frumstæðum vegunum og auk þess voru sjóleiðirnar taldar öruggari gagnvart ræningjum en landleiðir.²

Tollar voru meiri háttar hindrun við alla flutninga fyrr á öldum en at-huga ber að tollar voru í eðli sínu náskyldir upphaflegum greiðslum til ræningja. Tollar voru í raun og veru vernd fursta gegn ráni og má segja að furstinn hafi komið í stað ræningjans. Tollar voru hindrun góðrar verslunar eftir fljótum en ennþá meiri á vegunum.³ Í Þrjátíu ára stríðinu í Þýskalandi (1618–1648) voru vegir Þýskalands svo til eyðilagðir en einnig voru miklar skemmdir unnar á fljótaleiðum. Fljótlegra var þó að gera við þær síðarnefndu.⁴

Fljótið Saxelfur⁵ með öllum sínum hliðarám, skipaskurðum og lokum vegna straumhraða hefur í meira en þúsund ár verið einhver mikilvægasta samgönguleið Evrópu. Hún er vel tengd öðrum fljótakerfum Evrópu og er einhver mikilvægasta siglingaleiðin frá Norðursjó til Mið- og Austur-

¹ Svend Gissel o.fl., *Desertation and Land Colonization*, bls. 192; Rohde, *Eine Studie über die Entwicklung der Elbe*, bls. 30.

² Kindt, *Die Entwicklung der Elbe*, bls. 8.

³ Sama heimild, bls. 9; Jüngel, *Die Elbe. Geschichte um einer Fluss*, bls. 11.

⁴ Jüngel, *Die Elbe. Geschichte um einer Fluss*, bls. 25.

⁵ *Elbe* er nafn fljótsins á þýsku. Í íslenskum heimildum hefur áin verið nefnd Saxelfur. Það orð er fornt, líkist orðinu „Gautelfur“ en það eitt sýnir ekki skyldleika heitanna. Viðskeytið „Sax“ merkir eindfaldlega að á víkingatímanum hafi Saxar búið við fljótið og sennilegt er að norrænir víkingar hafi því bætt við viðskeytinu „Sax“. En ekki er til vitnisburður að viðskeyti þetta hafi nokkru sinni verið notað meðal íbúa Þýskalands enda bjuggu fleiri þjóðir en Saxar við fljótið á hámiðöldum. Líklegast er að orðið *Elbe* sé rótskylt orðinu *albus* á latínu, sambærilegt orð er í grísku og merkir orðið hvítur í báðum málum. Heitið er því samindóevrópskt og *Alba* merkir því Hvítá. Í norðurgermönnskum málum hefur síðan *b* í orðinu breyst í *f* og þannig hafi orðið „elfur“ myndast. Það er því með vissum trega sem ég ákveð að lúta íslenskum málvenjum og nota orðið Saxelfur í staðinn fyrir ævafora orðið *Elbe/Alba*. En að lúta þessum reglum er nauðsynlegt. Þannig heitir *Rhein* hér Rín, *Donau* heitir Dóná á íslensku en *Danube* á ensku, *Moldau* ber hér nafnið Moldá, *Hamburg* er auðvitað Hamborg og þannig má áfram telja. Verst er hve vont gamla norræna heitið á *Elbe* er!



Mynd 3.1. Kort af Saxelfi (Elbe) og tengdum fljótum.

Evrópu. Frá mynni árinna til Melnik, þar sem Saxelfur og Moldá (Vltava) mætast, eru 866 km.⁶ Moldá er siglingafær í 187 km í suður frá Melnik. Áin er sem sagt skipgeng í u.þ.b. 1050 km án þess að önnur hliðarfljót en Moldá séu reiknuð með. Meira að segja þar sem Saxelfur hefur grafið sig niður í saxnesku Ölpunum er hún skipgeng.⁷ Vatna-

⁶ *Salomonsens Konversations Leksikon* VI, 1917, bls. 85.

⁷ Cropp, *Die Elbe Von der Quelle bis zur Mündung*, bls. 26.

FLJÓTALEIÐIR Í EVRÓPU

svæði Saxelfar⁸ er 147.744 km². Við suðurenda þess hluta Moldár sem er siglingafær er tiltölulega stutt landleið til Dónár. Í austri sameinast hliðarar Saxelfar, Havel og Spree, auðveldlega fljótakerfum Oder og Wistu.⁹

Oder er siglingafær suður eftir Slesíu framhá Breslau (Wrochlaw). Það er ekki löng landleiðin frá þessu siglingafæra fljóti til tékknesku árinna Morava, en hún er siglingafær að stórum hluta og rennur í Dóná skammt austan við Vín.

Saxelfur var orðin einhver fjölfarnasta siglingaleið Evrópu löngu fyrir daga þeirra tæknilegu framkvæmda sem síðar auðvelduðu ferðir um ána og hliðarar hennar.¹⁰ Getið er um stóran flota sem sigldi á Saxelfi allt til Magdeborgar án erfiðleika árið 805. Hinrik II Þýskalandskaisari (973–1024) nýtti sér Saxelfi mikið sem herflutningaleið. Dæmi eru um kornflutninga frá Bæheimi til mynnis fljótsins árið 1057.¹¹ Á því græddi Hamborg, borgin við fljótsósana.

Með stórauðni þéttbýli í sveitum Þýskalands á miðöldum jókst þýðing Saxelfar. Samtímis eflust sveitir Tékklands og Póllands sem beint eða óbeint notfærðu sér fljótakerfi Saxelfar. Í kjölfar þessa komu borgir sem veittu sveitunum margvíslega þjónustu. Vegir á landi tengdu borgirnar saman þar sem ekki voru fljót.

Skipin á Saxelfi voru að sjálfsgöðu minni en hafskipin, en báru gjarnan 30–40 tonn af vörum.¹² Víða gat straumur samt hindrað ferðir upp árnar, einkum áður en lokur voru þar smíðaðar. Var þá mannsaflið notað til að draga skipin, sex til átta manna flokkar tóku slíkt að sér. Sérstök gildi dráttarmanna voru mynduð sem einokuðu starfið, þótt fljótt á litið virtist það ekki bjóða upp á mikið sældarlíf. En þetta var öruggt og að því er virðist ekki illa borgað starf. Gildi dráttarmanna fór fram á það árið 1848 að bannað yrði að nota dráttardýr til verksins.¹³

Flestar borgir í austanverðu Þýskalandi voru við Saxelfi, t.d. Wittenberg, Magdeburg og Dresden. Berlín var við hliðarána Havel. Þaðan var

⁸ Jüngel, *Die Elbe. Geschichte um einer Fluss*, bls. 10.

⁹ Oder heitir Odra á pólsku. Wista er svo nefnd í Glamann, „European Trade 1500–1700“, en mörg fleiri nöfn á fljóti þessu eru til, á þýsku Weichsel, á ensku Vistula.

¹⁰ Jüngel, *Die Elbe. Geschichte um einer Fluss*, bls. 18.

¹¹ Sama heimild.

¹² 600-800 *zentern*, 1 *zentern* er 100 pund eða tæp 50 kg. Sama heimild, bls. 34.

¹³ Sama heimild, bls. 40.

auðvelt að sigla í austur á ánni Spree í átt til Oder. Við Moldá byggðist síðan Prag. Sjá í þessu samhengi kortin á myndum 3.1 og 3.2.

Upphaflega voru margar borgir sem kepptu um réttinn til yfirráða og tollheimtu á Saxelfi. Raunar taldi keisari Þýskalands að hann ætti þennan rétt sjálfur en hann gaf Hamborg tollréttindin við neðri hluta fljótsins árið 1628.¹⁴

Fyrsti skipaskurður sem tengdist Saxelfi var byggður á árunum 1391–1398 og var það Stechnitz-skurðurinn, nyrst við fljótið, sem tengdi Lübeck við það.¹⁵ En Lübeck var þá öflugasta Hansaborgin við Eystrasalt og þar með í norðanverðri Evrópu. Fleiri skurðir voru byggðir á næstu öldum og á 15. öld lét Lüneborg við norðanverða Saxelfi byggja skurði til að sleppa við tolla Hamborgar.

En mikilvægustu skipaskurðir sem tengdu Saxelfi við önnur fljótakerfi voru byggðir á 17. og 18. öld. Fyrst ber hér að nefna Friðrik-Vilhjálmsskurðinn sem tengdi ána Spree við Oder. Eftir byggingu hans 1668 var hægt að sigla beint frá Berlín til Frankfurt við Oder. Plauer-skurðurinn auðveldaði siglingar til Berlínar um Havelána en hann var byggður 1744–1746 og samtímis var byggður Finow-skurðurinn sem tengdi ennþá betur saman fljótakerfi Saxelfar og Oder. Eftir að Prússland náði undir sig stórum hluta Póllands 1772 var byggður Brombergerskurðurinn (1773–1774) sem tengdi saman fljótakerfi Oders og Wistu.¹⁶ En fljótakerfi Póllands var mjög auðvelt yfirferðar enda landið flatlent. Þessi þrjú fljótakerfi, Saxelfar, Oders og Wistu, mynduðu þannig eina heild. Þannig voru þrjár helstu borgirnar sem keyptu íslensku kaupstaðarskreiðina af kaupmönnum í Hamborg, Prag, Vín og Breslau, tengdar beint eða óbeint við fljótakerfi Saxelfar.

En fleiri aðilar en Hamborgarmenn kröfðust tolla af skipum sem sigldu um fljótið. Á 19. öld voru enn 35 tollstöðvar á leiðinni frá mynni Saxelfar til Melnik.¹⁷ Áður höfðu tollstöðvarnar verið fleiri, t.d. voru 62 tollstöðvar á fljótinu á 14. öld.¹⁸ En staða Hamborgar var ekki mjög veik þegar kom að tollamálum. Borgin sjálf rak eigin tollstöð við Saxelfi og gat auðveldlega samið við ýmsar borgir og smáfursta um gagnkvæma „sangirni“ í tollheimtu. Jafnframt gátu kaupmenn Hamborgar notfært


¹⁴ Rohde, *Eine Studie über die Entwicklung der Elbe*, bls. 103.

¹⁵ Sama heimild, bls. 33.

¹⁶ Kindt, *Die Entwicklung der Elbe*, bls. 13.

¹⁷ Bartos-Höpper, *Ellsaga. Ein Fluss erzählt Geschichte*, bls. 35.

¹⁸ Rohde, *Eine Studie über die Entwicklung der Elbe*, bls. 34.



Mynd 3.2. Kort af fljótakerfi Póllands.

sér tollstöðvar sínar til að útiloka óvinveitta kaupmenn frá því að nota fljótið sem siglingaleið. Sterk staða borgarinnar í þessum málum kom greinilega fram í samskiptum hennar við Prússland 1733.¹⁹

Vegna skriffinnsku voru skip sjaldan skemur en 36–48 daga á leiðinni milli Hamborgar og Prag.²⁰ Talið er að fljótatollurinn á þessari leið hafi hækkað flutningskostnaðinn um 70%. En þá ber að hafa í huga að Hamborg sjálf var einhver stærsti tollinnheimtuaðilinn.

Leiðinni milli Hamborgar og Prag eftir Saxelfi má skipta í fjögur vel aðskilin svæði:

¹⁹ Pitz, Ernst, *Die Zolltariffe der Stadt Hamburg*, bls. 421, grein 367. *St.A*, Senat Cl. VII, K₆, Nr. 3a.

²⁰ Kindt, *Die Entwicklung der Elbe*, bls. 29.

FISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR

1. Prag → Dresden
2. Dresden → Magdeburg
3. Magdeburg → Hamborg
4. Hamborg → Norðursjór.²¹

Hamborg var þegar á miðöldum langvoldugasta borgin við neðanverða Saxelfi.²² En skip gátu samt stundum siglt framhjá borginni, sem lá við norðurósana, með því að sigla um suðurósana þar sem Harburg var staðsett. Hins vegar var miklu meiri straumur í suðurmynninu og það var því óhentugri siglingaleið.²³ En þegar á 15. öld náði borgin yfirráðum á öllum ósum Saxelfar, einnig að sunnanverðu.²⁴

Mikilvægi Saxelfar og þar með Hamborgar var mest á 17. og 18. öld. Á fyrri hluta 18. aldar, nánar tiltekið árið 1724, fór nær öll utanríkisverslun Bæheims og Slesíu um Saxelfi og Hamborg.²⁵ Keisararnir í Vín höfðu af því mikla hagsmuni að tengja saman verslun Hamborgar og Vínarborgar²⁶, þótt vissulega hafi þýðing Trieste fyrir Austurríki aukist á 18. öld. En fyrir þann tíma var fljótasvæði Saxelfar ásamt Hamborg nánast forsenda fyrir utanríkisverslun Vínarborgar og annarra landa Habsborgara í Mið-Evrópu.²⁷

Þegar Prússland náði Pommern af Svíum um 1720 fékk Prússakonungur um skeið þá hugmynd að efla borgina Stettin við mynni Oderfljóts þannig að hún tæki að einhverju leyti við hlutverki Hamborgar í fljótakerfi Mið- og Austur-Evrópu. Þetta útskýrir áhyggjur Destinons, sendiherra Prússa í Hamborg, yfir samkomulagi danskra kaupmanna við Hamborgarmenn 1733 um einkarétt þeirra síðarnefndu á verslun með Íslandsskreið á Saxelfar-svæðinu.²⁸ En Stettin var lítil borg með fá skip og hafði því aldrei ráðrúm til að keppa við Hamborg.²⁹ Eftir að Prússar höfðu náð Slesíu á vald sitt á fimmta áratug 18. aldar vaknaði þessi áhugi aftur.

²¹ Jünger, *Die Elbe. Geschichte um einer Fluss*, bls. 24.

²² Rohde, *Eine Studie über die Entwicklung der Elbe*, bls. 93–94.

²³ Sama heimild, bls. 93.

²⁴ Jünger, *Die Elbe. Geschichte um einer Fluss*, bls. 23.

²⁵ Ramcke, *Die Beziehung zwischen Hamburg und Österreich im 18. Jahrhundert*, bls. 95.

²⁶ Sama heimild, bls. 18.

²⁷ Sama heimild, bls. 30.

²⁸ Pitz, *Die Zolltariffe der Stadt Hamburg*, skjal 361, bls. 461.

²⁹ Schmoller, *Jahrbuch für Gesetzgebung*, Achter Jahrgang 1884, bls. 52, 59–60, 72.

FLJÓTALEIÐIR Í EVRÓPU

Hótuðu Prússar því að kljúfa fljótasvæði Saxelfar í tvennt, austurhlutann með tengslin við Oder og Vistu, sem þeir réðu yfir og vesturhlutann, Saxelfi og Moldá, sem yrði áfram á valdi Hamborgar og keisarans í Vín, en lyti þó prússneskum yfirvöldum að hluta. En þótt konungur Prússlands á þessum tíma, Friðrik mikli, væri oft fjandsamlegur Hamborg, gat hann þrátt fyrir allt ekki án hennar verið til langframa. Fljótasvæði Saxelfar var því áfram óskipt.

4. Saga Holtsetalands og Hamborgar og ævintýri Danakónga á þeim slóðum. Ísland og Hamborg fyrir á tímum

4.1. Ísland, Danmörk og Þýskaland

Ekki er hægt að rekja sögu Íslands nema í samhengi við sögu Danmerkur og þá um leið þeirra héraða í Þýskalandi sem löngum voru tengd Danmörku á einn eða annan veg. Margir konungar Danmerkur voru af þýskum ættum og þýsk tunga var yfirleitt mjög mikilvæg í verslun og við stjórnun Danmerkur bæði fyrir einveldistökuna 1660 og eftir hana. Þjóðríkið Danmörk fór fyrst að myndast eftir að einveldið var afnumið 1848.

Eins og rakið verður komu þýskar borgir, og þá einkum Hamborg, mjög við sögu í íslenskri verslun mest allt einokunartímabilið 1602–1787. En einnig voru örlög Íslands og þýskra landsvæða nátengd á margan annan hátt um langt árabil. Fjölmargir Þjóðverjar settust að í landinu á 16. öld. Margir „danskir“ valdhafar hér á landi voru þýskir eða af þýskum ættum allt frá 16. öld til 19. aldar. En e.t.v. skiptir hér mestu máli hvernig hagsmunir hins nýstofnaða danska þjóðríkis 1848 gagnvart annars vegar þýskum löndum Danakonungs og hins vegar Íslandi voru nátengdir 1848–1918. Sú saga er að vísu utan við tímaramma þessa ritverks, en rætur erfiðleika Dana vegna gamalla þýskra landa konungs þeirra er að leita í þessu tímabili sem hér er til umræðu og því verður sagan af því sögð.

Nóbelsverðlaunahafinn Halldór Kiljan Laxness hefur í bókarið sinni *Íslandsklukkunni* rakið hagsmuni Hamborgar hér á landi. Bæði af þeirri ástæðu og mörgum öðrum er margföld ástæða til að rekja hér ævintýri Danakóngs á þýskum slóðum á 17. og 18. öld, þótt ekki sé nema til að efla skilning á Íslandssögunni. Ísland og Danmörk voru löngum sama ríki og það sem varðar annað þessara landa er að sjálfsögðu einnig mál hins.

4.2. Upphaf héraðsins og borgarinnar

Karl mikli Frankakonungur sigraði Saxa á síðustu áratugum 8. aldar, en þeir byggðu núverandi Norðvestur-Þýskaland. Þetta var meðal mikilvæg-

ustu en um leið erfiðustu afreka hans. Stríðið við þá heiðnu Saxa tók áratugi og kostaði mikið blóðbað, einkum meðal Saxa, og lauk með algerum sigri Karls mikla; Saxar tóku kristna trú og gerðust tiltölulega hlýðnir þegnar hans. Að sumu leyti má telja að þessar styrjaldir hafi verið framhald af gömlum erjum tveggja germanskra þjóða, Franka sem gáfu Frakklandi nafn sitt og Saxa. Saxar mynduðu brátt sjálfstætt og völdugt hertogadæmi innan hins frankneska ríkis. Hertogi þess varð valdamestur allra hertoga í því þýska ríki sem reis úr rústum Frankaríkis Karls.¹

Það land sem nú kallast Holtsetaland, Holstein á þýsku², var að sumu leyti mikilvægasti hluti Saxlands enda töldu Saxar að þar væru upprunaleg heimkynni sín. Að tryggja tvímælalaus yfirráð yfir Holtsetalandi var því mjög mikilvægt fyrir Karl mikla. Það gerði hann með byggingu virkja og borga í héraðinu.

Þar sem nú er Hamborg³ lét Karl mikli byggja virki árið 808 til að treysta áhrif sín og völd norðan Saxelfar. Árið 811 var þar byggð kirkja og þéttbýli tók að myndast umhverfis þessi mannvirki. Árið 831 varð Hamborg erkibiskupssetur bæði fyrir norðanvert Saxland og fyrir trúboð (og hugsanlegt landvinningastríð?) í löndum norður og austur af Saxlandi. En svar Norðurlandabúa við franknesku ógninni er alþekkt, víkingaferðir áttu uppruna sinn meðal annars í andstöðu við yfirráðastefnu Frankaríkisins. Árið 845 rændu víkingar Hamborg og eyðilögðu að mestu leyti og var erkibiskupssetrið þá flutt vestar eða til Bremen. Borgin var að sjálf-sögðu endurbyggð og sætti þá nýjum víkingaárásum.

Holtsetaland og Hamborg voru þannig í upphafi hlutar hins völduga saxneska hertogadæmis. En eins og gerðist með önnur hertogadæmi Þýska-

- 1 Erfitt er að finna almenn sagnfræðirit um sögu þessa fram á 12. öld og fram að þeim tíma er því mest efnislega stuðst í ritun þessari við alfræðiorðabækur, einkum, *Brockhaus Encyclopädia*, *Encyclopædia Britannica* og *Salomonsens Konversations Lexikon*.
- 2 Holstein verður hér eftir nefnt í bókinni Holtsetaland, þó þannig að sérheiti eins og ættin Holstein-Gottorp og sérstök lönd þeirrar ættar verða skrifuð á þýskan máta. Holtsetaland er gott nafn þótt ekki sé það lipurt, er raunar mjög líkt upprunalegri orðmynd Holsteins, nafnið merkir land skógarins (holts) þar sem menn (setar) búa. Upprunalega var Holtsetaland aðeins miðhluti núverandi lands með því nafni, austurhlutinn var þá byggður slafneskum þjóðum og vesturhlutinn voru mest fenjasvæði (Ditmarschen) þar sem Frísar voru aðalþjóðin. Danska heitið er Holsten og verður aldrei notað hér.
- 3 Upprunalega nafnið var Hammaberg vegna þess að það var skógur allt í kring um virkið á þeim tíma.

lands fór Saxland með tímanum að skiptast í smærri stjórnunarsvæði. Árið 1106 komst Holtsetaland ásamt Hamborg undir stjórn aðalsættar einnar, Schauenburg,⁴ sem eignaðist lönd á víð og dreif um Þýskaland.

Árið 1180 var sjálfstæði Holtsetalands viðurkennt innan þýska keisaradæmisins. Önnur grein ættarinnar bjó til sjálfstætt lénsdæmi, Oldenburg, í norðvesturhluta Saxlands. Sú ætt var hins vegar aðeins kennd við Oldenburg, hugsanlega vegna þess að þessi lénsseign hefur einhvern tímann erfst í kvenlegg.

Árið 1287 var hertogadæmið Slésvík⁵ sameinað greifadæminu Holtsetalandi og nefndist eftir það gjarnan Slésvík- Holtsetaland (Schleswig-Holstein). Á síðasta áratug 13. aldar skiptust Slésvík-Holtsetaland í fimm innbyrðis sjálfstæð stjórnarhéruð. Þau sameinuðust aftur á tímabilinu 1387–1440 undir stjórn furstans af Rendsburg að undanskildu greifadæminu Pinneberg (sjá mynd 4.1).

Sjálfstæði Pinnebergs, sem laut stjórn Schauenborgara fram um 1640, flækti mjög stjórnskipan á norðanverðu Saxelfarsvæðinu. Strangt til tekið var Hamborg umkringd þessu litla greifadæmi. Vafalaust hefur Hamborgarmönnum líkað þessar stjórnarfarsflækjur prýðilega þar sem þær veittu þeim meiri möguleika á að tefla einum fursta gegn öðrum. En Pinneberggreifarnir, sem vissu um smæð ríkis síns, forðuðust öll átök við nágranna.⁶

4 Á íslensku Schauenborg. Ættin kom fram á sjónarsviðið á 11. öld. Með venslum við aðrar ættir margfaldaðist tala „Schauenborgara“ og með hjálp einfaldrar talningar má reikna út að meirihluti þýskra aðalsmanna hefur þegar tímar liðu verið af ætt Schauenborgara á einn veg eða annan, þótt beini karleggurinn yrði stundum „útdauður“.

5 Eða Schleswig upp á þýskan máta og Slesvig upp á danskan. Íslenska nafnið Slésvík verður notað um land þetta, þó með þeirri undantekningu að núverandi þýska sambandslandið Schleswig-Holstein verður nefnt á þýskan máta. Landið Slésvík heitir eftir samnefndri borg sem er innst í nokkurs konar firði sem gengur inn í landið að austan, hét sá upphaflega Slé og er mjög grunnur og gróðurmikill, með ferskvatn fremur en sjó. Á dönsku heitir fjörðurinn nú Sli(en) en á þýsku Schlei. Slésvík var áfram hluti Danmerkur, var að formi til lénsríki Danakonungs.

6 Til er núna sýsla eða amt (*Kreis*) í þýska sambandslandinu Schleswig-Holstein sem ber nafnið Pinneberg og nær við yfir stóran hluta þess landsvæðis sem áður var greifadæmið Pinneberg, það er 664 km² en er minna en greifadæmið hefur verið; suður- og austurhlutar þess tilheyra nú sambandslandinu Hamborg. Hins vegar nær núverandi Pinnebergsýsla yfir gamla greifadæmið Rantzau og landræmu meðfram Saxelfi sunnan við Glückstadt sem áður tilheyrði hertoganum af Gottorp.

Á tímabilinu 900–1300 urðu miklar breytingar í sveitum Evrópu. Skógar voru ruddir, ný og miklu betri tæki til plægingar voru smíðuð, bændur stofnuðu saman þorp sem lutu síðan aðalsmönnum. Borgir risu til að sjá um alls kyns þjónustu fyrir bændur og aðalsmenn. Fólksfjölgun var talsverð hjá Söxum og mynduðu þeir meginstofninn í norðanverðri sókn Þýskumælandi manna austur á bóginn á hámiðöldum (1000–1300). Holtsetaland var hér engin undantekning. Sveitirnar og sveitaþorpin eflust og í kjölfarið risu borgir.

Hamborg var vel staðsett við árósa Saxelfar. En á hámiðöldum hafa samt tæplega verið fleiri en nokkur þúsund íbúar þar. Borgin var raunar framan af lítið meira en Norðursjávarborg Lübecks, þeirrar borgar sem forystu tók í Hansasambandinu, sem tengdi saman borgir í Norður-Evrópu. Það byrjaði að myndast um 1200 og réð mestu í verslun og iðnaði á þessum slóðum á tímabilinu 1200–1500.

Adolf III sonarsonur Schauenborgargreifans, sem fyrstur réð Holtsetalandi, stóð fyrir miklum framkvæmdum í Hamborg á seinni hluta 12. aldar. Í kjölfarið, 1189, veitti Þýskalandskeisari borginni margvíslegan rétt, m.a. ákveðinn sjálfstjórnarrétt. Árið 1241 gerði Hamborg samstarfssamning við Lübeck og árið 1292 veitti greifinn af Schauenburg Hamborg sjálfstjórn í eigin málum.

Árið 1480 veitti Kristján I, Danakonungur og greifi Holtsetalands, Hamborg sérstakan rétt til staðbundinnar einokunar og verslunar. Árið 1510 veitti Maximillian Þýskalandskeisari Hamborg stöðu sjálfstæðrar ríkisborgar í þýska keisaradæminu. Danakonungur neitaði að viðurkenna þennan gjörning keisarans lengi eða fram til 1773. Segja má að þessi ákvörðun Þýskalandskeisara hafi í senn styrkt stöðu borgarinnar stjórnarsfarslega og um leið skapað aldalöng átök hennar við Danmörku.⁷

⁷ Þessi dæmi frá 1480 og 1510 sýna að það var alls ekki ljóst hvaða fursti var æðstur í Hamborg. Hamborgarmenn töldu sjálfir að þeir væru eða ættu að vera sjálfstæðir, en leituðu til hvaða fursta sem var til að auka og styrkja rétt sinn. En raunar var Kristján I Danakonungur að formi til lénsmaður Þýskalandskeisara sem greifi og síðar hertogi Holtsetalands, þannig að bæði hann og keisarinn í Vín höfðu ákveðinn stjórnunarrétt í Hamborg. Hamborgarmenn studdust frekar við keisarann, aðallega af því hann var lengra í burtu frá Holtsetalandi en Danakonungur, einnig eftir að þeir urðu lúterskir, en hann var áfram kaþólskur.

4.3. Stjórnarfar og stofnanir í Hamborg

Þegar um 1270 var stjórnskipun Hamborgar mótuð og hélst svo til óbreytt langt fram á 19. öld, þótt margt breyttist í borginni á þessum tíma.⁸ Sá karl taldist borgari í Hamborg sem stundaði heiðarlega vinnu á eigin ábyrgð í iðnaði eða kaupskap eða stundaði störf á borð við lögmennsku. Einnig urðu allir borgarar að eiga land, þ.e. hús, í borginni. Aðalsmenn máttu ekki vera borgarar. Allir borgarar höfðu rétt til að sitja í borgarráðinu (senatinu) sem síðan valdi borgarstjóra. En það var ráðið sjálft sem kaus nýja ráðsfulltrúa úr röðum borgara. Ekki máttu feðgar sitja samtímis í ráðinu og virðist með því hafa verið reynt að koma í veg fyrir að seta í ráðinu yrði arfgeng.⁹

Borgarráð veitti mönnum borgararétt og var áskilið að þeir stunduðu heiðarlega vinnu í borginni. Borgararéttur var arfgengur en gat glatast ef viðkomandi stundaði ekki réttmæta vinnu.¹⁰

Helsta breytingin á stjórnarskipun borgarinnar fram á 19. öld varð árið 1712.¹¹ Í áratugi höfðu ríkustu ættir Hamborgar átt í hörðum deilum um hvers konar stjórnarfar ætti að vera í borginni og deildu þar við almenna borgara sem voru í meirihluta. Keisarinn í Vín hafði hermenn í borginni um tíma og studdi höfðingjaflokkinn. Árið 1712 var borgararéttur takmarkaður við tiltekna lágmarkseign sem var umtalsverð. Allir borgarar urðu að vera tiltölulega ríkir menn.¹² Þessar deilur veiktu stöðu Hamborgar um tíma, lausnin 1712 var langt frá því að vera lýðræðisleg, en því er ekki að neita að hún skapaði frið í borginni og skilyrði til frekari vaxtar.

Allt frá 14. öld urðu allir borgarar að undanskildum lærðum mönnum¹³ að vera meðlimir í tilteknu gildi. Kaupmannagildin voru þrjú, auk þess var eitt iðnaðarmannagildi og hið fimmta var *Schiffer-Gesellschaft*, sem var sameiginlegt gildi skipaeigenda, skipasmiða og skipstjórnarmanna. Kaupmannagildin voru *Flandernfabrer-Gesellschaft*, *Englandfabrer-Gesellschaft* og *Schonenfabrer-Gesellschaft*.¹⁴ Nafnið *Englandfabrer* segir ljós-

⁸ Gallois, *Geschichte der Stadt Hamburg* I, bls. 96.

⁹ Bolland, *Die Hamburgische Bürgerschaft in Alter und Neuer Zeit*, bls. 145.

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Gallois, *Geschichte der Stadt Hamburg* I, bls. 96.

¹² Bolland, *Die Hamburgische Bürgerschaft in Alter und Neuer Zeit*, bls. 159.

¹³ Lögfræðingar og prestar.

¹⁴ Reissmann, *Die Hamburgische Kaufmannschaft des 17. Jahrhundert*, bls. 151.

lega hvaða kaupmenn voru í því gildi og hvar þeir ráku verslun en nöfn hinna eru nokkuð villandi og sýna fyrst og fremst til hvaða landa kaupmenn gildanna sóttu þegar þau voru stofnuð á 14. öld.

Flandernfabrer (Flæmingjalandskauptmenn) voru fyrst og fremst vefnaðarvörukaupmenn en versluðu einnig með ýmsar aðrar iðnaðarvörur.¹⁵ Þeir mynduðu elsta kaupmannagildið sem var stofnað árið 1392. *Schonenfabrer* voru upphaflega þeir kaupmenn sem sigldu til Skánar þegar mikið var um síld í Eystrasalti og keyptu kaupmennirnir hana í tunnum.¹⁶ Raunar áttu *Schonenfabrer* í Lübeck stærstan þátt í allri síldarverslun á Skánarsvæðinu á 14. og 15. öld og þeir áttu mestan þátt í því að stofna gildi Skánarfara í Hamborg árið 1395. Skánarfara frá Hamborg tóku við síldinni frá Lübeck og seldu hana til landa við Norðursjó.¹⁷ Á 15. öld hvarf síldin úr Eystrasalti en fór að veiðast í stórum stíl í Norðursjó. Þetta var mikið áfall fyrir fiskimenn á Skáni og kaupmenn í Lübeck en var gullnáma fyrir hollenska fiskimenn og skapaði grundvöllinn fyrir auði hollenskra borga. Þetta bætti einnig stöðu *Schonenfabrer* í Hamborg sem urðu óháðir félögunum í Lübeck. Þeir voru nú í góðri aðstöðu til að kaupa síld og selja hana áfram í Þýskalandi og víðar. Bæði *Schonenfabrer* í Lübeck og Hamborg höfðu einnig keypt annan fisk, einkum þorsk. Best væri að lýsa hlutverki *Schonenfabrer-Gesellschaft* í Hamborg sem samtökum fiskkaupmanna borgarinnar.

Aðeins eitt hreinræktað iðnaðarmannagildi í Hamborg naut nægrar virðingar til að félagar þess teldust jafnmerkilegir og kaupmennirnir en það var gildi bruggara, *Brauer-Gesellschaft*. Vöxtur Hamborgar á miðöldum var nátengdur ölgerð; Hamborg varð þá merkasta ölgerðarborg Evrópu.

Að vera í öðru gildi en þessum fimm, sem hér hafa verið talin, fól ekki í sér virðingu eða háa stöðu fyrir borgarana. Þess var til dæmis krafist af félagsmönnum í samtökum Íslandskaupmanna og Björgvinjar-kaupmanna að þeir gengju einnig í einhver hinna virðulegu og viðurkenndu gilda.¹⁸

Kaupmannagildin þrjú, *Flandernfabrer*, *Englandfabrer* og *Schonenfabrer*,

¹⁵ Flandern nær yfir mestalla núverandi Belgíu og hluta af Norður-Frakklandi.

¹⁶ Skánn var þá hluti af Danmörku en er nú syðsti hluti Svíþjóðar.

¹⁷ *Kommerzbibliothek Hamburg*, s/439, Nachricht von dem vorigen und itzigen Zustande der Flandern, Englands und Schonenfabrer-Gesellschaften.

¹⁸ Sama heimild.

stofnuðu í sameiningu verslunarráð Hamborgar á 16. öld og voru einu stjórnendur þess.¹⁹

Félög Íslandskaupmanna og Björgvinjarkaupmanna höfðu hvorki sameiginlegan rekstur né sameiginlegt vöruhús í Hamborg.²⁰ Ráðið (senatið) viðurkenndi þau ekki sem fullburða gildi.²¹ Hér var fyrst og fremst um bræðralag að ræða.²² Íslandskaupmenn lofuðu þannig að styðja hvern annan í neyð, reisa saman kapellu og hugsanlega bera saman bækur sínar. Meginverkefnið var raunar rekstur fátækra sjóðs, *Armenkasse*, til að styrkja aldraða kaupmenn, kaupmannsekkjur og ung börn látinna kaupmanna.²³ „Meginverkefni *Islandsfabrerbrüderschaft* var hjálparstarf fyrir nauðstadda féлага og fjölskyldur þeirra“.²⁴

Í riti sínu um Íslandsverslunina reyndi Ernst Baasch að sýna fram á að Íslandskaupmenn frá Hamborg hefðu einkum farið með íslensku skreiðina á markaði í Englandi.²⁵ Náin tengsl hefðu verið milli Englands- og Íslandskaupmanna og hefðu þeir síðarnefndu verið í *Englandfabrer-Gesellschaft* í stórum stíl.²⁶ Þetta styður það sem á undan er sagt að borgarar þurftu að vera í einhverju af hinum fimm helstu gildum.²⁷

¹⁹ *Dokumente zur Geschichte der Handelskammer Hamburg 1965*, bls. 10.

²⁰ Björgvinjarkaupmenn áttu þó einhverjar sameiginlegar eignir í Noregi.

²¹ *Kommerzbibliothek Hamburg*, s/439. Nachricht von dem vorigen und itzigen Zustande der Flandern, Englands und Schonenfahrer-Gesellschaften.

²² Baasch kaus helst að telja samtök Íslandskaupmanna *Gesellschaft* (félag) en eiginlegt nafn þess var *Brüderschaft* (bræðralag). Hér var mikill munur á. Jón Aðils, *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602–1787*, bls. 22, fylgdi fordæmi Baasch..

²³ *Kommerzbibliothek Hamburg*, s/439. Nachricht von dem vorigen. Sjá og rit þess merka sagnfræðings, R. Ehrenbergs, sem kemst m.a. að sömu niðurstöðu í ritgerð sinni, 1899, en aðalheimild í rannsóknnum hans á Íslandsverslun Hamborgarmanna 1533–1628 var reikningsbók *Islandfabrer Brüderschaft* um fátækra framfærslu, sbr. „Zur Hamburger Islandsfahrt“, bls. 16–17. Skýrast kemur þetta álit fram í handriti Gerd Steinbrinkers *St.A. Steinbrinker, Gerd, Hamburger kaufmannische Fahrengesellschaft. Handschrift 657*. Hann sýndi fram á það með góðum rökum að Ernst Baasch hefði í riti sínu um Íslandsferðir Þjóðverja, *Die Islandsfabrt der Deutschen*, hvergi sýnt fram á það að félag Íslandskaupmanna, *St. Annen Brüderschaft*, hefði verið annað en velgerðarfélag.

²⁴ Reissmann, *Die Hamburgische Kaufmannschaft des 17. Jahrhundert*, bls. 183.

²⁵ Baasch, *Die Islandsfabrt der Deutschen*, bls. 118–121.

²⁶ Þetta mun hafa átt við fyrstu áratugi 16. aldar, sbr. Friedland, „Hamburger Englandfahrer 1512–1557“, bls. 8.

²⁷ Ernst Baasch var mjög afkastamikill fræðimaður í nær hálfa öld, frá níunda áratug 19. aldar til þriðja áratugs 20. aldar. Hann var jafnframt forstöðumaður Verslunarbókasafnsins í Hamborg. Kaupmenn og verslunarmenn Hamborgar voru á starfsárum

Eins og kunnugt er háðu Hamborgarmenn og Englendingar miklar orrustur hér á landi sem náðu hámarki í Grindavíkurstriðinu svonefnda 1532.²⁸ Eftir þessar væringar virðist sem dregið hafi úr ferðum Íslandskaupmanna til Englands og þarf það ekki að koma á óvart. Jafnvel dró úr því að Íslandskaupmenn gerðust félagar í *Englandfabrer-Gesellschaft* í Hamborg. Í staðinn fóru þeir að ganga í *Schonenfabrer-Gesellschaft*.

Diðrik van Mynden²⁹, fógæti konungs á Íslandi, sem drepinn var í Skálholti 10. ágúst 1539 fyrir baráttu sína við kaþólsku kirkjuna³⁰, var annað hvort *Schonenfabrer* eða í öðrum nánum tengslum við félagsskap þeirra enda var dauða hans sérstaklega getið í skjölum gildisins.³¹ Ef félagaskrá Bræðralags Íslandskaupmanna er borin saman við félagaskrár gilda *Schonenfabrer* og *Englandfabrer* í Hamborg til 1632 er niðurstaðan þessi: Af 49 nöfnum Íslandskaupmanna voru 26 aðeins í *Englandfabrer-Gesellschaft* og 22 aðeins í *Schonenfabrer-Gesellschaft* og einn var í báðum gildunum.³²

4.4. Efling og vöxtur Hamborgar

Íbúafjöldi Hamborgar í tímans rás segir talsvert um styrk hennar. Tiltölulega fáir íbúar voru í borginni fram á 15. öld en við breytingarnar á síldveiðum á 15. öld breyttust aðstæður í borginni. Ekki er ýkjulaust að segja að íbúafjöldinn hafi tífoldast á tímabilinu 1500-1800. Giskað hefur verið á að íbúafjöldinn hafi verið þessi á tilteknum árum:³³

Baasch yfirleitt miklir Englandsvinir og töldu að velgengni borgar sinnar væri að miklu leyti háð góðum tengslum við breska heimsveldið. Englandsvinátta Baasch kemur víða fram í ritum hans. En jafnframt var Baasch, eins og verslunarstéttin í Hamborg, mikill fylgismaður útpenslu Hamborgar í viðskiptum og því reyndi hann að gera sem mest úr verslun Hamborgar fyrr á tímum, til dæmis á Íslandi.

²⁸ Um átök Englendinga og Hamborgarmanna við Íslandsstrendur og á Íslandi má m.a. lesa í bók Helga Þorlákssonar, *Saga Íslands VI. Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds*, bls. 30–32.

²⁹ Í þýskum heimildum: Dyrich van Minden.

³⁰ Sbr. Pál Eggert Ólason, *Sextánda öldin. Höfuðþættir. Saga Íslendinga IV*, bls. 96–98.

³¹ *StA*. Genealogische Sammlungen 59–3. Sterbefälle und Bestattungen, 1521–1706; sjá og *St.A. F. Kr. Chr.* Piper, Verzeichnis der Hamburger Shetland-Fahrer.

³² *StA*. 612-2/5 og 612-2/3. Enn fremur *StA*. Harry P. Krüger: Namenverzeichnisse für die England- und Schonenfahrer (Handschrift).

³³ Lehe, *Die Märkte Hamburgs von den Anfängen bis in die Neuzeit*, bls. 55–56.

SAGA HOLTSETALANDS OG HAMBORGAR OG ÆVINTÝRI DANAKÓNGA

| | |
|-------|---------|
| 1550: | 20.000 |
| 1600: | 40.000 |
| 1700: | 75.500 |
| 1787: | 100.000 |
| 1800: | 130.000 |

Verslunarsvæði Hamborgar byggðist frá upphafi á viðskiptatengslum borgarinnar, fyrst í Slésvík og Holtsetalandi og raunar Jótlandi að stórum hluta, enn fremur við nálæg héruð fyrir sunnan, austan og vestan borgina.³⁴ Úr þessum landbúnaðarhéruðum fengu bruggarar hráefni í ölgerð sína sem var lengi mikilvægasta iðngrein borgarinnar.

Efling Hamborgar átti sér að nokkru leyti rætur í því að fyrrnefnd landbúnaðarsvæði efdust mjög á 15. og 16. öld, en einnig vegna þess að borgin náði forystu og verslunarrétti ýmissa annarra þýskra borga eins og Harburg sunnan við Saxelfi, Stade, vestan við fljótið og Lüneburg, Wittenberge og allt til Magdeburgar ofar í fljótinu. Í stuttu máli varð Hamborg helsta verslunarborg ekki aðeins í Norður-Þýskalandi heldur í stórum hlutum Mið-Þýskalands; allur norðurhluti Saxelfarsvæðisins varð verslunarsvæði Hamborgar sem teygði sig í austurátt til Berlínar, en sú borg stækkaði ört með vaxandi veldi Brandenburgar/Prússlands á 17. og 18. öld. Þaðan voru tengsl við fljótasvæði Oder eins og rakið hefur verið. Við lok 18. aldar var Hamborg orðin stærsta verslunarborg Norður-Evrópu utan Bretlands.³⁵

Aukinn styrkur Hamborgar átti sér einnig rætur í fiskverslun. En Hamborgarmenn hrepptu mikið af þeim auði, sem mestan þátt átti í veldingni Hollendinga á 16. öld, Norðursjávarsíldinni. Í hlut Hamborgar kom að selja hollensku síldina á Saxelfarsvæðinu og austur á bóginn til Eystrasaltslanda. *Schonenfabrer-Gesellschaft* sá alla tíð um alla síldarsölu Hamborgarmanna og héldu þeir fast í einokunarrétt sinn á síldarsölu frá Hollandi, t.d. árið 1700.³⁶

Náin tengsl voru jafnan milli Hollands og Hamborgar. Þannig er talið að á fyrri hluta 17. aldar hafi 25% allra auðæfa Hamborgar verið í eigu Hollendinga.³⁷ Hollensk áhrif voru að jafnaði mikil í borginni, ekki síst á

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sama heimild, bls. 54.

³⁶ Reissmann, *Die Hamburgische Kaufmannschaft des 17. Jahrhundert*, bls. 163–164.

³⁷ *Gebhardt Handbuch der deutschen Geschichte* II, bls. 476.

17. öld. Því var lítið um galdrabrennur í Hamborg andstætt því sem gerðist víða annars staðar í Þýskalandi, einkum í Mið- og Suður-Þýskalandi, en galdrabrennur voru nánast úr sögunni í Hollandi á 17. öld.³⁸

En þótt hollenskar borgir væru almennt í nánum tengslum við Hamborg, kom það fyrir að Hollendingum þætti vöxtur borgarinnar vera meiri en nógur. Þannig voru ráðamenn Hollands lítt hrifnir af því þegar farið var aftur að selja íslenskar vörur til Hamborgar 1627–1639³⁹, hafa sennilega viljað að þær færu til hollenskra borga.

Það er tilgáta mín að Skánarfarar hafi ráðið allri fiskverslun Hamborgar frá því um 1600. Hins vegar var lítið um að fiskveiðar væru stundaðar frá Hamborg, ólíkt því sem var í Altona.⁴⁰

Öldin sextánda var reyndar tími efnahagsframfara víðast hvar í Evrópu og efdust þá fleiri borgir en Hamborg. En fram undir 1600 fékk Hamborg löngum að vera í friði fyrir ágirnd fursta; hún varð lútersk eins og Norður-Þýskaland yfirleitt og samstaðan við önnur lútersk ríki var þá allmikil.

4.5. Skipting Holtsetalands


Árið 1448 var Kristján greifi af Oldenburg kjörinn konungur Danmerkur.⁴¹ Um 1460 var sú grein Schauenborgara sem réð Slésvík-Holtsetalandi, að undanskildu greifadæminu Pinneberg, að kalla

³⁸ Tími er kominn til að eyða goðsögninni um að Þorleifur Kortsson, lögmaður norðanlands- og vestan hér á landi 1662–1679, hafi sýnt mikinn dugnað við galdrabrennur vegna þess að hann hafi orðið fyrir áhrifum af galdrafárinu þegar hann í æsku dvaldi um skeið hjá ættingjum sínum í Hamborg. Þorleifur var raunar að einum áttunda hluta af þýskum ættum, að öðru leyti voru ættir hans alíslenskar.

³⁹ Grandjean, *Omkring Hans Nansen. Handels og sjøfartsforhold i 1600–talet*, bls. 49.

⁴⁰ Altona, sem upphaflega var fiskiþorp, vanrækti aldrei sinn forna atvinnuveg þótt hún margfaldaðist að stærð. Meðal helstu verkefna van der Smissen ættarinnar, sem átti langvöldugasta fyrirtækið í kaupstaðnum, voru fiskveiðar og hvalveiðar við Grænland, sjá Münte, „Das Altonaer Handlungshaus Van der Smissen 1682–1824“, bls. 32.

⁴¹ Þótt danskir konungar hafi að jafnaði verið valdamiklir, var Danmörk kjörríki. Ríkisráðið, sem endurnýjaði sig sjálft og sem í voru helstu aðalsmenn landsins, valdi konung hverju sinni. Sú hefð komst að vísu á eftir 1448 að velja ávallt konung af ættinni Oldenburg (Aldinborgara). Danmörk var kjörríki til ársins 1660 þegar það breyttist í erfðaríki.



Mynd 4.1. Kort af Slésvík (Schleswig), Holtsetalandi (Holstein) og nærliggjandi svæðum. Strikuðu svæðin sýna Slésvík og Holtsetaland um 1600 sem ýmist lutu stjórn Danakonungs eða hertogans af Gottorp. Línan efst sýnir „landamæri“ Slésvíkur og Holtsetalands. „Inni í Holstein“ sjást þrjú óstrikuð svæði en það eru greifadæmin Pinneberg, Rantzau og „biskupsdæmið“ Lübeck. Eins og sjá má var Slésvík og Holtsetalandi skipt milli Danakonungs og Gottorpsbertoga á einstaklega flókinn hátt.

útdauð, þ.e. beini karleggurinn var horfinn. Var þá Danakonungur, Kristján I, kjörinn hertogi og greifi þessa lands. Aðalsmennirnir sem völdu hann settu honum það skilyrði að hann myndi aldrei skilja að Slésvík og Holtsetaland. Þegar hertogadæminu var skipt árið 1490 milli sona Kristjáns I, Hans (Danakonungs 1481–1513) og Friðriks (Danakonungs 1523–1533), var þess vandlega gætt að yfirráðasvæði hvors um sig myndaði ekki landfræðilega heild. Þessi sérstæða skipting (sjá mynd 4.1) hélst fram á 18. öld að því undanskildu að eftir að Friðrik varð Danakonungur 1523 var hertogadæmið aftur óskipt til 1544. Árið 1549 lét sonur Friðriks I, Kristján III, hálfbræður sína, Hans og Adolf, fá hluta af Slésvík-Holtsetlandi (*Schleswig-Holstein*) og hafði hver um sig sinn þriðjung. Hans dó barnlaus og skiptust lendur hans jafnt

milli Danakonungs og hertogadæmis Adolfs. Það var kennt við höllina Gottorp skammt frá borginni Slésvík og ættin (Adolfsniðjar) bar því nafnið hertogar af Holstein-Gottorp.

Danakonungur styrkti nokkuð tók sín í hertogadæmunum þegar hann náði undir sig Pinneberg árið 1640. Það var ekki Hamborgarmönnum gleðiefni að fá þannig Danakonung fyrir nágranna. Þá komst fiskiþorpið Altona, sem var nálægt borgarmörkum Hamborgar, undir stjórn Danakonungs og breytti það miklu fyrir þorpið eins og rakið er síðar.

Hertogar ættarinnar Holstein-Gottorp snerust snemma á 17. öld af hörku gegn frændum sínum, Danakonungum. Þeir náðu góðum tengslum við Svíakonunga og Svíar fóru að sækja drottningar sínar og með tímanum einnig konunga til Gottorpsættarinnar. Í styrjöldum Dana og Svía á 17. öld, þar sem Svíar voru jafnan sigurvegarar, voru Gottorpshertogar yfirleitt nánir bandamenn Svíakonunga og í Svíastyrjöldunum var auðvitað slæmt fyrir Danmörku að hafa ávallt andstæðing sunnan við landið.

Stríðsævintýri Karls XII Svíakonungs frá árinu 1700 allt til ársins 1718 enduðu hins vegar með ósigri Svía og settu Gottorpsættina í nokkurn vanda. Árið 1720 lagði Danakonungur undir sig lendur Gottorpshertoga í Slésvík sem þá nánast sameinaðist Danmörku.

4.6. Átök Hamborgar við nágrannaríki

Svíþjóð hlaut endanlega sjálfstæði 1523 og Kristján III, Danakonungur 1536–1559, viðurkenndi það. Að vísu var styrjöld milli norrænu konungsríkjanna tveggja, Danmerkur-Noregs og Svíþjóðar-Finnlands 1563–1576, en hvorugt ríkið vann þá lönd af hinu. Danmörk og Noregur styrktu þó stöðu sína á vestanverðum Norðurlöndum en Svíþjóð beindi í staðinn athyglinni til austurs á næstu áratugum og vann lönd austan Eystrasalts.

Efling Hamborgar fór ekki framhjá neinum og skapaði með tímanum öfund. Það var þó fyrst í valdatíð Kristjáns IV Danakonungs (1588–1648) sem Danaríki fór að ágirnast borgina. Það var raunar hluti af almennri stefnu Kristjáns konungs að treysta stöðu sína í þýskumælandi löndum, en hún mistókst hrapallega og stuðlaði að því að Danmörk og Noregur misstu stór landsvæði til Svíþjóðar.

En hvað sem leið innbyrðis átökum í Hamborg sameinuðust allir ráðamenn þar í því að halda fast í sjálfstæði borgarinnar gagnvart öllum þeim

furstum sem ásældust hana. Úr suðri var furstinn í Hannover stöðugt að ergja borgarbúa en hættulegasti andstæðingurinn var að sjálfsgöðu Danakonungur og hertogi Holtsetalands í norðri. En Danakonungur og Hannoverfursti voru engir bandamenn og hvorugur gat unnt hinum að ráða yfir Hamborg þannig að vel var hægt að etja þessum furstum hvorum á móti öðrum. Slíkt var plagsiður Hamborgarmanna til að halda sjálfstæði sínu; þeir höfðu lítið hervald meðan lénsfurstarnir og konungar allt frá miðöldum og fram á 19. öld litu á hermennsku sem mikilvægasta verkefni sitt.

Á 18. öld höfðu ýmsir furstar í hótunum við Hamborg sem tókst þó alltaf að afla sér bandamanna meðal annarra fursta. Helstu leikendur í því spili voru Danakonungur, sem var jafnan í árásarhug, Prússland, sem á víxl var vinsamlegt og óvinsamlegt, og keisaradæmi Habsborgara í Vín, sem var að jafnaði vinsamlegt. Allt var þetta samt breytilegt. Þannig var Prússland árið 1733⁴² komið í árásarhug gagnvart borginni en 1734–1736 varði það borgina gegn sameinuðum fjandskap Danmerkur og Vínarkeisara.⁴³ Grundvallardeilur stóðu þó lengi milli Danmerkur og Hamborgar um tollamál Holtsetalands og fannst Danakonungi Hamborg hafa þar fé af landinu. Einkum var deilt um fornan tollarétt Schauenborgara í Pinneberg en Danakonungur taldi að Hamborg hefði hrifsað þennan toll til sín á óréttmætan hátt eftir 1640. Eftir langvinnar deilur sættust aðilar árið 1736 á það að Hamborgarmenn greiddu 500.000 ríkismörk *banco* til Danakonungs fyrir tolla sem hefðu verið innheimtir á „óréttmætan“ hátt í eitt skipti fyrir öll og var þetta deiluefni þar með úr sögunni.⁴⁴ Prússland tók við hlutverki keisarans í Vín sem aðalverndari Hamborgar þegar á 18. öld og efldust þessi góðu samskipti á 19. öld.

4.7. Átök Hamborgar við Danakonung á 17. öld

Afstaða Kristjáns IV kom skýrt fram þegar hann svipti Hamborgarmenn rétti til Íslandsverslunar árið 1602 og afhenti hann þremur borgum við Eyrarsund þrátt fyrir að hann teldi sig vera hæstráðanda Hamborgar. En

⁴² Pitz, *Die Zolltariffe der Stadt Hamburg*, bls. 461.

⁴³ Ramcke, *Beziehung zwischen Hamburg und Österreich*, bls. 126.

⁴⁴ Eða 166.667 ríkisdali. Sbr. Liebolt, „Der Streit über die Jurisdiktion in Schauenburgischen Hofe zu Hamburg“, bls. 418–419.

FISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR

enga skatta fékk hann frá borginni og eitthvað hikuðu borgarbúar við að viðurkenna yfirráð hans. Þeir reyndu þó að friða konung með því að hylla hann sem lénsheerra sinn 1612 en hann lét þetta sem vind um eyru þjóta enda fylgdi ekkert fé þessari hyllingu og veitti hann borginni engin réttindi í staðinn. Þvert á móti fór hann að vinna ötullega gegn henni í þeim tilgangi að kúga hana undir vald sitt.

Árið 1616 hóf konungur að reisa nýja borg á yfirráðasvæði sínu við mynni Saxelfar og gaf henni hið bjartsýna heiti Glückstadt (Lukkustaður). Meiningin var að borg þessi yrði ekki aðeins keppinautur Hamborgar heldur kæmi í stað hennar sem Saxelfarveldi.⁴⁵ En Glückstadt var ekki vel staðsett og var talsvert lengra en Hamborg frá fljótinu, erfitt var að verja borgina og höfnin var fremur léleg. Því hefur verið haldið fram að rétti staðurinn til að reisa borg til höfuðs Hamborg hafi verið Altona en þessi litli fiskibær nálægt borgarmúrum Hamborgar tilheyrði þá greifadæminu Pinneberg og var því ekki eign Danakonungs.⁴⁶

Eftir að Pinneberg komst undir dönsk yfirráð fór Altona að eflast og fékk kaupstaðarréttindi 1664. Borgin stækkaði ört næstu áratugi og aldir meðan Glückstadt náði aldrei sómasamlegri stærð, þótt hún hefði verið gerð að sérstakri vörumiðstöð fyrir Íslandsverslunina, en 1620 bannaði Kristján IV útflutning á íslenskum vörum til Hamborgar.⁴⁷ Jafnframt varð Glückstadt stjórnarsetur Danakonungs í Holtsetalandi og hélt því hlutverki þangað til Danir misstu landið 1864.

Altona varð þannig aðalverslunarborgin í danska hluta Holtsetalands meðan stöðnun ríkti í Glückstadt. Þrátt fyrir konunglegar tilskipanir reis aldrei öflug verslunarstétt í Glückstadt, sem gat yfirtekið viðskiptasambönd Hamborgarmanna í Mið-Evrópu.⁴⁸ Því gripu dönsku Íslandskaupmennirnir til þess ráðs 1627–1639 að selja Hamborgarmönnum vörurnar

⁴⁵ Grandjean, *Omkring Hans Nansen. Handels og sjøfartsforhold i 1600-talet*, bls. 40; Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 97–104.

⁴⁶ Gregersen, *Slesvig og Holstein før 1830*, bls. 304–305.

⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁸ Glückstadt var samt lengi þekkt fyrir fjölbreytilegt mannlíf og alþjóðlegt yfirbragð enda ríkti þar trúfrelsi og umburðarlyndi. Um borgarbúa var haft á orði á 17. eða 18. öld: „Ein Herr aus Glückstadt spricht Französisch mit der Frau/ Deutsch mit der Dienstboden/ Dänisch mit dem Hund/ Plattdeutsch mit sich selbst“. (Herrann frá Glückstadt talar frönsku við konuna, (há)þýsku við þjónustuliðið, dönsku við hundinn, lágþýsku við sjálfan sig). Bruhn, *Glückstadt an der Elbe*, bls. 21.

sem fluttar voru til Glückstadt.⁴⁹ Danakonungur reyndi að hindra þessi viðskipti við Hamborgarmenn með ýmsum ráðum en án árangurs. Þeir héldu áfram að versla með íslensku skreiðina allt einokunartímabilið (en því lauk eins og kunnugt er árið 1787). Tök Hamborgar á sölu íslensku skreiðarinnar fóru að minnka þegar beinar siglingar hófust til Miðjarðarhafsins frá Norðurlöndum á seinni hluta 18. aldar og saltfiskur fór smám saman að koma í stað skreiðar 1764–1820.

Það er raunar nokkuð merkilegt að Glückstadt, borgin sem stofnuð var í þeim tilgangi að eyðileggja verslun Hamborgarmanna með Íslandsskreið, skyldi fá það hlutverk að vera milliliður í verslun danskra Íslandskaupmanna og Hamborgarmanna með Íslandsskreiðina.⁵⁰

Árið 1628 lagði Danakonungur á sérstakan Saxelfartoll sem átti að verða hliðstæða Eyrarsundstollsins. Öll skip, sem sigldu um mynni Saxelfar, áttu að greiða hertoga Holtsetalands, þ.e. Kristjáni IV Danakonungi, ákveðinn toll. Tollinn átti að innheimta við flotastöð hertogans í Glückstadt.

Það segir nokkuð um hvað almennar starfsreglur í verslun voru lítt mótaðar á þessum tíma að úr því að Danakonungi tókst ekki að stofna öflugra verslun í Glückstadt, var borgin nýtt sem herskipalægi til að hirða fé af skipum sem sigldu um mynni Saxelfar. Flest þessi skip komu frá Hamborg. Tollur þessi var hár og nam 70–80 þúsund ríkisdöllum árlega en yfirleitt tókst mjög illa að innheimta hann.⁵¹

Þetta gerðist í miðju 30 ára stríðinu 1618–1648 en þessi styrjöld var að nafninu til stríð milli mótmælenda og kaþólikka en með tímanum varð það meira eða minna stríð allra gegn öllum, kaþólskir fóru að berjast gegn kaþólskum og mótmælendum gegn mótmælendum.

Merkilegt er að það var árið 1628 sem ákveðið var að hefja innheimtu Saxelfartolls. Kristján IV gerðist þátttakandi í Þrjátíu ára stríðinu 1625 og vildi með því auka veg sinn og konungsríkisins í nafni lúterstrúar en þetta mistókst með öllu; hann tapaði rækilega í orrustu 1626 og þýskar hersveitir keisarans eltu þær dönsku norður eftir Holtsetalandi og Slésvík

⁴⁹ Grandjean, *Omkring Hans Nansen. Handels og sjøfartsforhold i 1600–talet*, bls. 42–49, 67–70.

⁵⁰ Vöruhúsi Íslandskaupmanna í Glückstadt var lokað 1771 og keyptu Hamborgarmenn eftir það Íslandsskreiðina í Kaupmannahöfn eins og getið er í kaflanum um verðskrár í Hamborg.

⁵¹ Schmoller, *Jahrbuch für Gesetzgebung*, Achter Jahrgang, 1884, bls. 49.



Mynd 4.2. *Kristján IV Danakonungur.*

og lögðu mestallt Jótland undir sig. Friður var saminn árið 1629 því að keisarinn í Vín, sem að nafninu til var leiðtogi kaþólikka í stríðinu, þurfti á öllum sínum hersveitum að halda til að snúast gegn hersveitum sænska konungsins, Gústafs Adolfs II, sem var kominn til Þýskalands í sömu erindagjörðum og Kristján IV. En andstætt Danakonungi var Gústaf Adolf sérdeilis vel heppnaður herforingi. Fyrir bragðið náði Danakonungur góðum friðarsamningi við keisarann í Vín og fékk aftur fyrri lönd sín í

Jótlandi, Slésvík og Holtsetalandi án minnstu skerðingar. Hins vegar breyttust valdahlutföllin á Norðurlöndum Svíþjóð mjög í hag, enda vann Svíþjóð mörg lönd af Danmörku 1645–1658.

Í tolladeilunni við mynni Saxelfar 1628–1645 studdi kaþólski keisarinn í Vín hina lútersku Hamborg gegn hinni lútersku Danmörku og mótmælti þessum tolli harðlega. Kristján IV lét þá á laun sendiboða sína fara á fund aðalhershöfðingja hinna kaþólsku hersveita Wallensteins.⁵² Tókst sendiboðunum að fá hershöfðingjann til að samþykkja þvingunar- aðgerðir Kristjáns IV gegn Hamborgarmönnum.⁵³ Af skiljanlegum ástæðum lenti Wallenstein í átökum við herra sinn, keisarann, sem tví-

⁵² Wallenstein starfaði oft eins og hann væri með öllu óháður herra sínum, keisaranum.

⁵³ Freudenberger, *Hamburgs Streit mit Christian IV. von Dänemark über den Glückstädter Zoll 1630–1645*, bls. 10. Það ótrúlega var að Wallenstein var ásakaður um að þiggja mútur af Danakonungi, jafnvel að hirða Saxelfartollinn að miklu leyti sjálfur.

vegis setti hann af fyrir sviksemi við sig þannig að óvíst er hvort Kristján IV hafi grætt mikið á lofordum hershöfðingjans.

Til að hefna sín fyrir allar ófariðnar í Þrjátíu ára stríðinu, einkum í baráttunni gegn Vínarkeisara og Svíum, lét Kristján IV gera allar eigur Hamborgarmanna í Danmörku og Noregi upptækar árið 1630.⁵⁴

Það sýnir sennilega hve Saxelfurtollurinn innheimtist illa að 1631 bauð Kristján IV Hamborgarmönnum frið sinn og vináttu fyrir 300.000 ríkisdali. Ekkert varð af þessari áætlun.⁵⁵

Svíum, sem nú voru öflugir í Þýskalandi eftir mikla sigra í stríðinu, var einnig illa við hugmyndina um Saxelfartoll enda skyldi hann einnig innheimtur af sænskum skipum. Það var ekki slæmt fyrir Hamborgarmenn að njóta í deilum þessum bæði stuðnings Svíþjóðar og keisarans í Vín, þessara tveggja erkifjenda í 30 ára stríðinu.

Samningaumleitarnir milli Danakonungs og Hamborgarmanna áttu sér stað öðru hverju, m.a. 1640, og lofuðu þá báðir aðilar að hætta að mismuna hinum en ekki var þá minnst á Saxelfartollinn sérstaklega. Kristján IV vildi eftir sem áður halda í hann en Hamborgarmenn voru áfram ófúsir til að greiða hann.⁵⁶ Að lokum fór þó svo að Kristján IV taldi sig vera í stöðu til að sýna Hamborgarmönnum í tvo heimana. Vorið 1643 setti Kristján IV hafnbann á Hamborg til að knýja borgarbúa til hlýðni og peningagreiðslna. Hertoginn af Gottorp tók að sér að vera sáttasemjari í deilunum og Svíar vildu nú ekkert skipta sér af þeim, þeir höfðu nóg annað á sinni könnu í bili, og sama gildi um keisarann í Vín. Útlitið virtist ömurlegt fyrir Hamborgarmenn.⁵⁷

Hamborg lofaði að greiða Danakonungi 280.000 ríkisdali gegn því að hann veitti borginni fulla sátt og skilaði Hamborgarmönnum aftur hernumdu góssi í löndum sínum. Jafnframt skyldi Saxelfartollurinn haldast óbreyttur.⁵⁸ Þetta voru harðir kostir fyrir Hamborg og var því samþykkt að þegar borgin hefði greitt alla þessa upphæð, skyldi haldinn nýr

⁵⁴ Sama heimild, bls. 11.

⁵⁵ Sama heimild, bls. 41.

⁵⁶ Loose, *Hamburg und Christian IV. von Dänemark während der Dreissigjährigen Krieges*, bls. 85.

⁵⁷ Freudenberger, *Hamburgs Streit mit Christian IV. von Dänemark über den Glückstadter Zoll 1630–1645*, bls. 82.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 85.

sáttafundur Danakonungs og Hamborgarmanna í holsteinsku borginni Itzehoe. Þar lögðu Hamborgarmenn fram bænarskrá:⁵⁹

1. Saxelfartollinn skyldi afnema og sá tollur, sem þegar hafði verið inntur af hendi, endurgreiddur.
2. Öll hertekin skip og vara sem gerð hafði verið upptæk skyldi afhent Hamborg.
3. Ný útgjöld sem lögð höfðu verið á vörur Hamborgarmanna í ríkjum Danakonungs yrðu afnumin.
4. Hætt skyldi öllu áreiti við ríkisrétt Hamborgar.
5. Hamborg fengi tollafríðindi á Eyrarsundi.
6. Hamborgarkaupmenn fengju að sigla til Íslands og Færeyja.

Raunar lögðu fulltrúar Hamborgar megináherslu á afnám Saxelfartollsins. Þessum umræðum lauk án árangurs en fulltrúar konungs voru augsýnilega þakklátir fyrir lofordin um greiðslu 280.000 ríkisdala og kváðust myndu skoða hugmyndina um afnám tollsins með vinsamlegu hugarfari.⁶⁰ Innrás Svía og Hollendinga í Holtsetaland og Jótland haustið 1643 gerði frekari samningaviðræður ónauðsynlegar í bili.

Friður komst á í stríðinu milli þessara lútersku og kalvínsku ríkja þegar Danakonungur fékk stuðning kaþólska keisarans í Vín. Danir misstu Halland til Svía en fengu öllum að óvörum að halda Holtsetalandi og þar með Glückstadt sem þá var í rúst.⁶¹ Borgin var endurbyggð 1648 til 1650.⁶² Fyrir Hamborgarmenn þýddi þessi ósigur Danakonungs að Saxelfartollurinn var nú endanlega afnuminn og kom í ljós að Hamborgarmenn áttu ennþá ógreidda 120.000 ríkisdali af þeim 280.000 sem þeir upphaflega áttu að greiða og var ákveðið að þessar eftirstöðvar skyldu felldar niður.⁶³

⁵⁹ Loose, *Hamburg und Christian IV. von Dänemark während der Dreissigjährigen Krieges*, bls. 107.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 108–109.

⁶¹ Detlefsen, „Aus Geschichte der Hopsteinische Elbemarchen“, bls. 220–225; Freudenberger, *Hamburgs Streit mit Christian IV. von Dänemark über den Glückstadter Zoll 1630–1645*, bls. 85.

⁶² Sama heimild, bls. 239–242.

⁶³ Loose, *Hamburg und Christian IV. von Dänemark während der Dreissigjährigen Krieges*, bls. 114.

Danir áttu fullt í fangi á næstu áratugum með að verjast árásum Svía. Þannig misstu þeir árið 1658 mjög stór landsvæði sem síðan hafa flest tilheyrt Svíþjóð. Það tók því talsverðan tíma fyrir Danakonung að safna kröftum að nýju til að gera kröfur á hendur Hamborg. Árið 1686 hafði Danakonungur náð sér á strik aftur og ákvað að fara með her til Hamborgar og leggja borgina undir sig en norður-þýsk ríki sameinuðust um að koma í veg fyrir þessa dönsku árás.⁶⁴

4.8. Lausn á deilum að sið 18. aldar og seinni tíma lagfæringar á henni

Árið 1725 kvæntist gottorpski hertoginn, Karl Friðrik, einni af mörgum dætrum Péturs mikla Rússakeisara. Sonur þeirra, sem fæddur var 1728, hét Karl Peter Ulrich. Hann erfði hinn gottorpska hluta Holtsetalands⁶⁵ árið 1739 og var valinn ríkisarfi Rússlands 1742, og fluttist þangað brátt með lífverði sína frá Holtsetalandi.⁶⁶ Í Rússlandi hélt hann Pétursnafninu einu, afa sínum til heiðurs. Árið 1745 kvæntist hann Katrínu sem fædd var 1729, en hún var einnig þýsk. Hjónin voru nánast börn, 16 og 17 ára að aldri, og var hjónabandið stirt en barnmargt.⁶⁷ Katrín var duglegri en Pétur við að mynda tengsl við ýmsa rússneska valdamenn enda hafði hún ekki haft með sér til Rússlands stóran þýskan leikfélagahóp. Í janúar 1762 varð Pétur keisari Rússlands og meðal hugmynda hans var að senda Katrínu í klaustur og fara í stríð við Danmörku vegna Slésvíkur-Holtsetalands.

Það var mikil gleði við dönsku hirðina þegar heyrðist að Pétur III Rússakeisari og hertogi af Holstein-Gottorp hefði látist voveiflega í júlí 1762 og við rússnesku krúnunni hefði tekið ekkja hans Katrín. Rússneski ríkisarfinn, Páll, sem þá var barn að aldri, var hins vegar þegar nefndur hertogi af Holstein-Gottorp. Meðal fyrstu verka drottningarinnar var að senda heim hermennina frá Holtsetalandi enda hafði hún lítinn áhuga á valdabróltinu þar. Hún vildi halda jafnvægi í samskiptum Danmerkur og

⁶⁴ *Brockhaus Encyclopädia*.

⁶⁵ Sem hagkvæmnis vegna verður nefndur Holstein-Gottorp enda engin hefð í íslenskri tungu fyrir að gefa þessu landsvæði sérstakt heiti.

⁶⁶ Og sumir segja leikfélaga.

⁶⁷ Þessi staðreynd hefur valdið ýmsum sagnfræðingum heilabrotum.

Hamborgar og meðal fyrstu stjórnarverka hennar 1762 var að hindra yfirgang Danmerkur gagnvart Hamborg.⁶⁸

Seint á 17. öld hafði greifadæmið Oldenburg komist undir Danakonung. Það nýttist nú sem skiptimynt milli þjóðhöfðingja. Katrín vildi losna við vandann í Sésvík-Holtsetalandi enda hafði hún að eigin mati veigameiri viðfangsefni að glíma við, t.d. að ná sem mestu af Finnlandi frá erfðafjendum Dana, Svíakonungum. Þeir voru nú af ættinni Holstein-Gottorp sem hefur varla dregið úr andúð Katrínar á Svíum. Miklar samningaviðræður hófust sem lauk 1773. Rússar og Danir skiptust á hinni „dönsku“ Oldenburg og „rússnesku“ Holstein-Gottorp. Frændi Péturs III heitins Rússakeisara varð nú greifi í Oldenburg⁶⁹ og Danakonungur varð nú hertogi í öllu Holtsetalandi.

Hamborg var virkur aðili að þessum samningi sem hefur verið nefndur samningur milli Danmerkur, Holstein-Gottorps og Hamborgar.⁷⁰ Borgin hafði átt fulltrúa við rússnesku hirðina sem komu sér vel við Katrínu miklu. Því var það að hluti samkomulagsins um Holtsetaland fólst í því að Danmörk viðurkenndi formlega sjálfstæði Hamborgar eftir rösklega 260 ára baráttu gegn því.

Þannig lauk sjálfstæðisbaráttu Hamborgar gagnvart Holtsetalandi og Danmörku. Það breytti þannig engu um stöðu Hamborgar þótt danska krúnan styrkti síðar stöðu sína í Þýskalandi, t.d. þegar hertogadæmið Lauenburg bættist við Danaveldi 1814 sem smávægilegar skaðabætur fyrir það að Danakonungur missti Noreg til Svíakonungs. Þótt átök væru áfram milli Danmerkur og Hamborgar 1776–1784 dró enginn í efa sjálfstæði borgarinnar á nokkurn hátt og engar kröfur voru nú lagðar fram um dönsk yfirráð í borginni eins og venjan var í deilum fyrir 1773.⁷¹

Nauðsynlegt er að fara aðeins út fyrir tímarammann til að segja frá endalokum ævintýra Danakonungs í þýskumælandi löndum. Danmörk missti þau öll og meira til í styrjöld sem landið tapaði árið 1864; allri Slésvík, þ. á m. dönskumælandi norðurhlutanum, og hinum alþýsku löndum Holtsetalandi og Lauenburg. Árið 1920 sameinaðist Norður-Slésvík Danmörku aftur eftir að íbúar þar höfðu samþykkt þessa breytingu. Landamærin frá 1920 hafa verið óbreytt síðan. Suðurhluti Slésvíkur var að

⁶⁸ Ramcke, *Beziehung zwischen Hamburg und Österreich*, bls. 236.

⁶⁹ Ári síðar, 1774, varð hann hertogi af Oldenburg.

⁷⁰ Sama heimild.

⁷¹ Sama heimild, bls. 237.

ósk kjósenda þar sameinaður Holtsetalandi og til varð með tímanum þýska sambandslandið Schleswig-Holstein.

4.9. Borgin Altona

Í *Sögu Íslendinga* sem út kom 1944 segir Páll Eggert Ólason: „Síðan (eftir 1524) flutti Hannes Eggertsson með konu sinni og börnum til Altona og hafðist þar við í nokkur ár“.⁷² Fjórum árum síðar, 1948, skrifar Páll Eggert svo í *Íslenzkum æviskrám*: „Eggert Hannesson var ungur með foreldrum sínum fyrst hérlendis, síðan í Altona í Þýskalandi“.⁷³

En Altona var á þessum árum um og eftir 1524 aðeins örlítill fiskibær sem laut ekki einu sinni Danakonungi heldur greifanum af Pinneberg. Varla var nokkur byggð þar að ráði á þriðja áratug 16. aldar. Páll Eggert hefur gert sér grein fyrir þessu því að í *Íslenzkum æviskrám* skrifar hann 1949: „Hannes Eggertsson var í Hamborg 1524, fluttist þangað alfarinn 1525, með konu og börnum.“⁷⁴

Vilborg Auður Ísleifsdóttir hefur skýrt upphaflega missögn Páls Eggerts á þennan hátt: „Skömmu eftir að hirðstjórnartíma Hannesar lauk, tók hann sig til og fluttist til Hamborgar. Í hirðstjóraannáll séra Jóns Halldórssonar segir reyndar að hann hafi búið í Altonu sem var smábær í næsta nágrenni við Hamborg og mikill uppgangsstaður upp úr siðaskiptunum.“⁷⁵ Vilborg rekur upphafið að mismælunum í fyrstu frásögn Páls Eggerts, sem er virðingarverð fræðimennska. Séra Jón Halldórsson í Hítardal var fæddur árið 1665 og dó árið 1736. *Hirðstjóraannáll* hans var ritaður á fyrstu áratugum 18. aldar en þá var Altona komin í danska eign, hafði fengið kaupstaðarréttindi og var mikill uppgangsstaður með um 12.000 íbúa.⁷⁶

Lítill skilningur séra Jóns á sögu Altona er auðvitað afsakanlegur og auðvelt er að leiðrétta hann. En brýtur það ekki gegn íhaldssamri og þjóðlegri íslenskri sagnfræðihefð að efast um eitthvað sem sjálfur séra Jón

⁷² Páll Eggert Ólason, *Sextánda öldin. Höfuðþættir. Saga Íslendinga* IV, bls. 90.

⁷³ *Íslenzkar æviskrár* I.

⁷⁴ Sama heimild II.

⁷⁵ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565*, bls. 152.

⁷⁶ Kaufmann, *Die Sociale Gliederung und ihre Auswirkung aus der Wohlfahrtsamt*, bls. 13.

Halldórsson í Hítardal hafði sagt? Að minnsta kosti hefur Vilborg skrifað neðanmáls líkt og verið sé að afsaka misskilning merkisklerksins og lærdómsmannsins í Hítardal frá því snemma á 18. öld: „Altona tók að þróast sem sjálfstæður kaupstaður um 1530.“ Engrar heimildar er hér getið enda er þetta rangt. Síðan bætir hún við til að gera þverstæðuna greinilegri: „Reyndar er ólíklegt að Hannes hafi búið í Altona, eins og ‚hirðstjóra-annáll‘ getur um, því um 1520–30 voru þar einungis örfá hús“.⁷⁷

Rekjum aðeins sögu Altona. Í nýlegu riti sem fylgdi sýningu um sögu Altona segir svo: „Úr litlu þorpi fiskimanna og iðnaðarmanna breyttist Altona á 17. og 18. öld í blómlegan kaupstað undir vernd Danakonungs.“⁷⁸ En fyrstu merkin um að þar væri risin byggð eru frá 1538. Í heimild frá því ári er getið um eitt hús í Altona.⁷⁹ En um aldamótin 1600 fór íbúafjöldinn að aukast. Schauenborgargreifinn sem réð Pinneberg veitti nýjum borgurum greifadæmisins ýmis sérréttindi, t.d. trúfrelsi. Nokkrir flóttamenn notfærðu sér þetta og sumir þeirra settust að í Altona.⁸⁰

Eins og fyrr var getið náði Danakonungur Pinneberg á vald sitt árið 1640. Ekki var ríki hans beysið um þær mundir og lítið var gert fyrir Altona næstu áratugi. En eftir einveldistöku konungs árið 1660 var hafist handa og 1664 fékk Altona kaupstaðarréttindi með ýmsum forréttindum.⁸¹ Altona eflist stórum eftir veitingu kaupstaðarréttar með trúfrelsi, tollfríðindum og beinum styrkjum. Íbúatalan margfaldaðist á skömmum tíma og borgin varð keppinautur Hamborgar. Á 18. öld óx kaupstaðurinn úr 12.000 íbúum í 25.000 manna bæ.⁸²

En sá gamli Altonamisskilningur séra Jóns Halldórssonar er þrálátur. Þannig skrifar Helgi Þorláksson árið 2003: „Hannes [Eggertsson] var hirðstjóri til 1524 og tengsl hans við Þjóðverja komu fram í því að hann settist að í Hamborg, eða öllu heldur Altona, með konu og börnum.“⁸³

⁷⁷ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Síðbreytingin á Íslandi 1537–1565*, bls. 212.

⁷⁸ *Vom Fischmarkt zum Klövenstein*, bls. 7.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 5 og 7.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 8.

⁸¹ Kaufmann, *Die Sociale Gliederung und ihre Auswirkung aus der Wohlfahrtsamt*, bls. 12. Þetta er 134 árum síðar en Vilborg Auður Ísleifsdóttir taldi að borgin hefði fengið þennan rétt.

⁸² Sama heimild, bls. 13-14.

⁸³ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI. Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds*, bls. 27.

Raunar treysti Friederike Christiane Koch sér ekki heldur til að standa ákveðið gegn sannindum Hítardalsklerksins þótt hún vissi betur. Hún skýrir að vísu frá tengslum Hannesar við Hamborg, t.d. að hann varð félagi í *Schonenfabrer-Gesellschaft* en getur þess að samkvæmt íslenskum heimildum hafi hann sest að í Altona.⁸⁴ Hér þykir engin ástæða til að benda á að þessar heimildir voru rangar þótt höfundur hafi vitað að svo var.

4.10. Hannes Eggertsson/Hans Eggerdes

Hugleiðum aðeins uppruna og ættir Hannesar Eggertssonar hirðstjóra. Það mál er ekki eins tvímælalaust og Altonagoðsögnin, hér er einungis hægt að draga í efa gömul „sannindi“.

Allar tiltækar heimildir hafa það fyrir satt að Hannes hafi verið sonur Eggerts Eggertssonar lögmanns í Vík í Noregi sem hafði hlotið aðalstign úr hendi Hans I, konungs Danmerkur og Noregs. Svo mikið er víst að Eggert Hannesson reyndi að sækja aðalsbréf afa síns og sonarsonur Eggerts, Arendt Eggers (Árni Jónsson Eggertssonar) nefndi aðalsbréf þetta í heimildum árið 1619.⁸⁵ Engin ástæða er til að draga þetta efni í efa.

Eggerdes var með algengustu fjölskyldunöfnum í Hamborg, var oft skrifað Eggers. Menn með því eftirnafni finnast þegar á 13. öld í borginni.⁸⁶ Mjög algengt fornafn þessara karla var Hans og annað algengt var Eggers. Hans Eggerdes og Eggers Eggerdes voru mjög algeng nöfn í Hamborg frá 15. öld til 17. aldar. Af þeim 32 borgurum í Hamborg 1629–1653, sem höfðu ættarnafnið Eggers/Eggerdes, voru átta með skírarnafnið Hans.⁸⁷

Þegar Hannes Eggertsson flutti til Hamborgar um 1524 breytti hann mjög fljótt nafni sínu í Hans Eggerdes.⁸⁸ Það var lítið mál. Málin voru flóknari fyrir ýmsa afkomendur hans sem settust að í Hamborg. Jón murti

⁸⁴ Friederike Christiane Koch, *Isländer in Hamburg 1520–1662*, bls. 188. Hún sagði við mig í samtali vorið 1995 að þar sem hún væri ekki lærður sagnfræðingur hefði hún það fyrir sig að draga aldrei staðhæfingar sagnfræðinga í efa.

⁸⁵ Sama heimild, bls. 105.

⁸⁶ *Genealogisches Handbuch Bürgerlichen Familien, Deutscher Geschlechterbuch*, Band 1.

⁸⁷ *StA. Hamburg Bürgerbuch 1629–1653*.

⁸⁸ *StA. 612* ^{2/3}, Schaf nr. 9, bls. 32.

Jutvar vesteyrhúndet v. mid vere
 v. midetwintich weren Schaffers tom
 Oztinerhuyde andreas broyß vn
 hans holdt do gheuen desse wasren.
 Ahnis van mynden — x s
 Dyderick zinneheit — x s
 Hans eggerdes de vaghiet van Iblant
 xxvi s
 Abell mozmahm — x s
 Hanns ynen — xvi s
 Hanns speet — v s
 Hinrich haemens — xii s
 Peter ebelingh — v s
 Hinrich vubey — vii s
 Joahm vaghiet — vii s
 Jaspex holtmahm i hornkens gulde
 Vutbe moer — v s
 Pawell zinneheit i hornkens gulde
 Warnecke degheuer — x s
 Bernd Guemester i hornkens g

Mynd 4.3. Skjal sem sýnir greiðslu Hans Eggerdes „Vaghet van Iblant“ (fógeta frá Íslandi) til Schonenfabrer-Gesellschaft 1524.

Eggertsson hét þannig Hans eða Johannes Eggers í Hamborg. Sonur hans, Eggert Jónsson, hlaut nafnið Eggers Eggerdes.⁸⁹

Óneitanlega vekur tíðni nafnanna Hans (Hannesar) og Eggerts (Eggers) nokkra athygli. En hvaðan kom Eggert Eggertsson, lögmaður í Víkinni seint á 15. öld? Á þessum tíma voru þýskir kaupmenn mjög öflugir á Norðurlöndum. Þeir létu sér ekki kaupskap duga heldur keyptu sér gjarnan konungleg embætti og gátu í því starfi hyglað samborgurum sínum.

Augljós tengsl Hannesar Eggertssonar, hirðstjórans íslenska, við Hamborgarmenn allt frá upphafi, vekja þann grun að hinn margnefndi „norski“ faðir hans hafi hugsanlega haft svipuð sambönd í Hamborg og sonurinn, hafi í raun og veru heitið Eggers Eggerdes en breytt svo nafninu samkvæmt norskri nafnvenju. Hins vegar er ekki ólíklegt að hann hafi gert svipað í Noregi og sonur hans gerði á Íslandi síðar, hafi gengið að eiga konu af göfugum innlendum ættum til að styrkja stöðu sína í landinu. Friederike Christiane Koch var raunar hálf í hvoru á þeirri skoðun að þannig hafi málin gengið fyrir sig með þá feðga, Eggert Eggertsson og Hannes Eggertsson.⁹⁰ Vilborg Auður Ísleifsdóttir hefur rætt sérstaklega um norskan uppruna Hannesar og skrifar af varkárni að hann hafi verið „talinn norskra ættar“.⁹¹

En eins og Friederike Christiane Koch getur um í bók sinni var Hannes Eggertsson undir nafninu Hans Eggerdes meðlimur í gildi *Schonenfabrer* og var þar nefndur fógeti frá Íslandi.⁹²

⁸⁹ Koch, *Isländer in Hamburg 1520–1662*, bls. 217.

⁹⁰ Samtal við Friederike Christiane Koch seint í mars 1995. En eins og áður hefur verið rakið var hún mjög hógvær fræðimaður og var illa við að snúast gegn skoðunum íslenskra fræðimanna, hvort sem þeir voru lærðir sagnfræðingar eða ættfræðingar í frístundum, en vegna mikillar varkárni hennar og fræðilegrar nákvæmni gerði hún enga tilraun til að rekja framættir Eggerts Eggertssonar. Ágiskanir voru ekki stíll þessa vandaða fræðimanns.

⁹¹ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Síðbreytingin á Íslandi 1537–1565*, bls. 70.

⁹² Koch, *Isländer in Hamburg 1520–1662*, bls. 188.

5. Hamborg: Mikilvægur hlekkur í sölu Íslandsskreiðar

5.1. Fjöldi skipa í siglingum frá Hamborg til Íslands

Skipuleg athugun á fjölda skipa sem sigldu frá Hamborg til Íslands á 16. öld er ekki að finna í riti Baasch um Íslandsferðir Hamborgarmanna.¹ Í riti Jóns Aðils, *Einokunarverslun Dana* frá 1919 eru nær engar tölur að finna um skipafjöldann enda var þekking hans á ferðum Hamborgarmanna öll byggð á skrifum Baasch. Hann nefnir þó að árið 1550 hafi Hamborgarmenn haft 20 skip í ferðum til Íslands.² R. Ehrenberg er hins vegar með nokkuð öruggar heimildir um fjölda skipa sem sigldu frá Hamborg til Íslands á tímabilinu 1533–1628.³ Hann sýnir fram á að þessar siglingar hafi verið tiltölulega fátíðar til ársins 1542 en jukust þá mjög. Tíðari ferðir Hamborgarmanna til Íslands tengdust augljóslega siðaskiptunum.

Að meðaltali sigldu ár hvert 12–13 skip frá Hamborg til Íslands á tímabilinu 1542–1564. Siglingum Hamborgarmanna til landsins fækkaði mjög á tímabilinu 1565–1579 enda var þáverandi Danakonungur, Friðrik II, mjög andsnúinn Hamborgarmönnum. Á tímabilinu 1580–1602 komu hins vegar 15 skip að meðaltali ár hvert frá Hamborg til Íslands.⁴

Bæði Baasch og Ehrenberg nefna fjölda skipa sem fóru frá Hamborg til Íslands eftir að einokunarverslunin var innleidd 1602 og verslun Hamborgarmanna í landinu var bönnuð. Hugsanlega voru þessi skip hér á landi mörg hver í umboði danskra einokunarkaupmanna. Báðir höfundarnir telja að siglingar þessar hafi hætt að mestu leyti árið 1623.

¹ Baasch, *Die Islandsfahrt der Deutschen*.

² Jón Aðils, *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602–1787*, bls. 35.

³ Ehrenberg, „Zur Hamburger Islandsfahrt”, bls. 19–21. Heimildir Ehrenbergs eru reikningar fátækraheimilis Bræðralags Íslandskaupmanna þar sem vandlega er gætt að taka fram hverjir væru verðugir þess að taka við styrk Bræðralagsins og eru því allar ferðir Hamborgarmanna til Íslands taldar þar sem þær voru forsenda fyrir slíkum styrk.

⁴ Sama heimild.

Árlega sigldu að meðaltali fimm skip til Íslands á tímabilinu 1603–1623 samkvæmt Baasch.⁵ En samkvæmt frásögn Ehrenbergs sigldu hingað frá Hamborg 2,5 skip að meðaltali ár hvert á fyrrnefndu tímabili.⁶ Hér munar miklu. Heimildir Ehrenbergs virðast vera miklu traustari en heimild Baasch⁷ og augljóslega er rétt að treysta upplýsingum hans um skipaferðir Hamborgarmanna til Íslands.

5.2. Hve mikilvæg var Íslandsskreiðin Hamborgarmönnum á 18. öld?

Ljóst er að kaupmenn í Hamborg keyptu Íslandsskreið af dönskum kaupmönnum nær allt einokunartímabilið 1602–1787. Það er erfitt að segja með vissu hver hlutur Íslandsskreiðarinnar var í innflutningi Hamborgar á þessu tímabili og við getum raunar aðeins sagt til um hlutdeildina með nákvæmri tölfræði tímabilið 1743–1758. Skreiðin hefur varla verið stór hluti heildarverðmætis innflutnings Hamborgarmanna á 18. öld, þótt öruggt sé að hún var snar þáttur í starfi fisksölu-kaupmanna í Hamborg á þessum tíma, sem störfuðu saman í *Schonenfabrer-Gesellschaft*. Þrjú fyrirtæki í þessu gildi höfðu veg og vanda af sölu skreiðar á 25 ára tímabili frá 1733 til 1758. Þau voru virk í viðskiptum með vöru þessa fyrir þetta tímabil eins og rakið verður og hafa sennilega verið það áfram eftir 1758.

Helsta verslunarvara *Schonenfabrer* var síld en þessu næst kom skreið og þar hefur íslenska kaupstaðarskreiðin verið í fremstu röð. Höfundur áætlar að innflutningur þurrkaðs fisks hafi numið 40% af verðmæti alls fiskinnflutnings Hamborgar árið 1750. Hin 60% voru aðallega síld.⁸

⁵ Baasch, *Die Islandsfahrt der Deutschen*, bls. 48. Heimild Baasch er skýrsla um skipaferðir Hamborgarmanna til Norður-Atlantshafs án tillits til áfangastaðar.

⁶ Ehrenberg, „Zur Hamburger Islandsfahrt“, bls. 20–21.

⁷ Andstætt Baasch styðst Ehrenberg við skrá um Íslandskaupmenn, ekki alla þá sem sigldu um Norður-Atlantshaf.

⁸ Upplýsingar um magn síldarinnar eru fengnar úr gögnum Baasch (*Zur Statistik des Ein- und Ausfuhrhandels Hamburgs*). Upplýsingar um verðlag er fengið úr *Preis-Courant, der Wahren (Kommerzbibliothek Hamburg)*. Söluverð hverrar tunnu var 6,4 Hamborgarríkisdalir *banco*. Tunnurnar voru 20.000. Útkoman um verðmæti síldarinnflutningsins er því 128.000 ríkisdalir. Verðmæti innflutta flatfisksins (*flachfisch*) er reiknað út frá söluverði hans í Hamborg, sbr. *Preis-Courant, der Wahren*, en magnið

HAMBORG: MIKILVÆGUR HLEKKUR Í SÖLU ÍSLANDSSKREIÐAR

Þar sem Íslandsverslunin var á þessum tíma í höndum einokunarfélaga í Kaupmannahöfn gerðu verslunarfyrirtæki í Hamborg langtímasamninga um kaup á skreiðinni við verslunarfélögin í Kaupmannahöfn. Fyrirtæki í Hamborg, sem aðallega versluðu með íslensku skreiðina, voru kennd við kaupmannafyrirtækin og fjölskyldurnar Persent, Printz og Mumssen og græddu að sögn stórum á þessari verslun.⁹ Þessar þrjár kaupmannafjölskyldur komu raunar fram eins og eitt fyrirtæki gagnvart dönskum viðskiptavinum sínum. Ljóst er af bókhaldsgögnum Íslandsverslunarfélagsins að Persent keypti einnig talsvert magn Finnmerkurskreiðar og myndaði um þau kaup sérstakt félag með öðrum kaupmanni, Dörner.¹⁰

5.3. Skreiðarverslunin milli Kaupmannahafnar og Hamborgar 1743–1759 og verðmæti hennar

Á árunum 1743–1759 fóru tæp 25% söluverðmætis allrar íslenskrar útflutningsvöru, 64% alls fiskútflutnings, til verslunarsamsteypu fyrirtækjanna þriggja í Hamborg. Þetta var arðvænlegustu útflutningsviðskipti Íslendinga á umræddu tímabili. Þetta kemur nánar fram í töflu 5.1 þar sem sést að útflutningur til Hamborgar nam á bilinu 14–32% af heildarverðmæti íslensks útflutnings skv. bókum dönsku Íslandskaupmannanna eða 25% að meðaltali á öllu tímabilinu.

Af öllum útfluttum fiskafurðum 1743–1759 nam sú Íslandsskreið, sem Hamborgarmenn keyptu, 63,6% alls verðmætis útfluttra fiskafurða á Íslandi.¹¹ Hver var hagnaður dönsku Íslandskaupmannanna af sölu kaupstaðarskreiðar til Hamborgar? Hér verðum við að afmarka athugun okkar

má sjá í bókhaldsgögnum Íslandsverslunarfélagsins í Kaupmannahöfn, sbr. Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, tafla 7.3. Niðurstaðan um verðmæti innfluttrar Íslandsskreiðar til Hamborgar er 68.000 ríkisdalir *banco*. Þetta gerir hlutdeild íslensku kaupstaðarskreiðarinnar 35% en síldarinnar 65%. En til viðbótar er áætlað magn á innfluttum þurrkuðum norskum fiski (ráskerðingi, *Rundfisch* og saltfiski) og fæst þannig talan 40% fyrir þurrkaðan fisk en 60% fyrir síld.

⁹ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 101; Hudtwalcker, „Handschriftlichen Nachlass“, bls. 155.

¹⁰ RA. fol. reg. 140 nr. 1, 10, 11, 12.

¹¹ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 154–155. Heildarverðmæti útflutts fiskmetis 1743–1759 nam 991.362 dönskum ríkisdöllum kúrant, en eins og sést í töflu 5.1 keyptu Hamborgarmenn á sama tímabili Íslandsskreið fyrir 630.072 danska kúrantdali.

FISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR

Tafla 5.1. *Útflutningur Íslandsskreiðar til Hamborgar 1743–1759 um vöruhús Íslandsverslunarfélags (Hörmangara) í Kaupmannahöfn og Glückstadt*
Danskir ríkisdalir kúrant

| Ár | Um Kaupmannahöfn | Um Glückstadt | Samtals | Hluttur Hamborgar í útflutningi Íslands, % |
|---------|------------------|---------------|---------|--|
| 1743/44 | 1.147 | 38.749 | 39.895 | 23 |
| 1744/45 | 15.422 | 27.345 | 42.767 | 25 |
| 1745/46 | 6.609 | 47.571 | 54.180 | 27 |
| 1746/47 | 8.844 | 31.135 | 39.979 | 22 |
| 1747/48 | 4.594 | 20.058 | 24.652 | 14 |
| 1748/49 | 16.066 | 35.271 | 51.337 | 28 |
| 1749/50 | 9.147 | 34.878 | 44.024 | 24 |
| 1750/51 | 13.133 | 38.562 | 51.694 | 27 |
| 1751/52 | 15.868 | 42.279 | 58.147 | 31 |
| 1752/53 | 13.124 | 32.310 | 45.435 | 27 |
| 1753/54 | 6.705 | 22.239 | 28.944 | 23 |
| 1754/55 | 7.598 | 20.517 | 28.115 | 20 |
| 1755/56 | 7.375 | 19.375 | 26.750 | 19 |
| 1756/57 | 8.911 | 18.732 | 27.643 | 26 |
| 1757/58 | 9.447 | 27.362 | 36.809 | 32 |
| 1758/59 | 6.024 | 23.679 | 29.703 | 29 |
| Alls | 150.013 | 480.060 | 630.073 | 25 |

Heimild: Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 154–155.

við skemmra tímabil en gert hefur verið hingað til eða við árin 1743–1746, og þar að auki byggja á ýmsum ágiskunum.

Í bókinni *Upp er boðið Ísaland* er leitast við að reikna út hvernig hagnaður skiptist milli þriggja vöruflokka, fiskafurða, sláturafurða og ullarvöru. Niðurstaðan fyrir tímabilið 1743–1746 var að hagnaður af sölu fiskafurða hafi numið 20.301 dönskum ríkisdal kúrant að meðaltali ár hvert, en af sölu landbúnaðarafurðanna samanlagt 2.316 ríkisdali.¹² Sem sagt: Það var fisk-

¹² Útreikningur á afkomu einokunarverslunarinnar á Íslandi eftir vöruflokkum, sbr. Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, tafla 10.3, bls. 227, byggðist annars vegar á raunverulegum afkomutölum (sama heimild, tafla 10.2, bls. 226) en hins vegar á skiptingu eftir vöruflokkum samkvæmt athugun Skúla Magnússonar (*Lbs.* 86 fol.) og útreikningum á þessari athugun. (Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, tafla 3.2, bls. 54–55). Þar er borið saman hlutfallsverðið sem kaupmenn greiddu fyrir vöruna hér á landi og verð sömu vöru á mörkuðum erlendis. Sá mikli munur sem er milli þess-

salan sem fyrst og fremst myndaði viðskiptahagnað kaupmanna. En hvernig skiptist þessi hagnaður af sölu fiskmetis milli sölunnar á úrvalsskreiðinni til Hamborgar annars vegar og sölu á öðru fiskmeti hins vegar? Því miður er ekki hægt að reikna þessa skiptingu með vissu.¹³ En þetta breytir engu um þá staðreynd að tæplega 65% alls fiskverðmætis fluttist til Hamborgar árin 1743–1746. Þetta var einnig dýrmætasti fiskurinn.

Eins og áður hefur verið vikið að kom 90% alls hagnaðar einokunarverslunarinnar 1743–1746 frá fiskútflutningi. Ekki minna en $\frac{2}{3}$ hlutar þessa hagnaðar myndaðist við sölu Íslandsskreiðar til Hamborgar. Niðurstaðan er því þessi: Árin 1743–1746 átti um 60% af öllum hagnaði einokunarverslunarinnar á Íslandi rætur að rekja til sölu Íslandsskreiðar til Hamborgarmanna. Líklegt er að þessi tala sé hærri þar sem um er að ræða sölu á dýrmætustu skreiðinni. En útilokað er að hún geti verið lægri en umrædd 60%.

5.4. Sala á Íslandsskreið í Glückstadt 1715–1718

Á tímum umdæmaverslunarinnar 1684–1733 var að jafnaði einn kaupmaður um hverja af 24 höfnum á Íslandi; stundum hafði þá hver kaupmaður yfir tveim höfnum að ráða; yfirleitt sigldu til Íslands 19–20 kaupmenn eða umboðsmenn þeirra.

Samvinna milli þessara kaupmanna var lítil. Í Kaupmannahöfn var ekki til neitt gildi Íslandskaupmanna sem gat sameinast um það að bjóða gjald fyrir einokunarréttinn til að versla í landinu enda hefði hinn einvaldi konungur stranglega bannað allt slíkt samráð. Raunar lagði hann á það áherslu að kaupmenn kepptust sem mest innbyrðis við að bjóða í hafnirnar og sprengdu þeir gjarnan upp verðið hver fyrir öðrum. Talsverðar líkur eru á því að vegna keppni kaupmanna um einokunarrétt á höfnum árið 1706 hafi allur hugsanlegur hagnaður af versluninni

ara tveggja tegunda verðlags er nýttur til að reikna þau vægi sem skipta afkomutölunum eftir vöruflokkum, sbr. Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, tafa 10.3, bls. 227. Í töflu þessari var einnig gengið út frá því að flutningskostnaður hafi verið sá sami í öllum þessum vöruflokkum sem er hugsanlega hæpin útreikningsaðferð.

¹³ Skúli Magnússon (*Lbs.* 86 fol.) reiknaði ekki afkomu verslunarinnar heldur verðið á útflutningsvörum almennt og án sundurgreiningar eftir því til hvaða landa þær fóru. Ekki er því hægt að tengja afkomútreikningana eftir vöruflokkum við reikninga vöruhúsanna á þessu tímabili, sjá Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 153–154.

runnið til konungs vegna þess hve dýrt konungur seldi þá einokunar-réttinn.¹⁴ Konungur varð þannig árin 1701 og 1712 að fella niður verslunarleigu að öllu leyti til að forða kaupmönnum frá almennu gjaldþroti. Algengt var að verslunarleigan væri lækkuð frá því sem kaupmenn höfðu upphaflega lofað að greiða, einnig til að forða gjaldþroti þeirra.¹⁵

Vegna þess að kaupmönnum var bannað að hafa með sér fastan félagsskap, gátu þeir hvorki haft samvinnu um kaup á þeim vörum sem flytja átti til Íslands né á þeim vörum sem þaðan voru fluttar út. Þetta kom greinilega fram við samningagerð um verð á Íslandsskreiðinni til Hamborgarmanna. Þótt Íslandskaupmenn mættu í upphafi sameinaðir til leiks sundruðust þeir fljótt enda voru samingsaðilarnir að jafnaði gildisbræður í *Schonenfabrer-Gesellschaft* í Hamborg.

Danskir Íslandskaupmenn reyndu að minnsta kosti tvisvar á tímabili umdæmaverslunarinnar á Íslandi 1684–1733 að standa saman um verðsamninga við Hamborgarmenn. En þeim tókst í báðum tilfellum að sundra Íslandskaupmönnum. Þegar þeir síðarnefndu ákváðu að stofna verslunarfélag og hætta umdæmaverslun 1733 var það meðal fyrstu verkfna félagsins að semja við einn Hamborgarkaupmann í stað margra, Skánarfarann Hans Pandom Printz.¹⁶ Hann fékk til liðs við sig tvo aðra gildisfélaga, Jakob Mumssen og Nicolaus Persent.

Sennilegt er að lítið hafi verið selt af Íslandsskreið til Hamborgar í nokkur ár þegar samningarnir 1713 misfórust og kom þar tvennt til. Vegna Norðurlandaófriðarins þurfti að veita Íslandsskipum herskipavernd og jafnframt vantaði flotann mat. Á þessum tíma voru þarfir flotans fyrir vistir metnar hærra en útflutningshagnaður kaupmanna. En ekki hafa skipt minna máli afleiðingar Stórubólu sem geisaði hér á landi árin 1707–1708, en þá féll einkum fólk á besta vinnufæra aldri. Var mikill vinnuafllsskortur á Íslandi í marga áratugi eftir það og virðist það mest hafa bitnað á fiskveiðum. Vinnuafllsskorturinn takmarkaði þannig mjög útflutningsgetuna á íslenskri kaupstaðarskreið áratugum saman eftir 1708.¹⁷

¹⁴ Sbr. Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 46–49.

¹⁵ Sjá nánar um verslunarleiguna í sömu heimild, bls. 214–217.

¹⁶ Sama heimild, bls. 102.


¹⁷ Gísli Gunnarsson, „Um hrun mannfjölda og margföldun hans“, einkum bls. 99–101; Hannes Finnsson, *Mannfækkun af ballærum*, bls. 139.

Góðar heimildir eru til um sölu Íslandsskreiðar um Glückstadt til Hamborgar frá árunum 1715–1718.¹⁸ Fjögur verslunar-fyrirtæki í Glückstadt seldu vöruna Hamborgarmönnum í umboði Íslandskaupmanna. Alls tóku níttján fyrirtæki þátt í því að kaupa Íslandsskreiðina (*Pflachfisch*) í Glückstadt árin 1715–1718. Finna má upplýsingar um kaupendurna í nafnaskráum í Ríkisskjalasafni Hamborgar.¹⁹ Sextán þeirra voru *Schonenfabrer*. Einn þeirra, Grabbe, var kaupmaður í Glückstadt. Einn kaupandanna, Dimpfel, var í gildi Englandskaupmanna (*Englandfabrer-Gesellschaft*). Nafn eins kaupandanna, Elteln, hef ég ekki fundið í nafnaskránum.

Ekki tóku allir þessir kaupmenn þátt í Hamborgarversluninni með Íslandsskreið öll fjögur árin. Mest virðist brottfallið hafa verið 1716 þegar aðeins ellefu tóku þátt. Árin 1715 og 1718 voru þeir fimmtán og 1717 fjórtán. Nánar tiltekið tóku þessir kaupmenn þátt í Íslandsversluninni 1715-1718:

¹⁸ *Landesarchiv Schleswig-Holstein*. Abt. 133, Nr. 112. Isländische Rechnung. In Compagnie für Anna Raven, Anna Meyen, Christian Grabbe, Hinrich Meyer, de Anno 1715, 16, 17 & 18.

¹⁹ *StA*. Harry P. Krüger, Die Gesellschaft; *StA*. Harry P. Krüger, Namenverzeichnisse.



Mynd 5.1. Krýnd Íslandsskreið. Íslandsskreiðin var skjaldarmerki landsins fyrr á öldum og bar krúnu. Þessi mynd birtist upphaflega í sálmabók sem kom út 1589.

FISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR

1. Keyptu íslenskar vörur öll árin fjögur: Dimpfel, Embsteck, Elteln, Mumssen, Persent, Printz, Rantzau, Rode og Wahn, alls níu kaupmenn.
2. Keyptu íslenskar vörur í þrjú ár: Becker, Brameyer, Emsteck, Mackens, alls fjórir kaupmenn.
3. Keyptu íslenskar vörur í tvö ár: Evers og Grabbe, tveir kaupmenn.
4. Keyptu íslenskar vörur í eitt ár: Hertzen, Ludewichs, Meyer og Petersen, alls fjórir kaupmenn.

Í töflu 5.2 sjáum við hver voru heildarkaup Hamborgarmanna á vörum frá Íslandi um Glückstadt þessi ár. Notuð eru sömu orð um vörurnar og eru í söluskrám. Eins og sjá má í töflu 5.2 var *Pflachfisch* (íslenska kaupstaðarskreiðin) nær allur útflutningur frá Íslandi til Hamborgar eða tæp 98% heildarverðmætisins. Umboðsmennirnir í Glückstadt fengu að meðaltali 4,1% söluverðmætis fyrir milligöngu sína.

Kaupstaðarskreiðin var seld í 100 punda²⁰ (48,42 kg) pökkum. Verðið var mjög breytilegt. Árið 1715 seldust 100 pund á 9–10,5 Hamborgarmörk (3,0–3,5 Hamborgarríkisdali) og verður það að teljast lágt verð miðað við það sem þekkt er eftir 1735. Þetta samsvaraði 10–12 Hamborgarríkisdölum fyrir hvert danskt-íslenskt skipfund. Árið 1716 var verðið 12 Hamborgarmörk fyrir 100 pund sem var umtalsverð hækkun. Árið 1717 var verðið 12–13 mörk fyrir hver 100 pund. Árið 1718 steig verðið ennþá eða í 14 mörk hver 100 pund. Verðið á Íslandsskreiðinni nálgadist þannig með hverju árinu það skráða verð sem sjá má í verðskrámborgar 1736.

Væntanlegir stórkaupendur íslensku skreiðarinnar, Mumssen, Persent og Printz, keyptu sameiginlega 26–46% alls flatfisksins, mest árið 1717, enda voru þeir í hópi þeirra sem ávallt keyptu íslenskar vörur 1715–1718.

Magnið af kaupstaðarskreiðinni sem selt var um Glückstadt þessi ár var ekki síður sveiflukennt en það var 1715 alls 597 tonn²¹, 1716 alls 293 tonn, 1717 alls 512 tonn og 1718 alls 291 tonn.

²⁰ *Zentern/Centern* = 100 *pfund*.

²¹ Talan var 1.233.092 Hamborgarpund, hvert pund var 0,4842 kg. Þannig að heildarsalan 1715 nam alls 597 tonnum.

HAMBORG: MIKILVÆGUR HLEKKUR Í SÖLU ÍSLANDSSKREIÐAR

Tafla 5.2. Verðmæti útflutnings til Hamborgar um Glückstadt 1715–1718
Hamborgarríkisdalir

| | 1715 | 1716 | 1717 | 1718 | Meðaltal | % |
|----------------------------------|--------|--------|--------|--------|----------|-------|
| Pflachfisch ¹ | 42.621 | 25.190 | 45.255 | 28.405 | 35.368 | 97,7 |
| Hengfisch ² | 91 | 285 | | | 94 | 0,3 |
| Tran ³ | 1.277 | | 462 | 471 | 553 | 1,5 |
| Enkelbands Str. ⁴ | 477 | | | | 119 | 0,3 |
| Wattmeel ⁵ | 217 | | | | 54 | 0,2 |
| Greiðslur til Kaupmh. alls | 44.683 | 25.475 | 45.717 | 28.876 | 36.188 | 100,0 |
| Þóknun í Glückstadt ⁶ | 1.725 | 1.195 | 2.317 | 976 | 1.553 | |
| Verðmæti alls | 46.408 | 26.670 | 48.034 | 29.852 | 37.741 | |

Skýringar: Vöruverðið er í frumheimild sýnt í Hamborgarmörkum og skildingum. Voru 16 skildingar í mörk og þrjár merkur í ríkisdal. Það hefur hér verið reiknað í Hamborgarríkisdali og brot úr honum hafa ýmist hækkað eða lækkað heildartöluna.

¹ Íslensk kaupstaðarskreið.

² Ráhert skreið, hér afbökun danska orðsins *hængefisk*, sjá kafla 2.5.

³ Lýsi.

⁴ Eingirnissokkar.

⁵ Vaðmál.

⁶ Til kaupmannanna í Glückstadt sem getið er í heimild.

Heimild: Landesarchiv Schleswig–Holstein. Abt. 133, Nr. 112. Isländische Rechnung.

Salan nam þannig hvert ár 1715–1718 að meðaltali 423 tonnum eða 2.665 dönsk-íslenskum skippundum. Þetta var ekki mikið miðað við þá samninga sem íslensku verslunarfélögin gerðu seinna við Hamborgarmenn, en samningurinn við Hans Pandom Printz 1733 hljóðaði upp á sölu á 4.500 skippundum (714 tonnum) til Hamborgar ár hvert sem 1747 var lækkað í 4.000 skippund (635 tonn).²² Þess ber þó að geta að inni í þessum magntölunum fyrir sölu til Hamborgar 1715–1718 er ekki meðtalin sala frá Kaupmannahöfn, en hún nam um fjórðungi af útflutningi Íslandsskreiðar til Hamborgar árin 1743–1759.²³ Ef reiknað er með sömu hlutfallstölu í beinni sölu frá Kaupmannahöfn til Hamborgar 1715–1718 og var 1743–1758, hefði útflutningur Íslandsskreiðar til Hamborgar á tímabilinu 1715–1718 numið 563 tonnum eða 3545 skip-

²² Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 132.

²³ Sjá í sömu heimild töflu 7.3.

pundum. En hæpið er að beinn útflutningur Íslandsskreiðar frá Kaupmannahöfn til Hamborgar hafi verið jafn hár 1715–1718 og síðar varð; t.d. var það síðast 1716 að útflutningur á Íslandsskreið var takmarkaður vegna matvælaþarfa danska flotans eins og fyrr var rætt um.²⁴

Það athyglisverðasta við sölu Íslandsskreiðar til Hamborgar 1715–1718 virðist vera þetta: Hamborgarmönnum tókst með samtakamætti sínum að koma kaupverðinu á skreiðinni niður í upphafi. En Íslendingar og Íslandskaupmenn höfðu ekki mikið af skreið til að selja og allra síst fyrir það lága verð sem Hamborgarmenn buðu í upphafi. Því hækkuðu kaupmennirnir í Hamborg verðið ár eftir ár í von um að meiri kaupstaðarskreið bærist frá Íslandi. Raunar skrifuðu fulltrúar Hamborgar í bréfaskiptum sínum við prússneska sendiherrann í borginni árið 1733 að framboðið af Íslandsskreið væri of lítið og samræmdu ekki eftirspurninni.²⁵

Reikningarnir frá Glückstadt 1715–1718 sýna að Íslandsskreiðin var takmörkuð auðlind sem var háð því að í landinu væri gnægð vinnuafis og atvinnutækja. Oft skorti góð atvinnutæki í fiskveiðunum sem aftur stafaði af allt of lágu verði sem íslenskir fiskimenn fengu fyrir framleiðsluvöru sína.²⁶ Á móti kom að fyrr á öldum var oft nóg af fátæku fólki í landinu til að veiða og verka fisk fyrir lítið fé og virðist þessi lága verðlagning hafa verið byggð á trausti meiri háttar manna um að nóg væri um vinnuafis í landinu. En sú var ekki alltaf raunin, einkum eftir mannfall af völdum pesta, og því voru tilraunir Hamborgarmanna 1713 til að knýja verðlag á skreiðinni niður dæmdar til að misheppnast. Of lítið framboð ýtti einfaldlega verðinu upp og eyðilagði þá góðu samninga sem samstaða Hamborgarmanna hafði skapað þeim. Þegar Hamborgarmenn reyndu aftur að lækka verðið á Íslandsskreið 1729 vitum við það eitt að í framhaldinu var samningsstaða danskra Íslandskaupmanna styrkt með stofnun verslunarfélags fyrir landið allt.

5.5. Breytingar á sölu Íslandsskreiðar 1758 og 1768

Breyting varð á sölu Íslandsskreiðarinnar á síðasta starfsári Hörmangarafélagsins verslunarárið 1758–1759. Nú hurfu þeir félagar Mumssen, Persent og Printz sem samstarfsaðilar úr bókum félagsins, en í staðinn kom fyrir-

²⁴ Rækilegar er um þetta fjallað í kafla 6.1.

²⁵ *St. A. Best.*, III –1, Senat Cl. VII, K_C, Nr. 3a.

²⁶ Þetta er eitt meginþemað í bókinni *Upp er boðið*, sbr. bls. 17, 264–265.

HAMBORG: MIKILVÆGUR HLEKKUR Í SÖLU ÍSLANDSSKREIÐAR

tækjasamsteypa kaupmanna í Kaupmannahöfn og Altona. Hún hóf að kaupa Íslandsskreiðina bæði frá vöruhúsunum í Kaupmannahöfn og Glückstadt. Tvö fyrirtækjanna voru í Kaupmannahöfn, annað þeirra var gamall viðskiptavinur félagsins, Michael Fabritius & Wever, sem keypt hafði íslenskar ullarvörur fram til 1753 og flutt til Hollands, en þá hættu þau viðskipti vegna þess að félagið fór sjálf að selja ullarvörurnar milliliðalaust til Hollands. Hitt Kaupmannahafnarfyrirtækið var Reinhart Iselin & Comp. og það hélt áfram að kaupa fisk frá Íslandskaupmönnum eftir 1768. Reinhart Iselin átti fasta viðskiptavini í Hamborg og þekkjum við vel nafn annars þeirra, fyrirtækið Persent & Dörner. Þá voru þeir Printz og Mumssen horfnir úr bókhaldi Íslandskaupmanna, en nýr félagi Persents, Dörner, hefur sennilega einnig verið *Schonenfabrer*.²⁷

Þriðja fyrirtækið og hugsanlega það sem Íslandskaupmenn hafa talið mikilvægast var kennt við Van der Smissen-fjölskylduna í Altona.²⁸ Fjölskyldan Van der Smissen átti stóran þátt í uppgangi þessarar borgar á 17. öld.²⁹ Hún kom landflótta frá Hollandi vegna trúar sinnar, en trúfrelsi var meðal sérstaks réttar sem Danakonungur veitti Altona til að laða að kaupmenn. Van der Smissen-fólkið voru mennónítar sem m.a. afneituðu allri eiðatöku, hermennsku og barnaskírni. Fjölskyldan kom upphaflega frá Brüssel, og flutti þaðan til Holtsetalands 1621 og til Glückstadt 1643 en á þessum stöðum ríkti einnig trúfrelsi.³⁰ Hún flutti til Altona árið 1684 þegar ljóst var að sú borg hafði tekið við verslunarhlutverki Glückstadts í þýskum löndum Danakonungs. Van der Smissen-fjölskyldan rak brauðgerð samhliða versluninni og fór talsvert af brauði þaðan til Íslands.³¹

Hamborgarkaupmenn höfðu boðist til að kaupa Íslandsskreiðina áfram beint frá dönskum Íslandskaupmönnum 1758 en buðu lægra verð en keppinautar þeirra þrír.³² Vafalaust hafa þeir Iselin og Van der Smissen selt Hamborgarkaupmönnum skreiðina áfram. Skreiðin hélst í góðu verði í Hamborg 1756–1769.³³

²⁷ RA. fol. reg. 140-173. Hvort Dörner hefur verið skráður félagi í *Schonenfaber-Gesellschaft* er ennþá órannsakað mál.

²⁸ Fullt nafn fyrirtækisins var Hinrich van der Smissen & Söhne.

²⁹ Þetta er vandlega rakið í bók Münte, *Das Altonaer Handlungsbaus Van der Smissen 1682–1824*.

³⁰ Sama heimild, bls. 2.

³¹ Sama heimild, bls. 66.

³² RA. fol. reg. 140–1, bls. 337.

³³ Sbr. töflu í viðauka.

Samkvæmt bókum Almenna verslunarfélagsins hvarf þessi verslunarsamsteypa úr bókum verslunarfélagsins árið 1768 eftir aðeins 10 ára starfsemi, þremur árum áður en vöruhúsi félagsins í Glückstadt var lokað.³⁴ Ekki er ljóst hver tók við hlutverki þeirra: Að einhverju leyti hafa verslunarfélögin Reinhart Iselin & Comp. og van der Smissen félagið þá farið að kaupa Íslandsskreiðina beint úr vöruhúsum verslunarfélagsins. En þessara fyrirtækja er getið áfram í bókum félagsins öðru hverju allt tímabil einokunarverslunarinnar, þótt ekki hafi þau alltaf keypt mikið af vöru. Sennilegast er þó að eftir 1768 hafi bein verslun Íslandskaupmanna við Hamborgarmenn byrjað aftur og eflst.³⁵

5.6. Efling Kaupmannahafnar og lokun vöruhússins í Glückstadt

Árið 1771 var vöruhúsi Almenna verslunarfélagsins í Glückstadt lokað. Þetta sést í bókhaldsgögnum félagsins og ljóst er að síðustu siglingar félagsins með fisk frá Íslandi til mynnis Saxelfar áttu sér stað haustið 1770.³⁶ Þetta hefur að öllum líkindum verið gert samkvæmt konunglegri tilskipun, efla skyldi Kaupmannahöfn sem mest og hafa þar einu vöru- miðstöð alls útflutnings frá Íslandi. Hins vegar finnast engar beinar heimildir fyrir þessari tilskipun 1770–1771 en hún er til staðar í reglum þeim sem settar voru 1774 þegar konunglegt verslunarfélag leysti Almenna verslunarfélagið af hólmi.

Svo segir m.a í stofnunarreglugerð þessa nýja félags: „Varðandi útflutningsvöru frá landinu (þ.e. Íslandi) skipar framkvæmdarstjórnin svo fyrir að skipin eigi að sigla þangað sem best vöruverð er að fá; þetta geta siglingarmenn fundið út að eigin vild ... en ekki má um nokkra vöru gera slíkan samning að félagið tapi við það rétti til að sigla til annarra staða.“³⁷ Þar segir enn fremur: „ekki má heldur neitt skip sigla beint frá Íslandi, Finn-

³⁴ RA. fol. reg. 140-172 (höfuðbók Almenna verslunarfélagsins), sjá og Gísli Gunnarsson, *Upp er búið*, bls. 157.

³⁵ Það er þó ekki tvímælalaust þar sem vöruhúsareikningar dönsku verslunarfélaganna eru ekki til.

³⁶ RA. fol. reg. 140/172; Gísli Gunnarsson, *Upp er búið*, bls. 170–171.

³⁷ Nokkuð var um að Íslandskaupmenn gerðu langtímasamninga um kaup á íslenskri vöru en síðan reyndist umsamið verð vera of lágt þegar fram liðu stundir. Þetta ákvæði í stofnunarreglugerðinni átti auglýnilega að hindra slíka langtímasamninga um vörusölu.

mörku eða Grænlandi til Saxelfar þar sem Kaupmannahöfn á að vera eina vörumiðstöðin fyrir framleiðsluvörur þessara landa, sérstaklega þegar um er að ræða þurrkaðan íslenskan fisk; þaðan [frá Kaupmannahöfn] skal nálægum stöðum þjónað; þessa dýrðlegu kosti³⁸ ber sérstaklega að efla.“³⁹

Síðar í stofnskránni er rætt um hlutverk vöruhúss félagsins í Kaupmannahöfn og meðal þess mikilvægasta sem þar á að fara fram „er að flokka fisk frá Íslandi í 1. flokk, Hamborgarþorsk (*Hamborg-Gading*) og í 2. flokk Dantzigþorsk (*Dantzig-Gading*)“.⁴⁰

Í fyrri rannsókn hefur verið minnst á breytinguna sem fólst í því að vöruhúsið í Glückstadt var lagt niður 1771.⁴¹ Höfundur hefur augsnýlega verið búinn að taka ástfóstri við Glückstadt því að hann gefur í skyn, ranglega, að með því að leggja þetta vöruhús niður hafi sölu Íslandsskreiðarinnar til Hamborgar verið ógnað. Hann leit fram hjá þeirri staðreynd að í staðinn kom bein verslun milli Kaupmannahafnar og Hamborgar, m.a. með Íslandsskreiðina. Slíkt gat verið jákvætt fyrir íslenskar útflutningsvörur, þótt breyting þessi hafi skaðað atvinnulífið í Glückstadt.

5.7. Skreiðinni siglt til Miðjarðarhafs, fljótaleiðir nýttar minna en áður

Þótt sala á Íslandsskreið frá vöruhúsi verslunarfélagsins í Kaupmannahöfn til Hamborgarmanna hafi vafalaust verið algengasti viðskiptamátinn eftir 1771, er ekki þar með sagt að það hafi verið eina leiðin til að selja Hamborgarmönnum Íslandsskreið. Þegar skoðuð eru nöfn kaupenda bæði íslenskrar skreiðar og íslensks saltfisks í borgum Spánar og ítölsku borgunum (Livorno og Trieste), eru þau yfirleitt þýsk, hugsanlega voru sumir kaupmannanna komnir frá Hamborg.⁴² En Hamborgar kaupmenn

³⁸ Danska orðið *Herligbed* er hér þýtt með „dýrðlegir kostir“.

³⁹ *Lovsamling for Island IV*, 12. liður í „Samþykkt verslunarfélagsins 8. apríl 1774“, bls. 63. Tilskipunin var á dönsku og hefur höfundur þýtt hana.

⁴⁰ Sama heimild, 21. grein, bls. 67.

⁴¹ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 182.

⁴² Virkasti kaupandi Íslandsskreiðar í Hamborg eftir 1774 var fyrirtækið Persent & Dörner. Einnig keyptu Dietrich Philip Coleman og Baron von Schimmelmann fisk sem var fluttur til Hamborgar. Í Altona var helsti kaupandinn Peter Matthiesen; í Bilbao, Goosen & Filio; í Livorno, Otto Franc & Comp.; í Trieste, Wolfgang Österreicher. Sjá höfuðbækur verslunarfélagsins 1774–1787, RA. fol. reg. 140, nr. 348–354.

höfðu komið sér upp góðum viðskiptasamböndum í borgunum við Miðjarðarhaf snemma á 18. öld.⁴³

Góðir vegir voru jafnan milli Livorno á vestanverðum Ítalíuskaga og Trieste innst í Adríahafinu, en síðastnefnda borgin eflidist mjög á 18. öld sem mikilvæg hafnarborg Habsborgarlandanna Austurríkis, Ungverjaland og Tékklands. Mikill samgangur var jafnan milli Hamborgar og Trieste, en jafnframt vaxandi samkeppni þegar leið á 18. öldina. Hamborgar kaupmönnum var illa við að Trieste tæki við hlutverki þeirra sem helsta hafnarborg Mið-Evrópu.

Ekki er ekki ósennilegt að mikilvægi Saxelfar sem samgönguleiðar hafi minnkað í söluferðum Hamborgar kaupmanna eftir 1770 þegar sjóleiðin til Miðjarðarhafsborga varð mikilvægari en áður var.⁴⁴ Hér skiptir máli að háir tollar voru lagðir á vörur sem fluttar voru um Saxelfi, og gamlir markaðir Íslandsskreiðarinnar í Vín, Prag og Breslau tengdust einnig vel borginni Trieste og landleiðum þaðan, eigi síður en siglingum um Saxelfi og Oder. Ekki er ósennilegt að mikilvægi Saxelfar sem siglingaleiðar hafi minnkað við það þegar Habsborgarar misstu Slesíu til Prússlands 1740–1748.

En þegar milvægi einokunar Hamborgar á Saxelfarverslun var að miklu leyti úr sögunni vegna öruggari og greiðari leiða um Miðjarðarhaf, hurfu um leið hlutfallslegir yfirburðir kaupmanna þar í borg við að koma Íslandsskreiðinni á markað. Það var orðið jafn auðvelt fyrir skip frá Kaupmannahöfn að sigla með fiskinn til Livorno og Trieste og fyrir skip frá Hamborg!

Árið 1784 stórhækkaði Jósef II keisari í Vín tolla á innfluttan fisk til erfðalanda sinna (m.a. núverandi Belgíu, Austurríkis og Tékklands), úr 4 rd. og 2 sk. fyrir hvert skippund í 10 rd. og 8 sk.⁴⁵ Þetta gerðist um svip að leyti og fiskverð féll í stórum stíl í kjölfar þess að bandaríska frelsisstríðinu var lokið og fiskur frá Norður-Ameríku fór aftur að streyma á evrópskan markað. Í raun og veru hindruðu þessir háu tollar flutning á íslenskum fiski til Mið-Evrópu að miklu leyti. En eftir fráfall Jósefs keisara 1790 voru tollar þessir lækkaðir.⁴⁶

⁴³ Sbr. Beutin, *Der deutsche Seebandel in Mittelmeergebiet*, einkum kaflar 3 og 5 (bls. 59–87, og 117–154). Náin tengsl Hamborgar og Trieste eru í þessari heimild sérstaklega rakin (bls. 77–81).

⁴⁴ Um þetta er samt ekkert hægt að segja með vissu.

⁴⁵ Sigfús Haukur Andrésón, *Verzlunarsaga Íslands 1774–1807* I, bls. 218–219.

⁴⁶ Sama heimild, bls. 220.

5.8. Helstu skreiðarkaupmenn í Hamborg á 18. öld

Ástæða er til að rekja nokkuð ævi og ættir þeirra Hamborgarmanna, sem aðallega keyptu Íslandsskreiðina á 18. öld. Þegar hefur nokkuð verið fjallað um einn þeirra, Jacob Mumssen, sem var fæddur 1688 og dó árið 1747.⁴⁷ Um ýmis athyglisverðustu æviatriði hans hefur þó ekki áður verið ritað í samhengi Íslandsverslunar.

Í ættfræðiheimum á Ríkisskjalasafni Hamborgar er getið föður Jacobs, sem einnig bar nafnið Mumssen (1660–1734), en óvíst er um skírarnafnið.⁴⁸ Talið er að hann hafi upphaflega verið bóndi á norðurfrísnesku eyjunni Pellworm utan við Slésvíkurstrendur en hafi síðar flutt til Hamborgar. Á eyjunni Pellworm fæddust þeir tveir synir sem prentaðar ættfræðiheimildir skýra frá.⁴⁹ Móðurmál Jacobs Mumssens hefur því ekki verið þýska heldur frísneska.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum hefur Jacob Mumssen verið í Hamborg á unglingsárum sínum og byrjað störf sem þjónn hjá kaupmanninum Hermann Hanzen, sem verið hafði æðsti maður í *Schonenfahrer-Gesellschaft* árið 1686. Jacob var fullgildur félagi þar árið 1711, vafalaust með stuðningi húsbónda síns og hefur þá verið búinn að ljúka lærlingsárum sínum sem kaupmaður.⁵⁰ Þegar árin 1715–1718 starfaði Jacob Mumssen sjálfstætt við að kaupa Íslandsskreið í Glückstadt.⁵¹

Jacob kvæntist Christine Catarine Behrens (1695–1773), dóttur silki kaupmanns, og kom hún því úr borgarastétt Hamborgar⁵² andstætt eiginmanni sínum sem var aðeins aðfluttur frísneskur bóndasonur. Eignuðust þau hjónin ellefu börn á árunum 1722–1737. Yngstur var Dietrich (1737–1806), doktor að nafnbót, rektor og bókavörður.⁵³ Elsti sonurinn, Jacob, var fæddur 1722 og gekk í *Schonenfahrer-Gesellschaft* árið 1726,⁵⁴ en ekki var óalgengt að félagar gildanna gerðu syni sína barnunga og jafnvel

⁴⁷ Gísli Gunnarsson, *Upp er búið*, bls. 102.

⁴⁸ *StA*. 741–2, Genealogische Sammlungen.

⁴⁹ *Deutscher Geschlechterbuch*, Band 44 (1923), bls. 249–252.

⁵⁰ *StA*. 612 – 2/3, 18b, bls. 90.

⁵¹ *Landesarchiv Schleswig-Holstein*, Abt. 133, nr. 112. Sjá og kafla 5.4.

⁵² *StA*. 741–2, Genealogische Sammlungen.

⁵³ Sama heimild.

⁵⁴ *StA*. Harry P. Krüger, Namen Verzeignisse.

nýfædda félagsmenn í gildum sínum. Hefur þetta verið til að tryggja stöðu þeirra og sennilega hefur þetta verið ákveðinn „óðalsréttur“; elsti sonurinn átti að taka við fyrirtækinu í tímans rás. Nokkur hinna ellefu barna hjónanna virðast hafa dáið ung en önnur komust á legg og urðu gildir borgarar.

Persentættin hafði búið lengur í Hamborg en Mumssenættin. Svo virðist sem hún hafi flutt til Hamborgar frá þýska héraðinu Westfalen um aldamótin 1600.⁵⁵ Sá sem fyrstur lét að sér kveða í þessari ætt var Joachim Persent (1672–1726). Hann gerðist fiskikaupmaður í Hamborg og gekk í *Schonenfabrer-Gesellschaft* árið 1698.⁵⁶ Ári síðar var sonur hans, Nicolaus Persent, skráður við fæðingu í sama gildi.⁵⁷ Nicolaus Persent hverfur úr bókum Íslandskaupmanna 1750, en hafði þá í þrjú ár verið talsmaður verslunarsamsteypu Persents, Printz og Mumssens eftir lát Jacobs Mumssens árið 1747. Tóku þeir Printzbræður (Bernhard og Hermann) við sem talsmenn verslunarsamsteypunnar. Kallaðist hún í bókum Íslandsverslunarfélagsins þannig frá 1750 til ársins 1758⁵⁸: „frá Bernhard & Hermann Printz & Intressanter í Hamburg“.⁵⁹

Merkilegt við Nicolaus og þar með Persentættina eru hjónabönd hans. Hann var tvígiftur, í báðum tilfellum borgarstjóradætrum.⁶⁰ Þeirri fyrri kvæntist hann 26. nóvember 1726, var það Gesa (1701–1731) dóttir Johanns Andersens, sem skrifaði fræga og sumir segja alræmda bók um Ísland.⁶¹ Ljóst er að borgarstjórinn hafði góðar heimildir, en þær voru frásagnir danskra Íslandskaupmanna sem Skánarfarar versluðu við í Glückstadt. Þau hjón áttu eina dóttur sem dó ung.

⁵⁵ *Deutscher Geschlechterbuch*, Band 63.

⁵⁶ *StA*. Harry P. Krüger, *Namenverzeignisse*.

⁵⁷ Sama heimild.

⁵⁸ Þegar Hamborgarmenn hættu beimum kaupum á skreið frá Íslandskaupmönnum.

⁵⁹ Sjá hér *RA*. 140 fol. reg. nr. 11 (*Kassejournal*). Þar segir að skreið þessi (plafisk) sé afhent bræðrunum Printzer, maddömu Mumssen og maddömu Persent í Hamborg (bls. 225 vegna ársins 1751; bls. 286, vegna ársins 1752 ; bls. 350 vegna ársins 1753). En á því ári dó maddama Persent og í stað nafns hennar birtust í textanum um afhendingu skreiðarinnar „erfingjar hins sáluga Persents“ (*Sal. Persents Arvinger*), sama heimild, bls. 411, vegna ársins 1754; vegna áranna 1755, 1756 og 1757, bls. 484, 547 og 614.

⁶⁰ *StA*. 741–2, *Genealogische Sammlungen*.

⁶¹ Sá ágæti danski maður, Niels Horrebow, samdi heila bók til að hrekja fullyrðingar Johanns Andersens og er þar meginefni bókar Andersens rakið. Bók Niels Horrebows kom út á dönsku 1752 (*Tilforladelige Efterretninger om Island*) en á íslensku 1966 (*Frásagnir um Ísland*). Ljóst er að ýmislegt var rétt í frásögnum Johanns Andersens.

Seinni kona Nicolaus Persents hét Elizabet (1711–1753). Í tilefni brúðkaupsins var samin vegleg bók á fjórum tungumálum, latínu, grísku, arabísku og hebresku, brúðhjónunum til heiðurs. Þau áttu þrjú börn. Ekkert get ég skrifað um ævi þeirra.

En það er Printzættin sem er glæsilegast lýst í heimildum og kemst hún fyrst á blöð meðal tiginna manna í Hamborg. Hans Martin Printz, dáiinn 1674, varð gildur borgari árið 1655.⁶² Hann átti tvo syni sem komust til fullorðinsára, auk dætra. Annar þeirra varð gullsmiður, hinn, Hans Panidorm (1656-1741), átti stórt fisksölufyrirtæki og gekk í *Schonensfabrer-Gesellschaft* árið 1686 og var þar formaður (Oldermann) um skeið.⁶³ Hann átti fjölda barna, enda þrígiftur. Meðal þeirra voru tveir synir sem báðir gengu barnungir í *Schonensfabrer-Gesellschaft* árið 1708.⁶⁴ Hétu þeir Martin Bernhard (1698–1766) og Johann Hermann Christian (1701–1788).⁶⁵ Þeir tóku við stjórn fyrirtækis föður síns í tímans rás.

Þessir tveir bræður áttu marga afkomendur, einkum Hermann sem átti 14 börn og komust 10 þeirra til fullorðinsára en nokkur dóu á þrítugsaldri, einkum dæturnar, og er barnsfarasótt ekki ólíklegur orsaka- valdur. Kona Hermanns, Anna Maria Jancquel (1715–1781), var af gamalgrónum borgaraættum í Hamborg.⁶⁶ Margir synir þeirra urðu Skánarfarar.⁶⁷

5.9. Gæði Íslandsskreiðar og heiti hennar í Norður-Þýskalandi

Íslenska kaupstaðarskreiðin var einhver verðmætasta matvara sem seld var á 18. öld. Á seðli sem tollþjónn í Hamborg skrifaði 1791 segir svo sem skýringu á hugtakinu *Flachfisch*: „*Flachfisch* eða *Plattfisch* eru bestu teg- undir stokkfisks.“⁶⁸ Mikilvægi íslensku kaupstaðarskreiðarinnar kemur

⁶² StA. 741–2, Genealogische Sammlungen.

⁶³ StA. 612–2/3, 18b Mitgliederlisten 1674–1714; 741–2, Genealogische Sammlungen.

⁶⁴ StA. 612–2/3, 29 Brüderbuch 1614–1726.

⁶⁵ Harry P. Krüger gerir þá bræður að einum einstaklingi í handriti sínu, sjá StA. Namenverzeichnisse für die England und Schonenfahrer.

⁶⁶ *Deutscher Geschlechterbuch*, Band 23.

⁶⁷ StA.612–2/3, Nr. 19, Mitgliederbuch 1727–1863.

⁶⁸ „Flachfisch oder Plattfisch, oder die beste Sorte Stockfisch“ (Pitz, *Die Zolltariffe der Stadt Hamburg*, bls. 388). *Stockfisch* er í þessu samhengi almennt orð yfir skreið.

greinilega fram í bréfaskriftum milli prússneska sendiherrans í Hamborg, Destinon að nafni, og fulltrúa ráðsins (senatsins) í Hamborg árið 1733.⁶⁹ Þar ákærir sendiherra Prússlands Hamborgarkaupmenn fyrir að einoka alla sölu á íslenskum fiski í Þýskalandi.⁷⁰

Í þessum bréfaskiptum Hamborgarsenatsins og sendiherra Prússa í borginni er þriggja borga getið, þar sem íslenska skreiðin var seld, þær voru Breslau í Slesíu, Prag í Bæheimi og Vín í Austurríki.⁷¹ Þótt Prag hafi alla tíð verið tékknesk borg, var þýska mál stjórnarherra og kirkju á 17. og 18. öld og þar hafði verið stórt klaustur kennt við Strachov. Í nágrenni við Vínarborg er Klosterneuburg og gaf klaustrið⁷² borginni nafn og var miðdepill hennar. Það hefur verið starfrækt í aldaradír og fræðimaðurinn Alfred F. Pribram notaði skjöl þaðan í rannsóknum sínum á þróun verðlags.⁷³ Því var rökrétt að kanna gömul skjöl í Vín og Prag.⁷⁴

⁶⁹ Pitz, *Die Zolltariffe der Stadt Hamburg*, bls. 461, grein 327. Sjá einnig frumheimildina *StA. Hamburg. Best.*, II -1, Senat Cl. VII, K_C, Nr. 3a.

⁷⁰ Issländischen Fische.

⁷¹ Pitz, *Zolltariffe der Stadt Hamburg*, bls. 461, grein 327. Sjá einnig frumheimildina í *StA*.

⁷² Klaustrið er af reglu Ágústínusar.

⁷³ Pribram, *Materialen zur Geschichte der Preise und Löhne in Österreich*. Band I.

⁷⁴ Viðtökur í Prag og Klosterneuburg voru gjörólíkar. Tékkneska lýðveldið hafði tekið eigur klaustra eignarnámi 1918/1919 enda var kaþólska kirkjan talin hafa verið drottari landsins ásamt Habsborgurum en þessir aðilar höfðu þá stjórnað Bæheimi síðan í Þrjátíu ára stríðinu (1618–1648). Kommúnistastjórnin 1949–1989 hafði rekið endahnútinn á þetta verk. Skjöl Strachovklaustursins voru því vandlega geymd í þjóðskjalasafninu í Prag. Vandamálið var að safnið var að miklu leyti lokað í sparnaðarskygni þegar ég kom þangað 1995 en eftir nokkra bið fékk ég þar aðgang og ómetanlega aðstoð. Klosterneuburg hefur hins vegar eigið skjalasafn þar sem munkur nokkur var við völd. Hann virtist ekki vera hrifinn af því að þangað kæmi fræðimaður án biskupslegrar uppáskriftar. Ég benti honum á prentaðar athuganir Pribrams á 4. áratugnum þar sem m.a. var skýrt frá því að klaustrið hefði keypt nokkuð af skreið á 17. og 18. öld og sagðist vilja athuga frumgögn Pribrams, stjórnunarreikninga klaustursins, til að sjá hvers konar skreið þetta var. Þetta kom ekki til greina, útilokað var að ræða um þann stórvirka fræðimann Pribram (sem flúði Austurríki 1938 enda var hann Gyðingur). Hann lét mig hins vegar fá eldhúsreikninga klaustursins svo að ég, langfari úr norðri, gæti skoðað einhver gögn klaustursins, en hafði enga trú á að ég fyndi þar eitthvað af viti. Þegar ég fór að finna ýmislegt smáræði runnu á skjalavörð tvær grímur. Samskiptum okkar lauk þannig að ég fékk nokkrum mánuðum eftir dvöl mína á klaustursafninu, sem ég taldi að hefði misheppnast, pakka mikinn frá munki með góðum skjölum, þeim allra bestu, án kröfu um greiðslu fyrir ljósritun eða send-

Það kom fyrir að dregið væri í efa að *Flachfisch*⁷⁵ væri íslensk kaupstaðarskreið. Þetta var um tíma sannfæring skjalavarðarins í Klosterneuburg sem hélt því fram að hér hlyti að vera um fisk sem var flatur frá náttúrunnar hendi eins og lúða og rauðspretta. Þessar efasemdir eru eðlilegar. Skv. þýsk-íslenskri orðabók frá árinu 1953 merkir *Plattfisch* „flatfiskur, lúða“.⁷⁶ Orðið hafði þannig aðra merkingu á 20. öld en á öldum áður. Athugasemdum skjalavarðarins verð ég að svara lesenda vegna, þótt ég telji að hann hafi að lokum sannfærst um að ég hefði rétt fyrir mér. Lítum á dæmin um erlendar nafngiftir Íslandsskreiðar.

1. Í bókhaldsgögnum danskra kaupmanna: *Platfisk*.⁷⁷
2. Í fyrrgreindu riti Ólafs Olaviusar: „Í þýskum borgum (hét íslenska skreiðin) *Isländerfisch* eða *Flach-Fisch*“.⁷⁸
3. Hudtwalcker nefndi Íslandsskreiðina *Flachfisch*.⁷⁹
4. Í kaupum Hamborgarkaupmanna í Glückstadt á íslenskri skreið 1715–1718 hét fiskurinn *Pflachfisch*.⁸⁰
5. Í verðskrámborgar⁸¹ var íslenska skreiðin ávallt nefnd *Flachfisch*.
6. Í fyrrgreindum bréfaskriftum milli fulltrúa Hamborgar og Prússlands var íslenska kaupstaðarskreiðin ávallt nefnd *Isländischen Fische*.⁸²
7. Í ýmsum skjölum sem Ernst Pitz birti í bók sinni um tollamál Hamborgar, eru nokkur heiti á Íslandsskreiðinni og nefnir hann skreiðina oftast *Flachfisch* eða *Plattfisch*⁸³, og er þá yfirleitt um sömu vöruna að ræða. Þar er m.a. þessa athyglisverðu setningu að finna: „Flatfiskur, feitur stökkfiskur, kviðflattur og þurrkaður eftir að hryggbein hafa verið fjarlægð“.⁸⁴

ingarkostnað. Því miður voru skjöl úr þessari sendingu ekki alltaf nógu vel merkt og bitnar það á nákvæmni í tilvísunum.

- ⁷⁵ Eða sambærileg önnur heiti í þýskri tungu, sbr. aðaltexta.
- ⁷⁶ *Þýsk-íslensk orðabók* 1953, bls. 490.
- ⁷⁷ RA. 140. fol. reg. 10, 11, 12, 13, 14, 15.
- ⁷⁸ JS. 34 fol. Afhandling om de Islandske Fiskerier 1778, bls. 37.
- ⁷⁹ Hudtwalcker / Testorp, „Handschriftlichen Nachlass“.
- ⁸⁰ *Landesarchiv Schleswig-Holstein*, Abt. 133, nr. 112.
- ⁸¹ *Preis-Courant der Wahren*.
- ⁸² Pitz, *Die Zolltariffe der Stadt Hamburg*, bls. 461, grein 327.
- ⁸³ „Flachfisch oder Plattfisch, oder die beste Sorte Stockfisch“ (Pitz, *Die Zolltariffe der Stadt Hamburg*, bls. 388, neðanmálsgrein 208).
- ⁸⁴ Sama heimild, bls. 578: „Flachfisch, fetter Stockfish, vom Bauch zum Rücken aufgeschlützt und nach Entfernung des Rückgrats getrocknet.“ Hér er um vöruskil-

5.10. Íslandsskreið í Prag og Klosterneuburg

Fyrst verður fjallað um þær upplýsingar um Íslandsskreiðina sem lesa má úr þeim skjölum sem fundust um Strachovklausrið í Prag og þessu næst um þær tiltölulega fáu heimildir sem fengust um klausrið í Klosterneuburg.

Fjölmörg nöfn virðast vísa til skreiðar í skjölum Strachovklaustursins í Prag.⁸⁵ Á einu skjali er getið tvenns konar vöru, *gewasserten Stockfisch* og *Platfysch*, báðar vöruheitir eru hvor um sig seldar í sama magni en verðið á *gewasserten Stockfisch* (útvatnaðs stökkfisks) kostaði 36 Habsborgarkrónur en sama magn *Platfysche* 135 krónur.⁸⁶

Rétt er að rekja nokkur dæmi um skreiðarkaup í Strachovklaustri, nöfn skreiðarinnar geta bent til að hér hafi verið um *Flachfisch* (íslenska kaupstaðarskreið) að ræða. Árið 1767 er nefnt vöruheitið *Platweise* en sama magn af þessum fiski kostaði sömu upphæð og *Platfysche* ári seinna.⁸⁷ Allt bendir því til að hér sé um sömu vöruna að ræða. Hér ber að nefna að Pribram getur um tvær tegundir skreiðar í ritun verðsögu Austurríkis, ódýrari og dýrari, og telur að munurinn felist í því að sú fyrri hafi verið útvötnuð. En verð var ávallt miðað við ákveðna þyngd.⁸⁸ Árin 1776 og 1778 finnum við vöruheitin *Flachfisch* og *Pl.fisch*. með svipuðu verði og magneiningum.⁸⁹

Á þriðja áratug 18. aldar var fiskkaupmaður í Prag, Charles Latham að nafni. Við könnumst við hann vegna bréfa sem hann skrifaði konungi Bæ-

greingu frá 18. öld að ræða og er hún sams konar og Ólafur Olavíus og Skúli Magnússon kynntu.

⁸⁵ *SÚA*, öskjur nr. 360–376 (árin 1767–1781).

⁸⁶ Sama heimild, askja 368, árið 1768.


⁸⁷ Sama heimild, askja 367.

⁸⁸ Pribram, *Materialen zur Geschichte der Preise und Löhne in Österreich*. Band I, bls. 220–221. Hann útskýrir mismuninn þó með spurningamerki. „teure Sort, gedörter? (dýrari gerð, þurrkaður?)“, „billige Sort, gewässerter? (ódýrari gerð, útvötnuð?)“. Skv. heimild Strachovklaustursins virðist vera óhætt að fjarlægja spurningamerkin. Eins áður hefur verið sagt var skreið að jafnaði lögð í bleyti fyrir suðu og varð þá eðlilega miklu þyngri. Verðmunur á dýrari og ódýrari gerðinni var í Prag 1:4 (Strachovskjur 367 og 368, árin 1766 og 1768), en í Klosterneuburg við Vín 1:2,8. Sjá Pribram, *Materialen zur Geschichte der Preise und Löhne in Österreich*. Band I, bls. 483–485, 627.

⁸⁹ *SÚA*. Askja 375, árið 1778.

heims, sem einnig var keisari í Vín, og bað um sérstakan rétt (privilegium) til fisksölu í Bæheimi.⁹⁰ Charles Latham, sem var Englendingur að uppruna, kveðst ungur hafa flutt til Hamborgar og stundað þar verslunarstörf. Síðar hafi hann verið sendur til Bæheims sem nokkurs konar verslunarerindreki. Vandamálið var að eiginkona hans og börn voru ekki kaþólsk heldur lútersk og hann þrætir sjálfur ekki fyrir að vera mótmælendatrúar. Hins vegar tekur hann fram í bréfinu að börn hans fengju kaþólska menntun.

Charles Latham segist einkum stunda verslun með fisk sem kæmi norðan frá úr hafinu og þ.á m. sé bæði þorskur og ýmis konar skelfiskur. Það dróst allt til 1729 að svara honum vegna trúarbragðaágreinings en ekki síður vegna andstöðu borgarstjórnar Prag sem sennilega hefur óttast samkeppnina í fiskversluninni.⁹¹ Trúmál hafa sem sagt aðeins verið átylla til að nota gegn Charles Latham, en þau hafa verið áhrifamikið vopn í Bæheimi á



Mynd 5.2. Framblið aðalbyggingar Strachovský kláustursisns í Prag. Myndin er tekin um 1960 þegar klaustrid var notað sem bóksafn og lestrarsalur fyrir heimspekideild háskólans í Prag. Það var afhent kaþólsku kirkjunni eftir 1989. Klaustrid stendur á sömu hæð í borginni og forsetaböllin í Prag.

⁹⁰ SÚA. Com 1724, H 6 v. 272.

⁹¹ SÚA. Com 1716–1730, E 3, 1729.

Þriðja áratug 18. aldar. Hið keisaralega svarbréf veitti Latham rétt til fiskverslunar í Bæheimi án þess að getið væri hvers konar fisk hann mætti selja. Það athyglisverðasta við mál þetta er raunar sú staðreynd að fiskisalar í Hamborg höfðu á þessum tíma sérstakan erindreka í Prag.

Á minnisblaði frá árinu 1724 eru tilgreindar nokkrar fisktegundir sem þá voru seldar í Prag. Þar var m.a. minnst á síld, *Pflachfisch* og *Rotscheer*.⁹² Minnisblaðið fylgdi bréfi borgarstjórans í Prag frá sama ári en þar eru taldar upp ýmsar innfluttar vörur sem voru þá í geymslum í borginni, þ. á m. *Rotscheer*, *Stockfisch*, *Rundfisch* og *Platfisch*.⁹³

Í innkaupaskrá klaustursins í Klosterneuburg frá árinu 1688 kemur orðið *Flachfische* fyrir níu sinnum.⁹⁴ Verðið á einu pundi var 10,5 krónur, á 100 pundum 17 Habsborgargyllini (*gulden*) og 30 krónur.⁹⁵ Enginn magnafsláttur var veittur í þessu tilfalli! Þetta er svipað verð og var á „Stockfisch teure Sort“ í bók Alfreds Pribrams.⁹⁶ Alls voru keypt þá í Klosterneuburg 1075 austurrísk pund af fiskmeti þessu eða 604 kg fyrir alls 188 gyllini og 8 krónur.⁹⁷ Nam þetta í verðmæti 20% af öllum innkaupunum í skránni.⁹⁸

Í eldhúsreikningum klaustursins fundust nokkrar skýrslur um fiskikaup munkanna tiltekin ár: 1674 og 1676 er getið kaupa á *Stockfisch*, (magns er getið en því miður ekki verðs).⁹⁹ Þar, svo og í fiskikaupaskrá frá árinu 1661, er getið fisktegundarinnar *Bladweise/Bladveisse*. Samkvæmt orðabók merkir *Platteise* skarkoli.¹⁰⁰ En það er engan veginn víst að merkingin hafi verið sú sama á 17. og 20. öld. Ólíklegt verður að teljast að

92 SÚA. Ć G Com 1716–1730. H 8 1724 1–2.

93 SÚA. Ć G–Com 1716–1730. H 18 1724. Tabelle der Niederlage (Birgðatafla).

94 Hér er um að ræða eitt þeirra skjala sem skjalavörður klaustursins sendi mér nokkrum tíma eftir heimsókn mína í klaustrið. Það er illa merkt, þó má lesa heiti skjalsins að hluta: Klosterneuburg. K 601. Nr. 18.

95 60 krónur voru í einu gyllini. (17 x 60) + 30 = 1050.

96 Pribram, *Materialen zur Geschichte der Preise und Löhne in Österreich*. Band I, bls. 220–221.

97 Austurríska pundið var 0,562 kg á 17. og 18. öld (Pribram, *Materialen zur Geschichte der Preise und Löhne in Österreich*. Band I, bls 124–126). Pribram reiknaði út silfurverð allra vara sem gerir alþjóðlegan samanburð tiltölulega auðveldan. Þessi aðferð gerir verðútreikningana í töflu 1.1 fyrir Klosterneuburg og Prag mögulega en þar er allt verð reiknað í dönskum kúrantskildingum.

98 *Stift Klosterneuburg Archiv*. Klosterneuburg. K 601. Nr.18.

99 *Stift Klosterneuburg Archiv*. Küch Ambts Raittüng, Klosterneuburg.

100 *Þýsk-íslensk orðabók*, bls. 490.

skarkoli hafi verið fluttur í stórum stíl suður til Vínar á fyrri öldum. Í þessu samhengi er rétt að minna á orðið *Platweise* um *Flachfisch* í Prag árið 1767. Kenning mín er sú að eftir því sem sunnar dró umbreyttist danska orðið *Platfisk* æ meira. Þessi orðabreyting virðist mér vera sennileg: *Platfisk* > *Plattfisch* > *Platfysche* > *Platweise* > *Bladweise*. Sé þessi tilgáta rétt er síðastnefnda fisktegundin sem munkarnir átu ekki skarkoli heldur Íslandsskreið. *Stockfisch* eldhúsreikninganna í Klosterneuburg hefur þá verið útvötnuð skreið af þeirri gerð sem Pribram hefur skýrt frá og getið er einnig um í skjölum Strachovklaustursins.

Í skjali Klosterneuburgklaustursins frá 1678 er getið um kaup á þessum fiski frá Leipzig:¹⁰¹

1. 100 pund¹⁰² *Stockfisch*.
2. 1 tunna af síld.
3. 60 stykki¹⁰³ af *Platvissel*.
4. Labardan¹⁰⁴ í tunnum.
5. Lax í tunnum.

Allt er þetta sjávarfiskur nema laxinn. Hæpið er að Leipzigkaupmaðurinn hafi verið upphaflegur dreifingaraðili sjávarfisksins. Leipzig var hins vegar stutt frá Saxelfi og verslunartengsl voru allnáin milli þeirrar borgar og Hamborgar. Eins og áður hefur verið getið um var talsvert um það að Strachovklaustrið í Prag keypti *Flachfisch* á árunum 1768–1776. Þar sem aðeins brot af skjölum klaustursins var skoðað leikur á því lítill vafi að svipuð kaup á fiski hafi gerst á klaustrinu á öðrum tímum.

Ljóst er að Íslandsskreiðin var flutt víða til sölu og neyslu í Evrópu og var dýr vara. Frásögn senatorsins í Hamborg, Jóhanns Michaels Hudtwalckers, af því að munkar í Mið-Evrópu hafi haft á henni dálæti og keypt hana, virðist standast frekari skoðun.

¹⁰¹ *Stift Klosterneuburg Archiv*. Stiftsarchiv KLCB. Kart. Briefe Propst Adam Schannen. (nr. 149) zu Langenzersdorf. Bericht des Pfarrers v Jodok Schmidt, eines Chorherrn des Stiftes Klosterneuburg, 16. Februar 1678.

¹⁰² Eitt Centern.

¹⁰³ 60 stykki = 1 Schock.

¹⁰⁴ Almennt orð um tunnusaltaðan þorsk.

6. Verð Íslandsskreiðar í Hamborg

6.1. Verðlagsskrárnar í Hamborg

*Preis-Courant, der Wahren in Partheijen*¹, er prentað rit sem aðeins hefur varðveist í einu eintaki eftir því sem best er vitað og er það geymt á verslunarbókasafni Hamborgar.² Þetta er einstök heimild um þróun verðlags og er samfelld frá og með árinu 1736.³ Þar er tvímælalaust getið um eina íslenska vöru, *Flachfisch*, sem var þýskt nafn á íslensku kaupstaðarskreiðinni. Verðupplýsingar um *Flachfisch* samkvæmt þessum verðlagsskrám 1736–1800 eru kynntar í þessum kafla.

Íslenskan fisk var stundum bannað að flytja út frá Danmörku, augsýnilega vegna matvælaskorts sakir styrjalda Dana árin 1678, 1700, 1709 og 1711.⁴ Árið 1716 var gefin út konungleg tilskipun um að leyft væri að flytja út Íslandsskreið þegar búið væri að láta danska flotann fá þann fisk sem hann þurfti á að halda.⁵ Ljóst er að hér var um undantekningar að ræða, og ef trúa má orðum Skúla Magnússonar 1785 var Íslandsskreiðin flutt til sama markaðssvæðis allt frá 16. öld.⁶ Hér verður einnig til samanburðar athugað verðlagið á þeim norska fiski sem fluttur var til Hamborgar, *Rotscheer* (ráskerðingur) og *Klipfisch* (þurrsaltaður fiskur).

Áður en við fjöllum um það á hvaða kjörum Hamborgarkaupmenn seldu Íslandsskreiðina 1736–1800 skulum við fyrst fjalla stuttlega um kaupverð Hamborgarmanna á íslensku skreiðinni. Verslunarfélögin í Hamborg greiddu á árunum 1743–1758 milli 13 rd. 38 sk. til 15 rd. 48 sk. kúrant fyrir danska skippundið á stórum (*grov*) *Platfisk* og hækkaði verðið eftir því sem leið á tímann.⁷ Þegar verslunarsamsteypa tveggja kaupmanna í Kaupmannahöfn og eins kaupmanns í Altona, tók við milli-

¹ Nafn ritsins mætti þýða á íslensku *Verðlagstíðindi um vörur í tilteknum magneiningum*. (in *Partheijen* = í „pörtum“).

² *Kommerzbibliothek Hamburg*.

³ Um ýmis skipulagsatriði varðandi heimild þessa, sjá Baasch, *Geschichte des Hamburgischen Waren-Preiscourant*.

⁴ *Lovsamling for Island I*, bls. 368–369, 552–553, 668, 677.

⁵ Sama heimild, bls. 703.

⁶ Skúli Magnússon, *Beskrivelse af Gullbringu og Kjósar Sýslur*, bls. 66.

⁷ Sjá viðauka um mælieiningar í þessum kafla.

liðahlutverki Hamborgarkaupmanna 1758, hækkaði kaupverðið í 16 rd. 60 sk. fyrir dansk-íslenska skipundið.⁸

6.2. Verðsveiflur á Íslandsskreið

Verðlagið á Íslandsskreiðinni var tiltölulega stöðugt í Kaupmannahöfn 1758–1770. Hins vegar voru nokkrar sveiflur á skreiðinni í Hamborg enda voru Íslandskaupmenn í samningum sínum við Hamborgarmenn stöðugt að reyna að hækka söluverðið til þeirra. Sést þessi verðhækkun fram til 1760 greinilega í myndriti 6.1 og töflu í viðauka. Þegar Almenna verslunarfélagið tók við Íslandsversluninni 1764 gerði það langtímasamning við Hamborgarkaupmenn um verðið og taldi Hans Christian Bech, forstjóri Íslandsverslunarinnar 1774–1781, lélega afkomu Almenna verslunarfélagsins hafa meðal annars stafað af föstu verðlagi á skreiðinni.⁹ Virðist þetta einnig hafa verið skoðun ráðamanna í Kaupmannahöfn, sbr. ákvæði í reglugerðinni fyrir konunglega verslunarfélagið 1774.

En hér hafa bæði Bech og valdhafar í Kaupmannahöfn augsýnilega farið villur vega. Stöðuga verðlagið á sjöunda áratugnum sést greinilega í myndriti 6.1. Sama verð var á Íslandsskreiðinni í Hamborg 1760–1768 eða 21 mörk *banco* (7 rd. *banco*) fyrir 100 pund af skreiðinni ár hvert. Ljóst er að fyrirrennari Almenna verslunarfélagsins, kaupmaðurinn mikli Niels Ryberg, sem var forstjóri íslensku konungsverslunarinnar árin 1760–1763, hefur haft frumkvæði að því að koma þessu fasta verðlagi á enda var þetta verð, 7 ríkisdalir *banco*, hærra en áður þekktist. Eftir 1768 lækkaði skreiðin í verði og seldist fyrir aðeins 6 rd. *banco* 1773–1775.

En 1776 varð mikil verðhækkun á skreiðinni og var hún í háu verði allt tímabilið 1776–1783, eins og raunar allt fiskmeti í Evrópu á þessum tíma.¹⁰ Þessi verðhækkun á fiski stafaði af því að fiskur frá Norður-Ameríku hætti að berast á Evrópumarkaði vegna ófriðarins í Norður-Ameríku á þeim tíma.

⁸ RA. fol. reg. 140, nr. 10, 11 og 12; Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, neðanmálgrein 12, bls. 62.

⁹ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, bls. 181.


¹⁰ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, mynd 3.2, bls. 59, mynd 3.5, bls. 66 og bls. 184–195.

¹¹ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið*, tafla 7.3, bls. 154–155.

VERÐ ÍSLANDSSKREIÐAR Í HAMBORG

Myndrit 6.1. Verð á Íslandsskreið í Hamborg 1736–1800

Meðalverð á 100 kg í Hamborgarríkisdöllum banco og dönskum kúrantdöllum



Heimild: Tafla í viðauka.

Eins og búast má við var mikið verðfall á fiskmeti eftir 1783, jafnt í Hamborg sem annars staðar, og var verðið fremur lágt uns nýr ófriður, styrjaldir í Evrópu eftir frönsku stjórnarbyltinguna 1789, hækkaði verðlag á matvöru, þótt ekki hefði hækkunin verið eins mikil og gerðist í frelsisstríðinu 1776–1783.

Af myndriti 6.1 og töflu í viðauka má ráða að gengi danska kúrantríkisdalsins sveiflaðist talsvert gagnvart silfurdal Hamborgar. Einnig má sjá þetta í myndriti 6.1. Almennt var kúrantgengið danska gagnvart silfurgenginu í Hamborg fremur lágt fram til 1756, einn Hamborgarríkisdalur banco var þá í 16,5–20,3% hærri í verði en danski kúrantdalurinn, meðalverðmunurinn var 17,9%. En 1757–1759 féll silfurdalurinn í Hamborg mjög í verði og var hann að meðaltali aðeins 9,4% hærri en kúrantdalurinn danski. Þetta jafngilti tapi fyrir dönsku kaupmennina þar sem þeir hlutu að meta greiðslur sínar í öruggum gjaldmiðli. En skýringin gæti einnig verið hardræðið á Íslandi á sjötta áratug 18. aldar en þá var lítið flutt út af skreið, þótt Hamborgar kaupmenn héldu hlut sínum í minnkunum útflutningi eins og sjá má í töflu 5.1. Árlegt verðmæti útflutnings Íslandsskreiðar til Hamborgar nam að meðaltali um 45.000 dönskum

kúrantdölum ár hvert 1744–1753, en um 30.000 dönskum kúrantdölum 1754–1759 þótt Hamborgarmenn væru allt tímabilið að hækka greiðslurnar fyrir hvert skippund Íslandsskreiðar.¹¹

6. 3. Verðsamanburður á íslenskri og norskri skreið

Þrjár tegundir af norskum fiski voru fluttar til Hamborgar og allar voru þær að jafnaði á talsvert lægra verði en sá íslenski *Flachfisch*. Hér er um að ræða *Rotscheer* (ráskerðingur), *Klipfisch* (þurrsaltaður fiskur) og *Rundfisch* („rúnnfiskur“). Í töflu 6.1 er aðeins getið um fyrstu tvær tegundirnar, því að *Rundfisch* var mjög sjaldan fluttur til Hamborgar og því er ekki hægt að nýta verðlag hans til samanburðar. Hér dugar að segja frá því að verðlagið á *Rundfisch* og *Rotscheer* var yfirleitt mjög svipað í Hamborg. En lítum nú aðeins betur á töflu 6.1.

Taflan sýnir fimm ára meðaltöl á á norskum ráskerðingi og íslenski kaupstaðarskreið frá 1736 til 1800. Þar kemur fram að norskri ráskerðingurinn var miklu ódýrari en íslenski flatfiskurinn, en sótti smám saman í sig veðrið þegar leið á 18. öldina. Hér ber að hafa í huga að ráskerðingur skiptist í fjölmarga gæða- og verðflokka og því getur þessi hækkun á verði ráskerðings stafað af því að meira var flutt til Hamborgar af þessum fiski í háum gæðaflokki þegar fram liðu stundir.

Ef við skiptum verðþróun ráskerðings og flatfisks í þrjú tímabil til að sjá verðmuninn í Hamborg er útkoman þessi: 1736–1760 kostaði ráskerðingur 37% af verði Íslandsskreiðar. Á tímabilinu 1761–1780 var verðhlutfallið 43% og 1781–1800 var það 54%. Allt tímabilið 1736–1800 kostaði norskri ráskerðingurinn 44% af verði Íslandsskreiðar á mörkuðum Hamborgar.

Þetta er lægra hlutfall en þekktist í Kaupmannahöfn. Í vöruhúsum Íslandska og Finnmerkur-verslunarfélagsins þar í borg var söluverð á norskum ráskerðingi 1747–1749 að jafnaði 7 kúrantdalir skippundið meðan söluverð íslensku skreiðarinnar þaðan var að jafnaði 11 dalir.¹² Þetta er minni verðmunur en þá þekktist í Hamborg, ráskerðingur var 36% lægri en Íslandsskreiðin í Kaupmannahöfn en 63% lægri í Hamborg, en þá ber þess að geta að besta íslenska skreiðin var flutt til Hamborgar en sú versta var flutt til Kaupmannahafnar.

¹² RA. fol. reg. 140.1.

VERÐ ÍSLANDSSKREIÐAR Í HAMBORG

Tafla 6.1. Samanburður á verði Íslandsskreiðar og norskra fiskafurða á mörkuðum Hamborgar 1736–1800

100 kg í ríkisdöllum banco

| | Skreið | Ríkisdalir | | | Vísitala (Flachfish=100) | | |
|-----------|--------------------|--------------|---------------------|-----|--------------------------|--------------|---------------------|
| | | Ráskerðingur | Þurrsaltaður fiskur | | Skreið | Ráskerðingur | Þurrsaltaður fiskur |
| 1736-1740 | 11,08 | 4,2 | | 100 | 38 | | |
| 1741-1745 | 10,55 | 4,5 | | 100 | 43 | | |
| 1746-1750 | 13,06 | 4,8 | | 100 | 37 | | |
| 1751-1755 | 13,66 ¹ | 4,6 | | 100 | 34 | | |
| 1756-1760 | 14,59 ² | 4,9 | | 100 | 34 | | |
| 1761-1765 | 14,46 | 5,7 | 7,4 ³ | 100 | 39 | 51 | |
| 1766-1770 | 14,25 | 6,1 | 7,6 | 100 | 43 | 53 | |
| 1771-1775 | 12,67 ² | 6,6 | 7,9 | 100 | 52 | 62 | |
| 1776-1780 | 16,88 ² | 6,2 | 8,6 ² | 100 | 37 | 51 | |
| 1781-1785 | 17,18 | 8,5 | 10,0 | 100 | 49 | 58 | |
| 1786-1790 | 12,15 | 5,9 | 7,5 | 100 | 49 | 62 | |
| 1791-1795 | 14,95 | 7,5 | 12,3 | 100 | 50 | 82 | |
| 1796-1800 | 14,02 ² | 9,2 | 15,7 ² | 100 | 66 | 112 | |

Skýringar:

- ¹ Verðið á skreið, *flachfish*, var ávallt gefið upp í ríkisdöllum *banco* og eru upplýsingar í töflu í viðauka nýttar til útreikninga fimm ára meðaltala í töflu 6.1. Verðið á ráskerðungi, *rotscheer*, er meðaltal margvíslegs verðs á fimm ára tímabilinu. Það verð var ávallt sýnt í kúrantríkisdöllum Hamborgar. Hlutfallið milli kúrantdala og silfur-dala í Hamborg var ávallt sýnt í *Preis-Courant* og reiknaði ég út meðaltalið á hlutfallinu á hverju ári samkvæmt þessari heimild. McCusker, *Money and Exchange in Europe and America 1600–1775*, hefur reiknað út þessi meðaltöl (tafla 2.12, bls. 65–79) fyrir tímabilið 1687–1775 en ekki tímabilið 1776–1800.
- ² Aðeins fjögurra ára meðaltöl þar sem vantar upplýsingar um eitt ár, sbr. töflu í viðauka.
- ³ Verð á þurrsöltuðum fiski, *klipfisch*, sést fyrst í *Preis-Courant* 1763 og því er hér aðeins um þriggja ára meðaltal (1763–65) að ræða.

Heimild: *Kommerzbibliothek Hamburg. Preis-Courant der Wahren.*

Athyglisvert er að árið 1763 var farið að flytja saltfisk til Hamborgar í nógu miklu magni til að hans væri getið í verðskrá borgarinnar. Verð á saltfiski var hið sama og á kaupstaðarskreiðinni í íslensku verðskránni 1776,¹³ en á sama tíma er verð saltfisksins talsvert lægra í Hamborg. Það

¹³ *Lovsamling for Island IV*, bls. 325–326. Samt er í þessum verslunartaxta lögð áhersla á að framleiðsla skreiðar hafi forgang umfram verkun saltfisks og er því bannað að verka saltfisk á þeim tíma ársins sem var góður til skreiðarverkunar.

FISKURINN SEM MUNKUNUM ÞÓTTI BESTUR

hefur tekið tíma að skapa markað fyrir saltfiskinn og sá markaður hefur varla orðið til á þeim slóðum, þar sem fólk var vant að borða skreiðina, fyrr en eftir að fólk fór að venjast saltinu í fiskmetinu. Það virðist hafa gerst við lok 18. aldar hjá viðskiptavinum Hamborgarmanna. En þótt saltfiskur hafi komist í það að vera um 12% hærri í verði en Íslandsskreiðin árin 1796–1800, breyttist hlutfallið á nýjan leik 1800–1807.

Ekki er hægt að fara lengra fram í árum í samanburði þar sem heimildir um fiskverð í Hamborg verða æ sjaldgæfari og því ómarktækari þegar kom fram á 19. öldina og á þetta ekki síst við um íslensku skreiðina. En þess má samt geta að samkvæmt tiltækum heimildum var verðfall bæði á Íslandsskreið og saltfiski snemma á 19. öld, þó meira á saltfiski. Meðalverð á *Flachfisch* 1801–1807 var 9,54 rd. *banco* hver 100 kg, en sama magn af *Klipfisch* var þá að meðaltali 7,41 rd. *banco* eða 78% af verði skreiðarinnar. En aftur skal ítrekaður fyrirvari á verðskráningu á styrjaldarárunum eftir 1790 og þó einkum eftir 1800.

7. Samantekt

Bókin fjallar um ákveðna þverstæðu: Vara sem var mjög ódýr á Íslandi þar sem hún var framleidd að öllu leyti varð munaðarvara sem seld var fyrir hátt verð á erlendum mörkuðum. Íslenska kaupstaðarskreiðin, sem á dönsku kallaðist *Platfisk*, á þýsku meðal annars *Flachfisch* og *Pflachfisch*, var úrvalið úr íslensku skreiðinni. Áætlað hefur verið að um 40% alls þess fisks, sem Íslendingar drógu úr sjó á 18. öld hafi orðið útflutningsvara, einkum stór („grov“) kaupstaðarskreið (*Platfisk*).

Íslendingar fengu greitt um 25% af því verði sem danskir Íslandskaupmenn fengu fyrir Íslandsskreiðina þegar þeir seldu Hamborgarmönnum hana á 18. öld. Þetta var á ýmsan hátt mjög skiljanlegt. Talsverður kostnaður var við einokunarverslunina og kaupmenn reyndu að standa undir honum sem allra mest með hagnaði af sölu skreiðarinnar. Þar sem vöruskiptaverslun var á Íslandi á þessum tíma hafði þetta einnig það í för með sér að lága verðið á kaupstaðarskreiðinni greiddi óbeint niður kostnað af öllum innflutningi.

Einnig hélt þetta lága verð kjörum sjómanna niðri þannig að almúganum fannst betra að húka á kotum í sveitunum en að stunda sjóinn hættulega. Því má segja að þetta lága fiskverð hafi á vissan hátt unnið gegn markmiði sínu að skapa kaupmönnum hagnað; þetta minnkaði mjög það magn af íslenskri kaupstaðarskreið sem hægt var að flytja út.

En danskir Íslandskaupmenn fengu samt aðeins lítinn hluta af því verðmæti sem fékkst við sölu Íslandsskreiðarinnar til neytendanna sem aðallega voru kaþólikkar í Mið-Evrópu. Verðið sem danskir Íslandskaupmenn fengu fyrir Íslandsskreiðina frá Hamborgarmönnum nam um 31% af endanlegu söluverði vörunnar til neytenda. Hér skiptir auðvitað máli að kostnaður við að koma vörunni á markað var mikill, flutningskostnaður var hærri í þá daga en síðar varð og síðast en ekki síst voru víða lagðir tollar á vöruna. Snemma á 19. öld voru þannig 35 tollstöðvar á leiðinni frá Hamborg til Prag.

Þeir voru því margir sem á Íslandsskreiðinni græddu áður en hún var seld neytendum; danskir Íslandskaupmenn, kaupmenn í Hamborg og tollayfirvöld bæði í þeirri borg og fjölmörgum furstadæmum Þýskalands. Einnig fengu skipaeigendur sinn skerf. Því fengu þeir sem framleiddu vöruna, drógu fiskinn úr sjó og bjuggu til úr honum munaðarvöru, sjó-

menn og útgerðarbændur við Íslandsstrendur, í sinn hlut aðeins um 8% af því söluverði sem endanlega fékkst fyrir vöruna.

Ekki aðeins danskir Íslandskaupmenn heldur einnig kaupmenn í Hamborg fengu oft rækilega að kenna á litlu framboði á Íslandsskreið og það virðist yfirleitt ekki hafa svarað eftirspurninni. En verslun á þessum tíma var öll bundin á klafa einokunar, fastmótaðs verðlags hér á landi og einnig í stórum stíl erlendis, verslunargjalda til fursta og alls konar tolla. Þótt sveigjanleiki ykist einhvers staðar á ferlinum frá framleiðanda til neytanda hafði það ekki mikið að segja fyrir heildarútkomuna.

Kjör sjómanna voru mjög léleg. Flestir voru þeir vinnumenn í vistarbandi bænda og fengu lítið meira en fæði og skæði fyrir vinnuna við að draga fisk úr sjónum og vinna að fisknum. Húsakynni í verstöðvunum voru með því lélegasta sem þekktist á Íslandi á þeim tíma, og voru þó húsin í landinu þá almennt bæði köld og lek. Líkurnar á því að drukkna á hafinu við að draga upp þann gula voru mjög miklar og er þá ekki miðað við nútímann heldur það sem þekktist þá í öðrum löndum. Þannig drukkuðu að meðaltali ár hvert á fjórða áratug 19. aldar um fimm sinnum fleiri sjómenn á Íslandi en í Danmörku á sama tíma. 2% þeirra karla, sem stunduðu sjóinn nær allt árið, máttu reikna með að láta lífið í vinnu sinni á ári hverju.

Lengi vel miðaðist sjávarútvegur Íslendinga við það að hann truflaði á engan hátt aðalatvinnuveg landsmanna, landbúnaðinn. Mest var því veitt af þorski sunnanlands og vestan um vetrartímann þegar þar var mikil þorskgengd og ekki var mikil þörf á vinnuafli í landbúnaði. Vetrarvertíðin tengdist líka því að ekki var hægt að vindþurrka fisk í sumarhitum því að þá skemmdist fiskurinn vegna flugnamergðar. Raunar fóru fiskveiðar ekki að verða mjög mikilvægur atvinnuvegur um land allt fyrr en saltfiskframleiðsla fór að leysa skreiðarverkunina af hólmi. Þá fóru að myndast sjávarpláss þar sem eingöngu var stundaður sjávarútvegur og fólk var ekki bundið landbúnaði. En sú breyting varð á 19. öldinni og er því ekki verk efni þessarar bókar.

Hamborgarmenn höfðu ráðið Íslandsversluninni að mestu leyti 1580–1602 en þá voru þeir reknir héðan og danskir kaupmenn komu í þeirra stað á almennum verslunarstöðum. Þetta er venjulega nefnt upphaf einokunarverslunar „Dana á Íslandi“. En þeim tókst eigi að síður að fá til sín Íslandsskreiðina áfram enda réðu þeir yfir bestu mörkuðum hennar. Þetta gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig og Kristján IV, konungur Danmerkur

og Noregs 1588–1648, reyndi að hindra þessa verslun með Íslandsfisk í áratugi. Hann gekk jafnvel svo langt að stofna sérstaka borg í þeim hluta Holtsetalands sem hann réði yfir, borgina Glückstadt við mynni Saxelfar, og átti hún að taka við hlutverki Hamborgar. En kaupmennirnir í Glückstadt höfðu engin tæk á því að ná undir sig viðskiptatengslum Hamborgarmanna og danskir Íslandskaupmenn gripu því til þess ráðs að nýta Glückstadt sem tengilið við Hamborg þar sem þeir seldu Hamborgarmönnum Íslandsskreiðina. Gerðist það hljóðlega árin 1627–1639 enda gekk þetta fyrirkomulag gegn metnaði Danakonungs.

Forsendan fyrir vexti og góðri stöðu Hamborgar voru fljótaleiðir Þýskalands, einkum leiðir um Saxelfi, en borgin stóð í árósum hennar innan við stórt mynnið, sem líkist helst firði. Saxelfur var skipgeng, að vísu stundum með hjálp dráttarkarla þegar farið var upp fljótið, og var leiðin frá Hamborg til Prag um Saxelfi og Moldá í Bæheimi 1050 km. Saxelfur hafði góðar hliðarár sem t.d. tengdu fljótið við Berlín, en auk þess var skammt í önnur fljótakerfi í Þýskalandi, Póllandi og í Mið-Evrópu. Hér ber fyrst að nefna ána Oder sem aftur tengdist fljótakerfi Póllands þar sem áin Wista skipti mestu máli. Bæði frá Oder og Moldá var ekki löng landleið að Dóná og hliðarám hennar. Fyrst voru farnar landleiðir milli þessara fljóta en á 17. og 18. öld komu góðir skipaskurðir, sem leystu þær af hólmi nema leiðirnar til Dóná.

Hamborg réð með tímanum öllum siglingum við norðanverða Saxelfi og hliðarám hennar. Var hún orðin öflugasta verslunarborg Norður-Evrópu á 18. öld og var fjölmenn miðað við aðrar borgir Evrópu á þessum tíma.

En Hamborg hefði tæplega blómstrað ef borgin hefði ekki verið sjálfstæð og laus við kúgun ágjarnra fursta, sem höfðu lengi það eina markmið í fjármálastjórn að fá sem mest fé út úr þegnum sínum, m.a. til að geta sinnt því sem þeir töldu vera aðalverkefni sitt, styrjöldum. En styrjaldir og verslun fóru illa saman. Hamborg hafði lag á því að etja furstum saman hverjum gegn öðrum. Í slíkum bandalögum, sem stundum gátu kostað borgina nokkurt fé, fólst raunar mikil trygging því að enginn fursti sem vildi teljast dugmikill herra gat hafnað möguleikunum á góðu stríði eða freistandi stríðshótunum. Segja má að sjálfstæðar evrópskar borgir hafi með tilvist sinni verið nánast boðberar nútímans; kóngarnir voru fulltrúar stjórnarfarshugmynda gamla tímans, sem höfðu lítið breyst allt frá miðöldum og fornöld.

Hamborg var upphaflega í greifa- og síðar hertogadæminu Holtsetalandi en fékk sjálfstjórnarrétt sinn í áföngum, 1292, 1480 og 1510 en það ár samþykkti keisari Þýskalands að Hamborg yrði sjálfstæð þýsk ríkisborg. Hertoginn af Holtsetalandi, sem jafnframt var Danakonungur, var mjög mótfallinn þessari ákvörðun keisarans og segja má að þá hafi hafist rúmlega 260 ára deilur milli borgarinnar og Danakonungs um stöðu borgarinnar. Af öllum Danakonungum var Kristján IV mesti ákafamaðurinn að kúga Hamborg til undirgefni við sig, sbr. Glückstadtsdæmið sem áður var nefnt.

Kristján IV stóð í samfelldum deilum og jafnvel ófriði við Hamborg í öllu Þrjátíu ára stríðinu (1618–1648). Þetta var þáttur í ýmsum Þýskalandssævintýrum konungsins sem öll misheppnuðust og framhald þeirra næstum því útrýmdi ríki hans eftir að hann var allur. Eigi að síður hófu Danakonungar aftur að áreita Hamborg á margbreytilegan hátt og heimta af borginni undirgefni og þó einkum skatt. Allt mistókst þetta í megindrátum, venjulega vegna afskipta annarra fursta og Danakonungar sköðuðu aldrei borgina að ráði. Með hjálp Katrínar miklu, keisaraynju Rússlands, tókst Hamborgarmönnum loksins að fá sjálfstæði sitt tryggt árið 1773.

Hamborg byggði skipulag sitt að miklu leyti á gildum, aðallega kaupmannsgildum. Í samhengi Íslandssögunnar er eitt gildi mikilvægast, en það var gildi Skánarfara, *Schonenfahrer-Gesellschaft*. Þeir voru upphaflega síldar kaupmenn en fúlsuðu ekki við öðrum fiski, allra síst skreið. Skánarfarar hafa sennilega þegar á 16. öld verið búnir að skapa sérstæða kaþólska markaðinn fyrir Íslandsskreiðina. En sá markaður hefur styrkst eftir að reglubundin viðskipti þeirra við Íslandskaupmenn hófust á 4. áratug 17. aldar.

